## Með ástríðu fyrir sjálfbærni

Bragi Jónsson og Erla Hendriksdóttir framleiða skó með áhrifavöldum. ➤ 26



## Ekki of gamlir

Samstarf Daníels Ágústs og Magnúsar Jónssonar hófst fyrir 26 árum. Þeir gefa nú út smáskífuna Miracle undir nafninu Dynomatic. ➤ 32



Haltu jafnvægi í rekstri

Bókhald í áskrift með Business Central

wise

FRÉTTABLAÐIÐ

194. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 2. OKTÓBER 2021

# Ég mun alltaf sakna hans

Fyrir tveimur árum varð Eva Dís Þórðardóttir skyndilega ekkja, aðeins 34 ára gömul, með tvo syni. Eva ákvað fljótt að láta sára reynsluna efla sig og synina og þó að hún hefði auðvitað viljað vera laus við hana, segist hún hafa orðið betri manneskja. ➤ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



FÁÐU EITTHVAÐ FYRIR EKKERT

Gefðu gömlum snjalltækjum nýtt líf

ELKO

Nánar á elko.is


Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir gott hljóð í þingflokki VG.

## Annasamt hjá stjórnarflokkum

ingunnlara@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Það er fínt hljóðið í þingflokki Vinstri grænna en nóg af verkefnum, að sögn Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra eftir fund þingflokksins í gær. „Katrín gerði þingflokknum grein fyrir stöðu viðræðna og við skiptumst á skoðunum. Þetta er bara alveg á fyrstu stigum,“ segir Svandís.

Aðspurð um umhverfismálin sem hafa verið erfið í stjórnarsamstarfinu, einkum hálendisþjóðgarðsmálið, segir Svandís ekkert liggja fyrir þar að lútandi. „Það er ekki búið að botna það en það er eitt af þeim verkefnum sem liggur fyrir að þurfi að komast til botns í, í þessum stjórnarmyndunarviðræðum,“ segir hún.

Heimildir blaðsins herma að Sjálfstæðisflokkurinn leggi áherslu á að fá heilbrigðismálin til sín. „Það eru öll spil á borðinu, ótímabært að ræða þessa hluti,“ segir heilbrigðisráðherra innt eftir því hvað Vinstri græn myndu vilja fá í staðinn. ■

## Þingflokkar ræða stjórnarmyndun


Formenn stjórnarflokkanna gerðu þingflokkum sínum grein fyrir stöðu viðræðna þeirra í gær. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru þöglir sem gröfin eftir fund sinn í gær en heimildir herma að jákvæðni fyrir viðræðunum ríki í meirihlutanum. Forsætisráðherra hefur einnig gert forsetanum grein fyrir stöðu viðræðnanna. Fundum verður framhaldið eftir helgi en formennirnir vinna hver í sínu lagi yfir helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Of snemmt að spá fyrir um hvort að gosið í Geldingadal sé að hefjast á ný

kristinnpall@frettabladid.is

**NÁTTÚRUVÁ** „Það er farin af stað ákveðin hrina, ekki jafn kröftug og í byrjun þessa árs en breytingin er sú að við erum að sjá skjálftavirkni sem mælist yfir þrjá í fyrsta sinn frá því að gosið hófst. Það verður að koma í ljós hvað þetta þýðir en það er áhugavert að þetta sé að eiga sér stað á sama tíma og eldgosið hefur legið niðri að undanförnu.“ Þetta segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við HÍ, aðspurður um jarðskjálftahrinuna sem staðið hefur undanfarna daga. Magnús Tumi segir erfitt að segja hvort þetta boði að gosið sé að hefjast að nýju.

„Það er ekki hægt að útiloka að þetta boði að gosið hefjist á ný en


Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur

um leið getur þetta verið spenna sem hefur safnast í svolítinn tíma. Það er of snemmt að segja til um hvort þetta þýði að það fari að gjósa á ný,“ segir Magnús sem telur um leið vera erfitt að spá til um hvort fleiri skjálftar verði um helgina.

„Þessi jarðskjálftahrina er ekki orðin stór en hefur haldist stöðug í nokkra daga. Það er ekki hægt að segja ennþá hvort að það sé von á mörgum skjálftum á næstunni.“ ■




# Landspítalinn hafnar 68 milljóna króna söfnunarfé

Jóhannes V. Reynisson í Bláa naglanum segir það áfall að Landspítalinn sé hættur við að þiggja 68 milljóna króna söfnunarfé til kaupa á ómtæki til brjóstakrabbameinsleitar.

gar@frettabladid.is


ABUS-ómskoðunartækið frá General Electric sem Blái naglinn vildi gefa Landspítalanum en hætt var við að þiggja. MYND/AÐSEND

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er meiriháttar skandall fyrir háskólasjúkrahúsið á Íslandi og sorglegt fyrir konur á Íslandi,“ segir Jóhannes V. Reynisson í Bláa naglanum, um þá ákvörðun Landspítalans að hætta við að þiggja 68 milljónir króna til kaupa á ómtækjum til krabbameinsleitar frá samtökunum.

Að sögn Jóhannesar má rekja upphaf söfnunarinnar fyrir nýju tækjunum til þess að hann fór að velta fyrir sér hví röntgentækni sem hér er beitt við krabbameinsleit væri ekki skilvirkari. „Hvað er það sem menn sjá ekki, hver er blindi punkturinn?“ segist hann hafa spurt sig.

Jóhannes segir athuganir sínar hafi leitt hann að nýju tæki sem General Electric hafi kynnt árið 2018. Hann hafi kynnt sér málið og tæknina í þaula og átt símafundi með læknum. Náðst hafi að safna 68 milljónum króna. Eitt tæki kosti 23 milljónir. Tæknin skili 30 prósent betri árangri við leit að krabbameini í brjóstum en röntgentæknin.

Ákvörðun Landspítalans er útskýrð í tölvupósti til Jóhannesar frá Pétri Herði Hannessyni, yfirmanni röntgendeildar Landspítalans. Vitnar Pétur til þess að nýir læknar hafi leyst af hólmi lækni sem hafi viljað þiggja ABUS-ómtæki.

„Þeirra álit er að tæknin sé ekki nægilega skilvirk til þess að réttlæta fjárfestingu í henni. Tækið myndi að öllum líkindum verða í mjög takmarkaðri notkun. Það er því

> „Röntgenlæknar hér eru kannski hræddir við að þeir missi starfið en það er ástæðulaust.


Jóhannes V. Reynisson, í Bláa naglanum

ekki réttlætanlegt að þiggja tækið og kasta þannig fjármunum á glæ,“ útskýrir Pétur.

Að því er Pétur segir í bréfinu er verðugasta verkefnið í brjóstamyndgreiningu nú að auka þátttökuna í skimun sem sé alltof lítil. „Á óskalista okkar sem við höfum tjáð meðal annars ráðherra er að hafa færanlega röntgeneiningu í sérstökum bíl sem gæti farið milli staða, ekki aðeins úti á landi heldur einnig á suðvesturhorninu. Þetta myndi færa skimun nær konunum og hjálpa til við að auka skimunarhlutfall,“ lýsir Pétur.

Jóhannes segir þetta bakslag fyrir þróun í samspili tvenns konar gervigreindar. „Þetta er meiriháttar skandall fyrir háskólasjúkrahúsið á Íslandi og sorglegt fyrir konur á Íslandi,“ segir hann. Mjög alvarlegt sé að Landspítalinn hafni tækinu. Í Evrópu og Bandaríkjunum sé verið að taka þessa tækni upp og heimsfrægir röntgenlæknar noti hana.

„Röntgenlæknar hér eru kannski hræddir við að þeir missi starfið en það er ástæðulaust því þetta er einfaldlega viðbótartæki við röntgenmyndatöku. Þótt það komi ný hjálpartæki munu þeir alltaf verða til staðar,“ undirstrikar Jóhannes. Stóra málið sé að röntgentæknin sé ekki að finna meinin nógu vel.

„Ég held að það þurfi að koma til nýsköpun varðandi leit að krabbameini í brjóstum hjá konum. Það er algerlega óásættanlegt að nú á 21. öldinni deyi ein kona á viku úr brjóstakrabbameini.“ ■




TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Tölur vikunnar



**7**
atkvæðum munaði á fulltrúum Vinstri grænna og Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



**2**
hreindýrskálfar sem var bjargað á Fljótsdalsheiði í vor búa nú hjá fjölskyldu í Múlaþingi.



**37**
þingmenn í stjórnarflokkum voru kjörnir í nýyfirstöðnum kosningum.



**5,1**
prósenta atvinnuleysi er á Íslandi.



**8**
metra hval rak á land nærri Jörfa á Álftanesi á fimmtudag.

## Þrjú í fréttum

### Ingi Tryggvason



formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi

„Er saknæmt að gera mistök?“ svaraði Ingi blaðamanni, sem spurði hvort líklegt væri að lögregla fyndi eitthvað saknæmt í rannsókn á framkvæmd talningar í kjördæminu. Öll spjót hafa staðið á Inga í vikunni vegna talningarinnar.

### Katrín Jakobsdóttir



forsætisráðherra

„Kosningarnar og niðurstaða þeirra var að þessi ríkisstjórn héldi sínum meirihluta og vinna okkar núna snýst mest um að endurnýja okkar samstarf og fara yfir stóru viðfangsefnin fram undan, líka okkar áherslur,“ sagði forsætisráðherra í gær og hefur fundað stíft með formönnum hinna stjórnarflokkanna um endurnýjun stjórnarsamstarfsins.

### Aron Einar Gunnarsson



fyrirliði landsliðsins í knattspyrnu

„Fyrir mig, og fjölskyldu mína og vini sem þekkja til mín, er mjög sárt að KSÍ, sem ég hef í 97 landsleikjum gefið alla mína krafta, skuli setja mig til hliðar vegna krafna sem byggjast á óljósum orðrómi um landsliðsmenn. Þetta er óverjandi staða,“ sagði Aron Einar, sem var ekki valinn í leikmannahóp fyrir komandi landsleiki. ■

# Ólíklegt að krísan leysist næstu vikur

**Þrjár kærur hafa borist Alþingi vegna kosninganna. Ólíklegt að þing verði kallað saman fyrr en kærufrestur rennur út. Undirbúningsnefnd hefur verið mynduð.**

bth@frettabladid.is



Magnús Davíð Norðdahl, oddviti Pírata í NV-kjördæmi, afhenti starfandi þingforseta kæru sína.. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KOSNINGAR** Ekki eru líkur á að Alþingi verði kallað saman fyrr en eftir að kærufrestur vegna þingkosninganna rennur út, en hann er fjórar vikur. Þetta segir Willum Þór Þórsson, starfandi forseti Alþingis. Þingflokkar hafa nú tilnefnt þá þingmenn sem sitja munu í undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis. Í nefndinni munu sitja Birgir Ármannsson, Vilhjálmur Árnason og Diljá Mist Einarsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokk, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir og Líneik Anna Sævarsdóttir fyrir Framsóknarflokk, Svandís Svavarsdóttir fyrir Vinstri græn, Björn Leví Gunnarsson fyrir Pírata, Þórunn Sveinbjarnardóttir fyrir Samfylkinguna og Inga Sæland fyrir Flokk fólksins. Þessi skipun kann að hafa vandræði í för með sér vegna sjónarmiða um kynjahlutföll, þar sem sex konur sitja í nefndinni en aðeins þrír karlar.

Því er ólíklegt að það skýrist nærri því strax hvaða þingmenn munu skipa Alþingi þetta kjörtímabil. Þótt Landskjörstjórn hafi í gær gefið út kjörbréf fyrir þingmenn, þar á meðal á grundvelli seinni talningar í Norðvesturkjördæmi, mun Alþingi hafa síðasta orðið.

Þingmenn vilja ekki tjá sig opinberlega um hvaða leið þeir muni styðja þegar kemur til kasta þingsins, en samkvæmt samtölum blaðsins hafa fæstir gert upp sinn hug. Því stefnir jafnvel í átakaafgreiðslu og jafnvel þvert á flokkslínur.

Sumir þeirra þingmanna sem voru inni eftir fyrri talningu en duttu út eftir þá síðari, lýsa ömurlegri líðan. Einn þeirra skráði sig atvinnulausan í vikunni.

Í gær barst kæra til þingsins frá Magnúsi Davíð Norðdahl, oddvita Pírata í NV-kjördæmi, þar sem hann krefst þess að kosið verði aftur í NV-kjördæmi. Þá barst einnig kæra frá Guðmundi Gunnarssyni, oddvita Viðreisnar. Karl Gauti Hjaltason, Miðflokki, hyggst einnig leggja fram kæru til þingsins, en hann hefur þegar kært talningu í Norðvesturkjördæmi til lögreglu.

> **»** Starfandi forseti Alþingis telur ólíklegt að þing verði kallað saman fyrr en kærufrestur vegna kosninganna er liðinn.

„Ég kæri vegna þess að ég tel að við kjósendur í Norðvesturkjördæmi getum ekki treyst að þarna hafi farið fram heiðarlegar og sanngjarnar kosningar, á því leikur vafi,“ sagði Magnús Davíð við þinghúsið í gær, eftir að hann skilaði af sér kærunni til þingsins. Kæran fór einnig til dómsmálaráðuneytisins. Í kærunni er meðal annars nefnt að kjörgögn hafi verið eftirlitslaus og óinnsigluð í um fjórar klukkustundir. Þetta feli í sér hættu á að átt hafi verið við atkvæði og þar með ákvarðanir kjósenda og gæti því hafa haft áhrif á úrslit kosninganna.

Þeir ágallar sem helst hafa verið nefndir við nýja kosningu fyrir vestan eru að allt gæti riðlast ef aftur yrði kosið í einu kjördæmi. Magnús Davíð Norðdahl segir að í fyrsta lagi hafi Alþingi enga heimild til að taka við málinu frá landskjörstjórn og byggja á einhverri annarri talningu en þeirri sem landskjörstjórn tók upphaflega mið af. Í öðru lagi væri einkennilegt ef menn ætluðu að hengja sig á einhverja eina talningu í meingölluðu ferli, út frá hagsmunum. „Ef menn ætla að standa með lýðræði og gagnsæi verður að endurtaka þetta ferli í heild sinni.“

Lögreglurannsókn stendur yfir á framkvæmd talningar og meðferð kjörgagna í Borgarnesi. Kærandinn, Karl Gauti Hjaltason, segir að rannsóknin ætti að vera stak í málinu. Hann er ekki bjartsýnn á niðurstöðu en hefur þó ekki lagt niður vopn og segist muni senda kæru til kjörbréfanefndar. Hann vonast til að þá verði lögreglurannsóknin komin eitthvað áleiðis. Afleitt sé ef síðar komi á daginn að þær ákvarðanir sem verið er að taka nú séu rangar. ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe




# Taktu flugið með okkur!

Við erum með 100 störf laus í loftinu. Við viljum fá til liðs við okkur þjónustulipra flugliða sem vilja taka flugið með okkur á næstu áfangastaði, í átt að aukinni samkeppni, snjallari ferðamáta og lægra verði.

Umsóknarfrestur um starf flugliða er til 13. október.

**Nánari upplýsingar á *flyPLAY.com/storf***

PLAY

# Atkvæðin sem dæmd voru ógild fyrir rauð pennastrik og krot

benediktboas@frettabladid.is

**KOSNINGAR** Í skýrslum yfirkjörstjórna kjördæmanna sex til landskjörstjórnar í vikunni, má sjá ýmsar ástæður fyrir því að atkvæði telst ógilt, eins og krot, punkta, rauð pennastrik og allt þar á milli.

Atkvæði til Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi suður var metið ógilt, þar sem vilji kjósanda var ekki skýr. Reiturinn við listann var skyggður en þó mátti hugsanlega greina kross en óvíst hvort vilji kjósanda stóð til að kjósa Viðreisn eða hætta við. Umboðsmenn allra flokka kíktu á atkvæðið og töldu vilja kjósanda koma skýrt fram þar sem ungt fólk lærir að fylla út reiti með þessum hætti í skóla.

Þeir skólastjórnendur sem Fréttablaðið ræddi við könnuðust ekki við þessar skýringar og sögðu unga kjósendur vel kunna að gera x í kjörklefanum. Þó hafi þurft að fylla í reiti með þessum hætti í krossaprófum í Háskólanum þar sem vélar lesa niðurstöðurnar. Í Reykjavíkurkjördæmi norður voru þrjú atkvæði skyggð með sama hætti. Yfirkjörstjórn mat þau ógild en umboðsmenn mátu þau góð og gild.



Í kennslu um kosningu á áttavitinn.is segir að inni í kjörklefa sé blýantur sem notist til þess að setja X fyrir framan bókstaf lista. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á Akureyri reyndust 22 atkvæði ógild. Þar hafði einn kjósandi fyllt reitinn við J með rauðum lit og var atkvæði hans dæmt ógilt. Engir aðrir hnökrar voru á seðlinum segir í andmælum. „Að dæma ógilt þar eð rauður penni er notaður í stað blýants er ómálefnalegt því að hræðsla við Covid getur ýtt fólki til þess að nota eigin skriffæri,“ segir í andmælum umboðsmanns Sósíalistaflokksins. Hann bendir enn fremur á að kjósendur Sósíalistaflokksins hafi verið hvattir til að skila rauðu sem væri hægt að skilja bókstaflega. ■



Útkall í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Björgunarsveitin æfir í Reykjavík

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SLYSAVARNIR** Í dag fer fram landsæfing björgunarsveitanna á stórhöfuðborgarsvæðinu. Verða æfingar víðs vegar, bæði á landi og láði, frá klukkan 9 um morguninn til 17 um kvöldið og taka alls um 200 björgunarsveitarmenn þátt í þeim.

Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segir að ýmsar æfingarnar verði nokkuð krefjandi. Meðal annars sjóbjörgun og tæknilega flókin línuvinna við Hallgrímskirkju. Alls eru verkefnin um 30 talsins.

„Fólk mun taka eftir þessu og gott að fólk viti að þarna sé um æfingar að ræða,“ segir Davíð. „Annars fer fólk gjarnan að hringja út um allar trissur.“ ■



Fram til þessa hafa sveitarfélögin fjármagnað leikskólastigið.

## Leikskólinn verði menntastofnun

benediktboas@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Bæjarráð Árborgar hefur skorað á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir fullri viðurkenningu ríkisvaldsins á leikskólastiginu sem menntastofnun. Í ályktun bæjarráðs í vikunni er mælt með því að ríkisvaldið skilgreini tekjustofn til sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við rekstur leikskóla frá lokum fæðingarorlofs.

Jafnframt þurfi að tryggja leiðir til að fjármagna þjónustu við fötluð börn á leikskólum og þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku, til dæmis með jöfnunarframlögum. Að sama skapi skorar bæjarráð á nýja ríkisstjórn Íslands að taka frumkvæði í þessu verkefni.

Í ályktuninni segir einnig að til þessa hafi sveitarfélög á eigin spýtur byggt upp og fjármagnað leikskólastigið, án þess að skilgreindir hafi verið tekjustofnar í verkefnið. ■

# Lyfjastofnun skoðar hvort að breyta þurfi leiðbeiningum um parasetamól

Samkvæmt nýrri vísindagrein er parasetamól, algengasta verkjalyf Vesturlanda, hættulegt fyrir börn í móðurkviði. Lyfjastofnun mun í samráði við Lyfjastofnun Evrópu skoða málið en samkvæmt íslenskum leiðbeiningum er engin skráð áhætta af notkun lyfsins fyrir þungaðar konur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Í ljósi nýrrar yfirlýsingar vísindamanna um áhrif parasetamóls á fóstur hyggst Lyfjastofnun skoða hvort breyta þurfi leiðbeiningum. Verður það gert í samráði við Lyfjastofnun Evrópu.

Samkvæmt yfirlitsgrein, eftir vísindamenn við Kaupmannahafnar-, Árósa-, Massachusetts- og fleiri háskóla sem birt var í tímaritinu Nature, hefur parasetamól áhrif á heilsu fósturs á ýmsan hátt. Svo sem á taugakerfið, þvagfæri, frjósemi og hegðun. Kalla rúmlega 90 vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk eftir því að þungaðar konur verði varaðar við því að nota parasetamól og sérstakar merkingar verði settar á pakkningar.

Parasetamól er algengasta verkjalyfið á Íslandi og í mörgum ef ekki flestum öðrum löndum Evrópu. Er það selt hér í lausasölu undir ýmsum merkjum, svo sem Paratabs, Panodil og Pinex, og gegn lyfseðli undir Parkódín, Dolorin og fleiri heitum.

Í leiðbeiningum með til dæmis Paratabs, einu mest selda lyfi landsins, segir að engin þekkt áhætta sé við notkun þess á meðgöngu. Þó er þunguðum konum almennt ráðlagt frá því að nota nokkur lyf á fyrstu þremur mánuðunum nema í samráði við lækni.

Hrefna Guðmundsdóttir, yfirlæknir Lyfjastofnunar, segir atriði í greininni sláandi. „Hingað til höfum við litið á parasetamól sem öruggt lyf. Það hefur verið notað í áratugi og þess vegna höfum við kannski ekki gefið því gaum,“ segir hún. „Þessi grein bendir á atriði sem er ekki hægt að líta fram hjá. Það þarf að skoða það sem liggur að baki í kjölinn og hugsanlega gera breytingar á fylgiseðlinum.“



Lyfjastofnun íhugar að breyta leiðbeiningum um parasetamól vegna mögulegra áhrifa á fóstur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> ”
> **Þessi grein bendir á atriði sem er ekki hægt að líta framhjá**



Hrefna Guðmundsdóttir, yfirlæknir Lyfjastofnunar

Einkum þurfi að kanna þær rannsóknir sem liggi að baki, sem eru annars vegar faraldslegar rannsóknir á mæðrum og börnum og hins vegar dýratilraunir.

Eitt af því sem verði skoðað sé skammtastærðir, hugsanlega gæti verið í lagi fyrir þungaðar konur að nota parasetamól í stuttan tíma en ekki við langvarandi verkjum. Lyfið komist hins vegar yfir fylgjuna til fóstursins. „Það eru aðrar leiðir fyrir þungaðar konur að takast á við verki, svo sem með öðrum lyfjum eða hjá sjúkraþjálfara,“ bendir hún á.

Sveinbjörn Gizurarson, prófessor í lyfjafræði við Háskóla Íslands og helsti sérfræðingur landsins í eitrunum í móðurkviði, segir áhrif ýmissa lyfja á fóstur enn hulin og því almennt ekki mælt með því að þungaðar konur taki lyf komist þær hjá því.

„Hvorki framleiðendur, lyfjafræðingar, læknar né annað heilbrigðisstarfsfólk vilja að lyfin sem þau nota hafi áhrif á fóstur, sem er dýrmætasta gjöf sem foreldrar fá. Því þarf að fara mjög vandlega yfir rannsóknir á borð við þessa,“ segir hann.

Sveinbjörn segir apótekin bundin af fyrirmælum sem fylgja hverju lyfi þegar það er skráð hjá Lyfjastofnun og koma fram á fylgiseðli eða merkingum. Stundum séu viðvaranir settar utan á lyfjapakkningar eins og vísindamennirnir fyrrnefndu vilja.

„Við vitum að ofneysla parasetamóls getur valdið lifrarskaða í fullorðnum, sérstaklega ef áfengis eða fituríks matar er neytt með,“ segir hann. „Það sama gæti átt sér stað í fóstri og því þarf að passa upp á skammtana þegar um þungaðar konur er að ræða.“ ■

# Mikill verðmunur á herra- og dömuklippingum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Klippingar á Íslandi eru þær áttundu dýrustu í heimi og kosta að meðaltali rétt rúmlega 8 þúsund krónur. Danir tróna á toppi listans en þar kosta klippingar að meðaltali 9.800 krónur. Í öðru sæti koma Norðmenn og þá Bandaríkjamenn. Þetta kemur fram í greiningu viðskiptatímaritsins Ladders.

Ódýrustu klippinguna má finna í Argentínu, aðeins 675 krónur, en upplýsingar frá fjölmörgum ríkjum þriðja heimsins vantar. Á eftir Argentínu koma Sambía og Filippseyjar.

Þó nokkur munur er á karla- og kvennaklippingum hér á landi sem annars staðar. Meðalverð dömuklippingar hér á landi er 9.200 krónur en verð herraklippingar er aðeins um 6.600 krónur. Það er rúmlega 39 prósenta munur.

> **8**
>
> **Meðalverð klippingar á Íslandi er átta þúsund krónur.**

Langoftast eru dömuklippingar dýrari en herraklippingar, sama hvar er gengið inn á stofu.

Mesta jafnræðið mældist í örríkinu Andorra, aðeins 5 prósent, en þar borga karlmenn meira. Mesti munurinn mældist í Nígeríu, 634 prósent, en þar eru klippingar almennt með þeim ódýrari í heiminum. Í Kólumbíu kostar herraklipping tæpar 1.400 krónur en en dömuklipping 8 þúsund. ■

# EINA VARA SINNAR TEGUNDAR

Blástu nýju lífi í húðna

Loftkennd froða sem inniheldur örsmáar kolsýrðar loftbólur
sem eru minni en húðholurnar. Þannig kemst silkið
og þar með rakinn ofan í neðsta húðlag og veitir
ótrúlegan raka sem endist og endist.
Fínar línur verða minna sjáanlegri,
húðin fíngerðari, þéttari og full af raka




ABSOLUTE SILK MICRO MOUSSE TREATMENT

sensai-cosmetics.com

## 20% afsláttur af öllum SENSAI vörum dagana 1.-6. október

Glæsilegur kaupauki fylgir ef þú verslar fyrir 9.900 eða meira.
Kaupaukinn inniheldur 30ml af Micro Mousse, 16ml af
Absolute Silk Fluid, 3ml af Dual Essence og augngrímu úr silki.




HAGKAUP
Snyrtivara

## Vill fá rafíþróttir undir hatt ÍBR

kristinnpall@frettabladid.is

**RAFÍÞRÓTTIR** Björn Gíslason, formaður Íþróttafélagsins Fylkis, leggur til á 50. ársþingi Íþróttabandalags Reykjavíkur í dag að rafíþróttir verði teknar undir hatt bandalagsins. Með því yrði rafíþróttastarf í borginni innan vébanda ÍBR.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Björn um tillöguna kvaðst hann vera bjartsýnn á að hún verði samþykkt enda væri um nauðsynlegt skref að ræða fyrir starfsemi rafíþróttafélaga í Reykjavík. Með aðildinni væru rafíþróttir komnar í heildarsamtök íþróttafélaga á Íslandi og þar með fullgildur aðili að ÍSÍ.



Björn Gíslason, formaður íþróttafélags Fylkis

Kemur fram í greinargerðinni að með aðkomu íþróttafélaganna, yfirvalda og heildarsamtaka íþróttafélaganna, sé hægt með samstilltu átaki að nýta vettvanginn til góðs. Það sjáist á Norðurlöndunum þarsem rafíþróttir njóta mikilla vinsælda.

Um leið hefur rannsóknum sem skoða jákvæð áhrif tölvuleikjaspilunar fjölgað. ■

# Verndun íslensku í stafrænu formi

Ríflega 386 milljónum verður varið í uppbyggingu innviða í máltækni samkvæmt samningi Almannaróms og Samstarfs um íslenska máltækni (SÍM) um framkvæmd máltækniáætlunar sem tók gildi í gær.

benediktboas@frettabladid.is



Frá undirritun samningsins en samningsupphæðin nemur ríflega 386 milljónum króna og tekur til uppbyggingar innviða í máltækni til 30. september 2022. MYND/GOLLI

**SAMFÉLAG** Nýr samningur máltæknimiðstöðvarinnar Almannaróms við rannsóknar- og þróunarhópinn Samstarf um íslenska máltækni, eða SÍM, um framkvæmd máltækniáætlunar á þriðja ári verkefnisins, tók gildi í gær.

Samningsupphæðin nemur ríflega 386 milljónum króna og tekur til uppbyggingar innviða í máltækni. Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Almannaróms segir að allt sé gert undir opnum leyfum og því geti fyrirtæki og stofnanir smíðað ofan á innviðina sem verða smíðaðir.

„Í þessu felast miklir möguleikar. Málum er oft háttað þannig að hugbúnaður og gögn eru gefin út undir takmarkandi leyfum. Enginn má nota nema borga eða álíka. Við höfum frá upphafi lagt mikla áherslu á að allt yrði gefið út undir opnum leyfum, hvort sem um væri að ræða gögn eða hugbúnað,“ segir hún. Áætlunin er á fjárlögum, fjármögnuð af ríkissjóði og hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar – sem Jóhanna vonar að verði í þeim næsta líka.

Samkvæmt samningnum verður fjöldi innviða í máltækni tilbúinn við lok samningstímabilsins og má þar meðal annars nefna lausnir fyrir talgreiningu og talgervingu sem gera almenningi kleift að stýra tækjum með töluðu máli, á íslensku.

> **Þegar við fórum af stað voru önnur lönd langt á undan okkur enda hafa þau unnið í máltækni í fjölmörg ár.**
>
> Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Almannaróms

Talgreining breytir tali í texta, og nýtist meðal annars við sjálfvirka textun sjónvarpsefnis, símsvörun og opnar auk þess möguleika á að stýra kerfum og tækjum á íslensku.

Talgerving breytir texta í tal og nýtist því við upplestur af öllu tagi auk þess að vera eitt mikilvægasta hjálpartæki blindra og sjónskertra í daglegu lífi.

„Verkefnið hefur gengið mjög vel. Þegar við fórum af stað voru önnur lönd langt á undan okkur enda hafa þau unnið í máltækni í fjölmörg ár. Við byrjuðum þetta verkefni 2019 og við erum komin langt á þessum stutta tíma og höfum náð ótrúlegum árangri þó ég segi sjálf frá,“ segir Jóhanna.

Hún segir að markmið Almannaróms sé að tryggja að íslenska verði jafnoki annarra tungumála í stafrænni tækni og vernda þannig íslenska tungu. Alls voru 2,2 milljarðar króna settir í fyrsta stig þróunar máltæknilausna fyrir íslensku og hófst vinna við uppbygginguna innviða þann 1. október 2019. ■


Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð:

**Kynningar- og fræðslustyrkir til félagasamtaka**



Undir hatti samstarfs utanríkisráðuneytisins við íslensk félagsamtök í þróunarsamvinnu auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum um styrki til kynningar- og fræðsluverkefna.

**Hafa félagasamtök þín áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?**

Hlutverk styrkjanna er að vekja athygli á þróunarsamvinnu og hvetja almenning til að taka þátt í þróunarverkefnum. Samstarf fólks og félaga á ólíkum sviðum stuðlar að árangursríku starfi og styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Verkefnin eiga að vera framkvæmd á Íslandi og hafa alþjóðlega þróunarsamvinnu og heimsmarkmiðin að leiðarljósi.

Til úthlutunar eru allt að 15 milljónir króna. Hámarksupphæð til einstakra verkefna er 3 milljónir króna.

Umsókn skal send til utanríkisráðuneytisins í gegnum Ísland.is. Umsókn verður meðal annars að lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis, áætlun um framkvæmd, tíma og kostnað. Umsækjendum er bent á að reglur um styrkveitingar til félagasamtaka, verklagsreglur og upplýsingar um gögn umsóknar er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum umsóknarferli á ísland.is fyrir miðnætti **mánudaginn 1. nóvember 2021.**

Leiðbeiningar og upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á www.utn.is/felagasamtok

Óskir um nánari upplýsingar og frekari fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is

**Stjórnarráð Íslands**
Utanríkisráðuneytið




Víkingarnir hjuggu ekki aðeins mann og annan heldur líka fjórðung alls gróðurs. MYND/DANÍEL RÚNARSSON

# Landnám Íslands eitt fyrsta umhverfisslysið

kristinnhaukur@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Ítölskum jarðvísindamönnum sem rannsakað hafa sýni úr Grænlandsjökli hefur tekist að sjá ummerki skógarelda á Íslandi yfir fimm þúsund ára tímabil. Vísindamennirnir hafa birt niðurstöður sínar í tímaritinu Climate of the Past og segja þær sýna vel tengsl mannlegrar hegðunar, skógarelda og loftslagsmála.

„Landnám víkinganna á Íslandi olli einu af fyrstu umhverfisslysunum í sögunni. Jafnvel í dag, þúsund árum síðar, hafa íslenskir skógar ekki jafnað sig,“ segir Delia Segato frá Ca Foscari-háskólanum í Feneyjum, í tilkynningu með rannsókninni. Á aðeins einni öld hafi fjórðungur alls gróðurs horfið af landinu þar sem landnemarnir hjuggu birkiskóga til eldiviðar og til þess að ryðja land fyrir búfénað.

Úr ísnum á Grænlandsjökli hafa vísindamennirnir náð að sigta út og greina kolefni, ammóníak og beðmi, sem verður til við plöntubruna. Sáu þeir að brunarnir minnkuðu mikið fyrir um 4.500 árum síðan, samfara því að jöklarnir hafi stækkað. Hafi eldar hins vegar aukist mikið á undanförnum 200 árum. ■

> **Vísindamenn rannsökuðu magn kolefnis, ammóníaks og beðmis í Grænlandsjökli.**




## Honda CR-V tvinnbíll með Arctic Edition breytingu

Honda CR-V er sparneytinn fjórhjóladrifinn jeppi með einstaka aksturseiginleika og ríkulegan búnað. Arctic Edition útgáfan tryggir aukna veghæð sem auðveldar lífið fyrir þá sem hyggja á ferðalög og ævintýri. Þú ferð lengra á CR-V.

**Velkomin í sýningarsal Honda á Krókhálsi 13 og á sérstaka sýningu hjá K. Steinarssyni. Opið í dag 12-16. Við hlökkum til að sjá þig.**

K. STEINARSSON
Njarðarbraut 15
Reykjanesbæ

Honda CR-V Hybrid Elegance

**7.190.000 kr.**

7.539.000 kr. með
Arctic Edition breytingu

**Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

**Umboðsmenn um land allt:**
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland

## Fyrrverandi útlægur forseti Georgíu handtekinn við komu til landsins

kristinnpall@frettabladid.is

**GEORGÍA** Mikheil Saakashvili sem gengdi embætti forseta Georgíu á fimm ára tímabili var handtekinn við komuna til landsins í gær. Georgísk stjórnvöld telja að hann hafi komið aftur til að valda usla í aðdraganda þingkosninga í Georgíu sem fara fram um helgina.

Saakashvili fluttist til Úkraínu árið 2015, tveimur árum eftir að hann lét af embætti sem forseti. Áður hafði hann sinnt hinum ýmsu störfum innan georgísku ríkisstjórnarinnar en hann var sakaður um spillingu í starfi. Eftir að hafa flutt búferlum til Úkraínu tók Saakashvili upp úkraínskt ríkisfang. Hann var dæmdur í sex ára fangelsi fyrir embættisbrot árið 2018. Interpol hefur hafnað beiðni georgískra stjórnvalda um að setja Saakashvili á lista Interpol yfir eftirlýsta glæpamenn en forsætisráðherra landsins, Irakli Garibashvili, tilkynnti á blaðamannafundi í gær að Saakashvili hefði verið handtekinn.

Saakashvili tilkynnti stuðningsmönnum sínum fyrr í vikunni að hann væri kominn aftur til Georgíu og hvatti íbúa landsins til mótmæla á sunnudaginn. ■

## Fáir telja Brexit hafa staðist væntingar

arib@frettabladid.is

**BRETLAND** Aðeins fjögur prósent Breta telja að útganga landsins úr Evrópusambandinu, kennd við Brexit, hafi gengið mjög vel. Fjórtán prósent telja ferlið hafa gengið sæmilega vel. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar YouGov.

Um 21 prósent telja að útgangan hafi hvorki gengið vel né illa. Aftur á móti telja 32 prósent að ferlið hafi gengið mjög illa og 21 prósent sæmilega illa. Um 8 prósent voru ekki viss.

Könnunin var gerð á miðvikudaginn og voru svarendur yfir 6 þúsund. Ástandið í landinu endurspeglast í könnuninni en enn er töluverður eldsneytisskortur víða á Englandi. Þá hafa sérfræðingar hvatt fólk til að kaupa jólamatinn núna og frysta. ■

» Um tvö þúsund bensínstöðvar í Bretlandi eru bensínlausar þessa dagana.


Þróunarfræ

Auglýst er eftir umsóknum í Þróunarfræ

Þróunarfræ er forkönnunarstyrkur til einstaklinga og/eða ungra frumkvöðlafyrirtækja til að ráðast í þróunarsamvinnuverkefni. Verkefnið þarf að fela í sér nýjar lausnir eða tækni til að leysa áskoranir og bæta lífskjör fólks í þróunarlöndum.

Nánari upplýsingar á tths.is

tths.is

Tækniþróunarsjóður


Sæstrengurinn liggur milli Bretlands og Noregs um Norðursjó




# Sæstrengur milli Bretlands og Noregs tekinn í notkun

Tekinn hefur verið í notkun sæstrengur milli Bretlands og Noregs sem gert er ráð fyrir að muni draga mikið úr losun mengandi lofttegunda frá Bretlandi

thorvardur@frettabladid.is

**BRETLAND** Í gær var tekinn í notkun sæstrengur milli Noregs og Bretlands. North Sea Link er lengsti sæstrengur heims sem tengir saman rafkerfi, um 724 kílómetrar.

Lagningin var samstarfsverkefni ríkisrekinu orkufyrirtækjanna National Grid í Bretlandi og Statnett í Noregi. Framkvæmdin tók sex ár og kostnaðurinn var 1,6 milljarðar punda.

Vonast er til þess að hann dragi úr útblæstri koltvísýrings í Bretlandi um 23 milljónir tonna fyrir árið 2030, en hann mun er fram líða stundir hafa 1.400 megavatta flutningsgetu, en 700 megavött til að byrja með. Gert er ráð fyrir að 1,4 milljónir breskra heimili fái raforku með sæstrengnum.

North Sea Link er fimmti sæstrengurinn sem tengist orkukerfi National Grid, til viðbótar við sæstrengi frá Belgíu, Hollandi og tvo frá Frakklandi. Nú stendur yfir lagning sæstrengs frá Danmörku.

**Umhverfisvæn lausn**

- North Sea Link sæstrengurinn er 720 km að lengd
- Lagning hans tók 6 ár
- Afkastagetan er nú 700 megavött en mun hækka í 1.400 megavött á næstu þremur mánuðum
- Um 1,4 milljónir breskra heimila fá rafmagn frá sæstrengnum
- Orkan mun draga úr útblæstri koltvísýrings í Bretlandi um 23 milljónir tonna fyrir árið 2030

Sæstrengurinn liggur frá Kvilldal, í nágrenni Stafangurs, til Blyth í Northumberland á Englandi. Með honum geta löndin flutt endurnýjanlega orku sín á milli, vatnsaflsorku frá Noregi og vindorku frá Bretlandi. Þegar vindorka er af skornum skammti í Bretlandi er hægt að vega upp á móti því með orku frá Noregi. Vindorka var uppspretta fjórðungs þeirrar raforku sem nýtt var í Bretlandi í fyrra. Noregur getur þá á móti fengið vindorku frá Bretlandi ef orkuskortur er þar. Þó er gert ráð fyrir að Bretar fái í sinn skerf mun meira en Norðmenn. Í Noregi eru 93 prósent raforku sem nýtt er innanlands framleidd með vatnsafli. Vindorka getur því í þurrkatíð bætt upp fyrir minni orkuframleiðslu með vatnsafli.

„Þessi samblanda vatnsafls og vindorku er spennandi,“ segir Thor Anders Nummdal, sem stýrði verkefninu fyrir Statnett. „Orkuskipti eru góð fyrir Noreg, samfara auknni raforkuvæðingu og grænna samfélagi. Þar sem eftirspurn fer vaxandi í Noregi þurfum við meiri framleiðslu og viðskipti með orku.“

Hann segir þetta þó geta hækkað raforkukostnað norskra neytenda og eru mörg fyrirtæki í orkufrekum iðnaði lítt hrifin af því. Á heildina litið sé þetta þó til góðs fyrir Norðmenn, sem munu fá gott verð fyrir orkuna segir Nummdal.

„Þessi sæstrengur, ólíkt öðrum, gerir okkur kleift að útvega aðrar gerðir orku frá Evrópu. Þetta er endurnýjanleg orka sem við getum flutt til Bretlands til að draga úr kolefnisfótspori okkar og lækka raforkukostnað fyrir breska neytendur,“ segir Nicola Medalova hjá National Grid.

Bresk stjórnvöld sýndu sæstreng til Íslands mikinn áhuga fyrir nokkrum árum og áttu sér viðræður stað milli þeirra en enginn árangur náðist. ■

# Varar við rússneskum málaliðum

thorvardur@frettabladid.is

**MALÍ** Íslamskir öfgamenn hafa sótt í sig veðrið í vestanverðri Afríku á undanförnum misserum. Frakkar, sem áður stjórnuðu stórum nýlendum á svæðinu, hafa haldið úti fjölmennu herliði á svæðinu en Emmanuel Macron forseti hefur ákveðið að fækka í herliðinu um helming.

Herforingastjórnin í Malí, sem tók völdin í valdaráni í maí, hefur lýst áhuga á því að fá liðsauka frá rússneska öryggisfyrirtækinu Wagner til að berjast við öfgamenn. Stjórnin segist eiga fullan rétt á því að leita eftir slíkri aðstoð þar sem Frakkar hafi yfirgefið landið og snúið baki við baráttunni gegn öfgamönnum.

Alassane Ouattara, forseti Fílabeinsstrandarinnar sem á landamæri að Malí, hugnast lítt að rússneskir málaliðar fari til Malí. Hann segir í viðtali við Financial Times að semji stjórnvöld í Malí við Wagner standi landið á eigin fótum í baráttunni við öfgamenn. Slíkt væri „sjálfsmorð“ fyrir Malí.

Rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov sagði um helgina að stjórnvöld í Malí hefðu komið að máli við rússnesk öryggisfyrirtæki um að ráða þúsund málaliða. Hann sagði rússnesk yfirvöld ekki koma nálægt samningaviðræðum.


Malískur hermaður fagnar valdaráni í landinu í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Wagner er afar umdeilt fyrirtæki en málaliðar á vegum þess hafa barist í Sýrlandi, Donbas í Austur-Úkraínu og Mið-Afríkulýðveldinu.

Í fyrra var setið fyrir þremur rússneskum blaðamönnum, sem rannsökuðu starfsemi fyrirtækisins í Mið-Afríkulýðveldinu, og þeir myrtir af óþekktum árásarmönnum. Sameinuðu þjóðirnar hafa sakað málaliða Wagner um að hafa framið þar grimmdarverk. Fyrirtækið hefur einnig verið sakað um að vera leppur fyrir rússneska varnarmálaráðuneytið, sem geri því kleift að senda rússneska hermenn á átakasvæði án beinnar þátttöku yfirvalda. ■




ENNEMM / SÍA / NM007243

# Taktu forskotið.

Vertu með þeim fyrstu til að aka IONIQ 5, fjórhjóladrifnum og framúrstefnulegum bíl með kraftmiklum möguleikum: þú hleður hann leiftursnöggt frá 10–80% á aðeins 18 mínútum. Hann er búinn 2. stigs sjálfvirkri akstursaðstoð og veruleikaviðbót í framrúðunni. Hann víkkar mörk hins mögulega. Ekki í framtíðinni heldur í dag.

**Hyundai IONIQ 5. Verð frá: 5.990.000 kr.**

**www.hyundai.is**

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

7 ÁRA ÁBYRGÐ FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

# Dómstóll KSÍ



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Viðureign Arons Einars Gunnarssonar og knattspyrnuforystu Íslands á síðustu dögum hefur verið með ólíkindum. Á öðrum hluta leikvallarins stendur skærasta fótboltastjarna þjóðarinnar um árabil – og vel að merkja, landsliðsfyrirliðinn, en á hinum endanum skjálfa fætur einnar löskuðustu stjórnar sem setið hefur að völdum í íþróttahreyfingu landsins – og hefur raunar þegar misst umboð sitt sakir þöggunar um meint kynferðisafbrot eins af leikmönnum karlalandsliðsins í knattspyrnu.

Gott og vel.

Fráfarandi stjórn KSÍ tapaði trúverðugleika sínum – og hlaut að fara frá völdum eftir að upp komst um tvísögur hennar. En nú ætlar sama stjórn, eða leifarnar af henni, að hefja nýja sögustund – og landsmenn eiga bara að geta í eyðurnar.

Það er látið að því liggja í opinberum yfirlýsingum að landsliðsfyrirliði Íslands verði ekki fyrir valinu að þessu sinni vegna ástæðna af óljósustu sort. Eða nokkurn veginn af því bara. Hann geti ekki spilað út af einhverju.

Hér er gefið í skyn að nafngreindur maður – sem í þessu tilviki er þjóðargersemi á íþróttasviðinu – eigi ekki lengur erindi í landsliðshópinn af því að hann kunni hugsanlega, einhvern tíma, að hafa brotið af sér, án þess þó að nokkur viti hvort brotið var framið – og ef svo er, hversu alvarlegt það hafi verið.

Engin lögregluskýrsla liggur fyrir, engin kæra, hvað þá ákæra og þar af leiðandi enginn dómur. Bara sögusagnir.

Kynferðisofbeldi er viðbjóðslegur blettur á samfélagi fólks. Það ber ekki einasta að taka alvarlega í hverju tilviki heldur skera upp herör gegn allri þeirri lágmenningu og orðræðu sem því tengist. Þar hafa margir brugðist svo óralengi; lögregla, dómskerfi, íþróttahreyfingin sjálf – og fjölmiðlar sem hafa ekki sinnt þessum málaflokki af nógu miklum þunga allt fram til síðustu ára.

Þolendur kynferðisofbeldis verða að hafa vægi í samfélaginu. Þeir verða að eiga griðastað innan réttarkerfisins. Og þar á ekki að sýna þeim lítilsvirðingu. Aldrei.

En meintir gerendur verða líka að njóta sannmælis. Alltaf. Ella snúum við réttarkerfinu á hvolf. Og menn verða þá sekir þar til sakleysi þeirra er sannað. Viljum við það?

Dómstóll KSÍ í máli Arons Einars Gunnarssonar er dæmi um þá erfiðu vegferð sem íslenskt samfélag er að stíga eftir MeToo-byltinguna sem var svo nauðsynleg og tímabær að ekkert má litillækka hana. ■

> „Það er látið að því liggja í opinberum yfirlýsingum að landsliðsfyrirliði Íslands verði ekki fyrir valinu að þessu sinni vegna ástæðna af óljósustu sort.




## Gunnar




## Mín skoðun

# Heilt eða hálft atkvæði



Sif Sigmarsdóttir

Hvað gerðirðu við peninginn sem frúin í Hamborg gaf þér í gær? Sé áhrifamaður í olíuríki spurður er líklegt að svarið sé: „Ég lagði þá inn á svissneskan bankareikning.“

Árið 2015 kynnti Niels Johannesen, prófessor í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla, nýjustu rannsókn sína fyrir starfsfólki Alþjóðabankans. Niðurstöður hennar sýndu að þegar verð á hráolíu hækkar fjölgar innlánum á bankareikningum í skattaskjólum frá olíuríkum einræðisríkjum. Uppgötvunin fangaði athygli Bob Rijkers, starfsmanns bankans. Þeir Johannesen og Rijkers hófu samstarf um að skoða hvort annars konar óvænt innspýting fjár hefði sömu áhrif. Rannsóknarefnið var alþjóðleg þróunaraðstoð.

ÞÚ TRÚIR EKKI HVAÐ GERÐIST NÆST (svo notuð sé vinsæl smellibrella).

Hinn 13. október næstkomandi verður alþjóðadagur mistaka haldinn hátíðlegur. Deginum var fyrst fagnað árið 2010 í Finnlandi. Er honum ætlað að aflétta skömminni sem fylgir því að mistakast. Því mistök eru mikilvægur hluti velgengni. „Reynsla er heitið sem allir gefa mistökum sínum,“ er haft eftir Oscar Wilde. Tölfræðingurinn Nassim Taleb segir „mistök bjarga mannslífum. Í hvert sinn sem flugvél hrapar minnka líkurnar á að flugvél hrapi aftur. Farþegaskipið Títanik bjargaði mannslífum því nú smíðum við stærri og stærri skip. Fjöldi fólks lést en í kjölfarið jukum við öryggi kerfisins – mistökin voru ekki til einskis.“

Snemma á síðasta ári afhentu Niels Johannesen og Bob Rijkers rannsóknarniðurstöður sínar Alþjóðabankanum. Komust þeir að því að þróunaraðstoð lýtur sömu lögmálum og óvæntur olíugróði. Allt að 15 prósent þróunaraðstoðar bankans endaði á leynilegum bankareikningum í skattaskjólum í kjölfar „gripdeildar ríkjandi stjórnmálafólks, embættismanna og vina þeirra“.

Hvernig brást Alþjóðabankinn við upplýsingunum? Með því að „auka öryggi kerfisins“ og bæta verklagið? Með því að læra af mistökunum? Nei. Bankinn reyndi að þagga málið niður.

**Verðmæti mistaka**

Mörgum misheppnaðist ætlunarverk sitt í nýafstöðnum kosningum til Alþingis. Fylkingar töpuðu fyrir andstæðingum, flokkar töpuðu atkvæðum og menn sætum. Ein stærstu mistökin voru þó framkvæmd kosninganna sjálfra. Talning atkvæða var klúður sem dregið hefur dilk á eftir sér.

Það er ekki að ástæðulausu sem Finnar fundu upp alþjóðadag mistaka. Þegar eitthvað misheppnast eigum við til að bregðast við eins og Alþjóðabankinn: Þegja yfir því og afneita staðreyndum. En þannig verðum við oft af dýrmætum tækifærum. Því í mistökum felast verðmæti.

Framkvæmd talningar og meðferð kjörgagna í Norðvesturkjördæmi eru afglöp sem ekki má taka af léttúð – trúverðugleiki stjórnarfarsins er í húfi. Svo virðist sem allflestir líti málið alvarlegum augum og að mistökin verði til þess að „auka öryggi kerfisins“.

Önnur og ekki síður alvarleg „mistök“ áttu sér hins vegar stað í kosningunum, sem þjónar lýðræðisins hafa látið óátalin.

Stuttu fyrir kosningar var tillögu Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata um jöfnun atkvæðavægis milli kjördæma felld á Alþingi. Lýðræðisnefnd Evrópuráðsins mælir með því að misvægi atkvæða eftir búsetu fari ekki yfir 10-15 prósent. Hér á landi er munurinn næstum 100 prósent.

Hann er holur hljómurinn í kjörnum fulltrúum sem tala um lýðræði af andakt á tyllidögum, en neita svo að laga ólýðræðislegan galla í kerfinu.

Fékkst þú heilt eða hálft atkvæði í nýliðnum kosningum? Það er tímabært að „mistökin“ í atkvæðavægi verði lagfærð og „öryggi kerfisins“ aukið. ■

> „Það er ekki að ástæðulausu sem Finnar fundu upp alþjóðadag mistaka.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Lagersala

29. september til og með 5. október.

66°
NORÐUR

## Allt að 80% afsláttur.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 15.000 kr. í vefverslun.

---

Fullorðnir



Logn rennd hettupeysa
~~15.900 kr.~~ 7.950 kr.



Vatnajökull Softshell jakki
~~45.000 kr.~~ 27.000 kr.



Kaldbakur GORE-TEX® Jakki
~~45.000 kr.~~ 29.250 kr.



Logn stuttermabolur
~~4.900 kr.~~ 1.960 kr.



Katla GORE-TEX® úlpa
~~59.000 kr.~~ 29.500 kr.



Bylur ullarpeysa
~~32.000 kr.~~ 22.400 kr.



Arnarhóll regnkápa
~~24.000 kr.~~ 7.200 kr.



Kaldi GORE® ullarpeysa
~~42.000 kr.~~ 29.400 kr.




66°N Húfukolla
~~3.900 kr.~~ 2.730 kr.



Snæfell mittistaska
~~6.900 kr.~~ 4.830 kr.



Bylur ullarvettlingar
~~7.900 kr.~~ 5.530 kr.



Grandi bakpoki
~~12.900 kr.~~ 6.450 kr.

---

Krakkar



Týr langerma bolur
~~5.500 kr.~~ 3.850 kr



Rán jakki
~~16.900 kr.~~ 11.830 kr.



Svanur Primaloft® galli
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.



Mímir regnjakki
~~5.500 kr.~~ 2.750 kr.

---

Lagersalan fer fram í vefverslun, á útsölumarkaði okkar í Faxafeni 12 og á Skipagötu 9, Akureyri.

Opnunartímar á lagersölu: Faxafen 12: mán - fös: 10:00 - 18:00, lau: 10:00 - 18:00, sun: 12:00 - 18:00.
Skipagata Akureyri: mán - fös: 10:00 - 18:00, lau: 10:00 - 18:00, sun: 11:00 - 17:00.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Hægt er að sækja pantanir úr vefverslun í Miðhrauni 11, Garðabæ.

66north.is






## SCOTT

Hornsófi. Steingrátt bonded leður. 308 × 203/104 × 81 cm

**255.812 kr.** ~~279.990 kr.~~



184 x 85 x 89 cm

**153.227 kr.**

~~189.990 kr.~~

## VENICE

3ja sæta sófi. Fæst í bláu, slitsterku sléttflaueli. Einnig fánanlegur 2ja sæta og stóll.




## DC 3600

2ja og 3ja sæta sófi í koníakslituðu eða svörtu savoy/split leðri.



2ja sæta. 143 x 80 x 80 cm

**193.552 kr.** ~~239.990 kr.~~

3ja sæta. 202 x 80 x 80 cm

**241.942 kr.** ~~299.990 kr.~~



## DC 8900

2,5 og 3ja sæta í svörtu eða koníaksbrúnu leðri.

2,5 sæta. 196 x 86 x 80 cm

**241.942 kr.**

~~299.990 kr.~~

3ja sæta. 224 x 86 x 80 cm

**266.137 kr.**

~~329.990 kr.~~



## WOODSTOCK
Sófaborð. 80 × 80 × 45 cm
**28.219 kr.** ~~34.990 kr.~~



## LUCA
Sófaborð. Svört marmaraplata. 60 x 50 x 40 cm
**33.865 kr.** ~~41.990 kr.~~




## PASO DOBLE
Hornsófi og U-sófi. Slitsterkt Can ljósgrátt áklæði. Hægt er að velja um mismunandi áklæði og stærðir í sérpöntun. Vandaður og þægilegur sófi sem vert er að prófa og skoða möguleikana.
U-sófi. 386 × 258 × 80 cm
**451.632 kr.** ~~559.990 kr.~~



## BOYD
3ja sæta sófi í slitgóðu Vic efni; sléttflaueli. Fætur úr svartmáluðum viði.
Sófi. 215 x 87 x 78 cm
**129.032 kr.** ~~159.990~~



## PETRI
3ja sæta. Sinnepsgult eða grátt sléttflauel. 242 x 100 x 78 cm
**185.487 kr.** ~~229.990 kr.~~



## PINTO
U-sófi. Kentucky koníakslitað bonded leður.
349 x 206 x 85 cm
**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~



## BOYD
Hægindastóll. 80 x 86 x 101 cm
**64.512 kr.** ~~79.990 kr.~~

60 x 60 x 35 cm
**16.122 kr.**
~~19.990 kr.~~



## RETINA
Skammel með geymslu. Fimm mismunandi litir í sléttflaueli.
Grá, gul, koparrauð, bleik og dökkblá.



**TAX FREE AF ÖLLUM PÚÐUM**




** Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og sófaborðum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.*

HÚSGAGNA HÖLLIN



Þess er að vænta að innan tíðar dragi til tíðinda í máli Gylfa Þórs Sigurðssonar sem handtekinn var vegna gruns um kynferðisbrot gegn ólögráða einstaklingi um miðjan júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Gylfi laus gegn tryggingu í hálfan mánuð í viðbót

Íslenska fótboltasamfélagið var slegið þegar fregnir bárust af því í júlí að skærasta stjarna samfélagsins, Gylfi Þór Sigurðsson, hefði verið handtekinn vegna kynferðisbrots.

hjorvaro@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, landsliðsmaður í fótbolta og leikmaður enska knattspyrnufélagsins Everton, er laus gegn tryggingu vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni til 16. október næstkomandi.

Ekkert hefur heyrst frá Gylfa Þór síðan hann var handtekinn í júlí síðastliðnum en meint brot átti sér stað árið 2017. Þá hefur lögreglan í Manchester ekkert sagt um framgang rannsóknarinnar utan þess að hún sé enn í gangi.

Hér til hliðar má sjá tímalínu í máli Gylfa Þórs en vænta má að frekari fregnir af málinu komi um miðjan októbermánuð. ■



Gylfi Þór mætir til vinnu hjá Everton í upphafi síðasta sumars.



Gylfi Þór ræðir við liðsfélaga sinn hjá Everton, Fabian Delph, í sumar.



Gylfi Þór hefur reglulega borið fyrirliðabandið hjá Everton síðustu árin.

### 16. júlí: Gylfi Þór handtekinn í Manchester

Föstudaginn 16. júlí var Gylfi handtekinn af lögreglunni í Manchester vegna gruns um kynferðisbrot gegn ólögráða einstaklingi. Eftir skýrslutöku hjá lögreglunni var Gylfi látinn laus gegn tryggingu. Tvær vikur eru eftir af tímanum sem kveðið var upp um að Gylfi væri laus gegn tryggingu.

### 17. júlí: Samfélagsmiðlar byrja að slúðra

Netverjar gera því í skóna á samfélagsmiðlum að Gylfi Þór Sigurðsson hafi verið handtekinn af lögreglunni í Manchester vegna gruns um kynferðisbrot gegn barni. Húsleit hafi verið gerð á heimili Gylfa Þórs samhliða handtökunni. Gylfi Þór lék ekki með Everton í æfingaleik þá helgi.

### 19. júlí: Settur í leyfi hjá félagsliði sínu

Everton staðfestir að leikmaður liðsins hafi verið settur í ótímabundið leyfi hjá félaginu vegna lögreglurannsóknar. Skömmu síðar greinir Everton frá því að um sé að ræða 31 árs gamlan leikmann liðsins. Hringurinn þrengdist síðan enn frekar þegar Fabian Delph sagði að hann væri ekki umræddur leikmaður. Þá var Gylfi eini leikmaðurinn sem gat komið til greina í leikmannahópi liðsins.

### 20. júlí: Nafnið birt í íslenskum fjölmiðlum

Íslenskir fjölmiðlar segja frá því að Gylfi Þór sé til rannsóknar hjá lögreglunni í Manchester vegna kynferðisbrots gegn barni. Gylfi Þór hefur ekkert tjáð sig um ásakanir í sinn garð. Breskir fjölmiðlar vitna í þá íslensku hvað nafngreininguna varðar. Ekkert hefur skýrst meira í málinu síðan þá.

### 11. ágúst: Málið ennþá til rannsóknar

Lögreglan í Manchester staðfestir að mál Gylfa Þórs sé enn til rannsóknar hjá embættinu. Rætt hafði verið um að hann myndi mæta fyrir dómara 12. eða 13. ágúst en ekkert varð úr því. Næsta dagsetning í málinu er þá 16. október.

### 25. ágúst: Ekki í landsliðshópnum

Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen tilkynna landsliðshóp sinn fyrir komandi leiki í undankeppni HM 2022. Gylfi Þór er ekki í leikmannahópnum og Arnar Þór segist ekki hafa rætt við Gylfa Þór síðan hann var handtekinn. Á fimmtudaginn síðastliðinn var svo sömu sögu að segja. Gylfi Þór var ekki valinn í næstu leiki liðsins gegn Armeníu og Liechtenstein sem spilaðir verða á Laugardalsvelli í október. Arnar Þór hefur ekki verið í sambandi við hann síðustu vikurnar.

### 11. september: Ekki í hópnum hjá Everton

Everton sendir frá sér staðfestingu á leikmannahópi liðsins fyrir komandi keppnistímabil í ensku úrvalsdeildinni 1. september og var hópurinn birtur á vefsíðu félagsins laugardaginn 11. september. Þar er nafn Gylfa Þórs ekki að finna á meðal leikmanna í hópi liðsins. Það af leiðandi liggur fyrir að hann muni ekki spila með félagsliði sínu fyrr en í upphafi næsta árs í fyrsta lagi.

### Laus gegn tryggingu til 16. október

Gylfi Þór er laus gegn tryggingu til 16. október en talið er að málið verði tekið fyrir hjá dómara þann daginn, eða tilkynnt að málið hafi verið leyst utan dómstóla. Ekkert hefur hins vegar verið staðfest í þeim efnum af lögregluyfirvöldum í Manchester.

# Afgreiðsla Skattsins í Reykjavík á einum stað

**Frá og með mánudeginum 4. október verður öll afgreiðsla Skattsins, sem og fyrirtækja- og ársreikningaskrá, staðsett að Tryggvagötu 19**

Opnunartími afgreiðslu verður óbreyttur
eða mánudaga - fimmtudaga frá kl. 09:00 - 15:30
og föstudaga frá kl. 09:00 - 14:00

Símanúmerið helst einnig óbreytt **442 1000**

Næg bílastæði eru í nálægum bílastæðahúsum

Nánari upplýsingar eru á vef Skattsins **skatturinn.is**

**Skatturinn**





BJORK@FRETTABLADID.IS

# Það er enginn að fara að deyja

Eva Dís Þórðardóttir segir í einlægu forsíðuviðtali frá aðdraganda og afleiðingum þess að missa eiginmann sinn og verða ekkja aðeins 34 ára gömul. Sára reynsluna er hún staðráðin í að láta efla sig og sína. Eins vill hún opinskátt samtal um það sem tekur við, að líf þeirra sem eftir eru haldi áfram þó að um tíma virðist það óhugsandi. Við látum sem ódauðleg séum þar til eitthvert okkar fær kallið og sjáum þá oftast eftir því sem sagt var eða ósagt. Þegar börnin fara að velta dauðanum fyrir sér erum við fljót að kæfa spurninguna með því að við séum ekkert að fara að deyja – og alls ekki þau! En eins og Eva Dís bendir réttilega á í viðtalinu er það náttúrlega bara kjaftæði.

Enginn veit sína ævi fyrr en öll er en öll vitum við að ævi okkar endar með: Dauða! Og það er án gríns bara svolítið holt að horfast í augu við þá staðreynd. ■

> Enginn veit sína ævi fyrr en öll er en öll vitum við að ævi okkar endar með: Dauða!

## Við mælum með

**Mannbætandi Missir**

Þáttaröðin Missir sem finna má í Sjónvarpi Símans er tímamótaverk í íslenskri sjónvarpssögu. Það allra sárasta og erfiðasta, andlát ástvina, er tæklað, heilað, rætt og útskýrt. Málefni sem við sem þjóð höfum lengi viljað grafa þó ómögulegt sé að gleyma. Hvort sem þú hefur misst náinn ástvin eða munt gera, því eins og bent er á í þættinum eru ástin og sorgin systur; þá er áhorf á Missi mannbætandi.






**Chickpea Reykjavík**

Veitingastaðurinn Chickpea lætur ekki mikið yfir sér við hlið verslunar Krónunnar á Hallveigarstíg, en var þó ekki lengi að öðlast fastan kúnnahóp þrátt fyrir að hafa aldrei auglýst. Um er að ræða fjölskyldurekinn vegan veitingastað með heiðarlegan, vel útilátinn og saðsaman mat. Falafel, vefjur, súpur og samlokur sem skila þér svífandi inn í daginn auk þess sem að í hverri viku er boðið upp á rétt vikunnar. ■



Nura A. Rashid kemur fram á ráðstefnu samtakanna Hennar rödd sem fram fer í Borgarleikhúsinu í dag, þann 2. október. Ráðstefnan fjallar um heilsu kvenna af erlendum uppruna. MYND/AÐSEND

# Heilsa okkur ekki einu sinni

**Nura A. Rashid, íslensk kona af singapúrskum ættum, sigraðist á brjóstakrabbameini fyrir tíu árum og beitir sér nú fyrir því að jafna hlut kvenna af erlendum uppruna í heilbrigðiskerfinu.**

ingunnlara@frettabladid.is

Verulega hallar á erlendar konur á Íslandi að sögn Nuru en sjálf telur hún sig heppna að hafa fengið góðar upplýsingar og stuðning þegar hún barðist við krabbamein. Þá hafði Nura búið á Íslandi í fimm ár og náð góðum tökum á íslensku tungumáli en hún segir konur sem eru nýfluttar til landsins eða kunna ekki tungumálið eiga í erfiðleikum með að lóðsa sig í gegnum kerfið. Oft mæti þær fordómum.

„Það eru dæmi um að læknar horfi ekki í augun á konunum og beini tali sínu að maka þeirra ef hann er Íslendingur. Þær hringja í móttökuna og þegar starfsmaður heyrir ensku í símanum er skellt á þær,“ segir Nura og bætir við að þetta sé frekar algengt.

**Meinið útskýrt á íslensku**

„Þegar ég greindist var læknirinn að reyna að útskýra meinið með læknistali á íslensku. Ég er svo frek að ég krafðist þess að hann útskýrði þetta á ensku því ég gat ekki skilið íslensku fullkomlega, sérstaklega þegar ég þurfti taka við ógrynni af upplýsingum og heyra ný og framandi orð. Læknirinn minn tók vel í það og útskýrði allt á ensku.“

Hún segir nauðsynlegt að opna umræðuna um menningarnæmi. Ísland sé fjölmenningarsamfélag og fólk nálgist veikindi á mismunandi hátt eftir menningarheimum og trúarbrögðum. Það sé nógu erfitt að greinast með krabbamein, hvað þá að vera langt frá fjölskyldu sinni í landi þar sem maður skilur tungumálið illa.

„Ég vil bara hjálpa þessum konum. Ég missti vin minn úr krabbameini og ég reyni mitt besta að ná til kvenna sem greinast. Það eru ekki allar sem vilja hjálp en mér finnst skipta máli að þessar konur fái allar upplýsingar.“

**Mismunað eftir uppruna**

Aðspurð segir hún að konum sé gert mishátt undir höfði eftir uppruna þeirra og það sé allt frá litlu hlutunum, eins og að enginn bjóði þeim góðan daginn þegar þær skrái sig inn hjá móttökunni, að stóru málunum, eins og að þær fái ekki nauðsynlegar upplýsingar um krabbameinsgreiningu sína.

„Þú átt að hugsa um þegna þína og það á ekki að skipta máli hvort þeir séu af erlendu bergi brotnir.“

> Það eru dæmi um að læknar horfi ekki í augun á konunum og beini tali sínu að maka þeirra ef hann er Íslendingur.

Nura kemur fram á ráðstefnu um heilsu kvenna af erlendum uppruna sem fer fram í Borgarleikhúsinu í dag, þann 2. október. Félagasamtökin Hennar rödd halda utan um viðburðinn og Eliza Reid, forsetafrú Íslands, mun ávarpa gesti í upphafi ráðstefnunnar.

Nánar um dagskrá ráðstefnunnar á vefsíðu samtakanna: hennarrodd.is. ■

Nánar á frettabladid.is

## ■ Í vikulokin



Ólafur Arnarson

# Áframhaldandi stjórnarsamstarf alls ekki tryggt

Leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna ræða nú áframhaldandi samstarf. Staðan er snúnari en menn sáu fyrir. Flokkur forsætisráðherra beið afhroð, tapaði þremur þingsætum, Framsókn vann stórsigur, bætti við sig fimm þingsætum, og Sjálfstæðisflokkurinn náði að afstýra stórtapi og hélt óbreyttum þingmannafjölda.

Á síðasta kjörtímabili voru níu þingmenn Vinstri grænna (eftir að tveir sögðu sig úr flokknum) á bak við ríkisstjórnina og átta Framsóknarmenn. Nú eru átta VG-liðar og 13 Framsóknarmenn. Styrkhlutföllin milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknar eru nær jöfn eftir stórsigur Framsóknar. Fráleitt er annað en að Sigurður Ingi Jóhannsson geri kröfu til forsætisráðuneytisins. Kjósendur gerðu kröfu um slíkt þegar þeir þyrptust um Framsóknarflokkinn. Svo virðist sem VG leggi ofuráherslu á að Katrín Jakobsdóttir haldi áfram sem forsætisráðherra, ekkert annað skipti máli við ríkisstjórnarmyndun. Vísað er í vinsældakannanir. Það er hins vegar aðeins ein vinsældakönnun sem skipir máli. Kosningarnar sjálfar. Kjósendur höfnuðu Katrínu Jakobsdóttur og völdu Sigurð Inga Jóhannsson.

Framsóknarmenn eiga fleiri kosti en að sitja í ríkisstjórn með Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokki. Gefi Framsóknarflokkurinn eftir forsætisráðuneytið í áframhaldandi stjórnarsamstarfi verður verðmiðinn hár. Einsýnt er að Sigurður geri kröfu um fjármálaráðuneytið og augljóslega verður VG að horfa á eftir heilbrigðisráðuneytinu og jafnvel umhverfisráðuneytinu líka.

> Vísað er í vinsældakannanir.

Þyngist þá þrautin fyrir Bjarna Benediktsson. Hvaða ráðuneyti er nógu bitastætt? Fyrir flokksformann felur það dauðann í sér að setjast í utanríkisráðuneytið. Varla myndi Guðlaugur Þór heldur kveðja það þegjandi og hljóðalaust.

Sjálfstæðisflokkurinn vill halda ríkisstjórnarsamstarfinu áfram því að í þessari ríkisstjórn getur hann óáreittur varið sérhagsmuni stórútgerðarinnar, sem virðist vera megintilgangur þessarar fyrrum fjöldahreyfingar. Kannski Bjarni verði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra? Kannski tekst ekki að halda stjórnarsamstarfinu áfram. ■

POTTURINN STEFNIR Í

# 53

MILLJÓNIR

þægilegt
í appinu

inná
lotto.is

eða næsta
sölustað

Lottó
LEIKURINN OKKAR




Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.
Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

---

**UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR**
**S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16**




*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.
**Bjóðum upp á 35”-40” breytingapakka fyrir Wrangler.

ISBAND | Jeep

**Eva Dís Þórðardóttir missti eiginmann sinn og barnsföður fyrir tveimur árum. Skyndilega varð hún ekkja, aðeins 34 ára gömul með tvo syni. Eva ákvað fljótt að láta sára reynsluna efla sig og synina þó að hún segi söknuðinn munu fylgja henni út ævina.**



Eva Dís segir sáran missinn hafa mýkt sig sem manneskju og með mýktinni komi styrkur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þó ég sé brosandi glöð er ég alltaf að syrgja



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Eiginmaður Evu Dísar, Stefán Haraldsson, lést í apríl 2019 eftir hjartaskipti í Gautaborg. „Hann fæddist með hjartagalla en hafði átt góða æsku og gott líf, þrátt fyrir veikindi,“ útskýrir Eva Dís en þau Stefán kynntust þegar hún var 18 ára og hann 22 ára.

„Þótt veikindin hafi alltaf verið með okkur þá voru þau ekki fyrirferðarmikil, þetta var normið okkar. Þegar maður hugsar til baka finnst manni það kannski pínu sérkennilegt,“ segir Eva Dís um veikindin.

Það var svo árið 2017 að heilsu Stefáns fór að hraka. „Hann fékk þá skilgreiningu að hann væri með hjartabilun sem þýðir í raun að ekkert er hægt að laga heldur sé frekar verið að reyna að halda stöðunni eins og hún er. Þarna áttuðum við okkur á því að hann þyrfti mögulega að fara í hjartaskipti í framtíðinni.“

Eva Dís segir Stefán hafa haft einstaka hæfileika til að finna sinn takt í lífinu með þeim hömlum sem honum voru settar. „Ég held því að ansi margir í kringum okkur hafi ekkert áttað sig á því hversu veikur hann var.“

**Staðan var sjokk fyrir okkur**

Undir lok árs 2018 fóru þau hjónin til Gautaborgar þar sem metið var hvort Stefán væri kandídat í hjartaskipti. „Ég man eftir að við ræddum að hann yrði örugglega sendur heim og ætti að koma aftur eftir svona tvö ár.“ Það varð þó alls ekki raunin. „Það var aftur á móti merkilegt með Stefán, hversu heilbrigður hann virtist,“ segir hún og rifjar upp að á síðustu myndinni sem tekin var af honum, degi áður en hann fór út í hjartaskipti, sé hann sætur og finn eins og hann var alltaf. „Þig myndi aldrei gruna að þessi maður væri að bíða eftir hjartaskiptum.“

Sérstök nefnd metur hvort fólk eigi erindi á hjartaskiptalista en Eva Dís segir það ekki hafa tekið langan tíma að taka ákvörðun í tilfelli Stefáns. „Þetta var svolítið sjokk fyrir okkur, að þetta væri staðan.“

**Ætli þetta sé banaslys?**

Eftir þessa skoðun héldu hjónin aftur heim. Þau vissu að Stefán væri kominn á lista en ekki hvar á listanum hann væri. „Það eina sem okkur var sagt var að listinn væri stuttur og allar líkur væru á því að hann kæmist fljótt að. Þetta er svolítið eins og þegar maður er að bíða eftir fæðingu, maður er búinn að pakka ofan í tösku og er bara að bíða,“ segir Eva og lýsir tímanum frá desember og fram í apríl þegar kallið kom, sem mjög skrítnum. „Á hverjum einasta degi bíður maður eftir að þetta símtal komi og því lengri sem þessi tími er því þyngri verða hugsanirnar. Þegar maður heyrir í sjúkrabíl, hugsar maður innst inni: „Ætli þetta sé banaslys?“ Maður fer í algjörlega absúrd hugsunarhátt. Það lifir enginn án hjarta, svo maður er meðvitaður um að það þarf einhver að deyja til að ástvinur manns lifi,“ lýsir hún og segir þennan þankagang skapa mikið samviskubit.

**Ræddu aldrei dauðann**

Það var svo á sunnudegi í apríl að fjölskyldan fór í fermingarveislu og eldri sonurinn hélt svo í körfuboltabúðir yfir páskana og kvaddi föður sinn.

„Við förum að sofa og á miðnætti hringir sími Stefáns. Okkur var sagt að komið væri hjarta og við þyrftum bara að gera okkur klár. Þá fer af stað skrítin atburðarás,“ útskýrir Eva Dís og lýsir því hvernig hún hafi bæði verið full eftirvæntingar en um leið aldrei upplifað aðra eins hræðslu. „Við vorum samt alltaf ótrúlega bjartsýn og við ræddum aldrei dauðann sem möguleika. Það er einmitt hluti þess að ég fór að vinna þessa þætti mína,“ útskýrir Eva Dís, sem átti hugmyndina að Missi, ásamt Ínu vinkonu sinni, sjónvarpsseríu sem fór nýverið af stað í Sjónvarpi Símans. Þættirnir sem eru sex talsins fjalla um sorg og missi en ekki síst framhaldið eftir slíkt áfall. „Ég er búin að hugsa þetta fram og til baka og ég held hreinlega að við höfum þurft að halda þessum fókus, við ætluðum að vera svo bjartsýn á að þetta myndi ganga.“

**Súrefnisskortur í aðgerð**

Hjónin fóru með sjúkraflugi til Gautaborgar. Þar fór Stefán í hjartaskiptaaðgerð sem talað var um fyrir fram að myndi taka um átta klukkustundir. Hún tók aftur á móti 23 tíma enda flóknari en talið var í fyrstu. Að tuttugu og þremur klukkustundum liðnum kom Stefán úr aðgerð og segir Eva Dís bjartsýni hafa ríkt fyrstu klukkustundirnar en fljótlega hafi eitt og annað farið að valda áhyggjum.

„Það kom fljótt í ljós að hann hafði orðið fyrir súrefnisskorti í aðgerðinni en því ollu margir samverkandi þættir.“ Með degi hverjum varð ljósara að ef hann myndi vakna yrði ástandið mjög erfitt.

Þegar ljóst var að ástandið væri krítískt var mælt með því að drengirnir, þá átta og ellefu ára, kæmu út og komu bræður Stefáns með þá til Svíþjóðar auk þess sem faðir hans var kominn.

> Það lifir enginn án hjarta, svo maður er meðvitaður um að það þarf einhver að deyja til að ástvinur manns lifi.

**Lífið gefur ekki breik**

Tveimur dögum síðar kom í ljós að heilastarfsemin var engin.

„Við náðum ótrúlega dýrmætum tíma saman fjölskyldan og þó synirnir hafi ekki séð pabba sinn vakandi þá var mikilvægt að þeir fengju alla söguna og næðu þessari tengingu.“

Um miðnætti þann 21. apríl 2019 lést Stefán.

„Við fjölskyldan fengum frábæra aðstöðu í sjúkrahúsgarðinum rétt upp við gjörgæsluna. Fallegt sænskt hús með rósóttum sófum, kirsuberjatrjám og litilli tjörn.“

Daginn eftir að Stefán lést rann upp páskadagur og drengirnir sem höfðu komið með páskaeggin sín frá Íslandi biðu spenntir eftir að leita að þeim. Lífið hélt svo sannarlega áfram.

„Við fullorðna fólkið vorum því í eins konar móðu að fela páskaeggin í sjúkrahússgarðinum. Á þessu augnabliki var allur fókusinn á að vera til staðar fyrir þá,“ segir Eva Dís og lýsir því hvernig allt verði skýrt í slíku áfalli. „Lífið gefur manni ekki breik í eina mínútu.“

**Ekki undir þetta búin**

„Við vorum á leið út til að hefja nýtt líf, en svo komum við heim án hans,“ útskýrir Eva Dís.

„Ég var með væntingar fyrir okkur sem fjölskyldu, um hluti sem flestum þykja sjálfsagðir, eins og að geta farið í fjallgöngur eða á skíði. Svo kom ég heim og það var vissulega nýtt líf, en ekkert eins og ég hafði séð fyrir mér og ég var bara ekkert undir það búin. Það var enginn búinn að pæla í þessum möguleika,“ segir Eva Dís, sem segist hafa velt því töluvert fyrir sér eftir á hvers vegna þau hafi aldrei rætt þann möguleika að Stefán myndi ekki lifa þessa stóru aðgerð af.

„Ég og aðrir hafa spurt mig hvers vegna við höfðum aldrei rætt þetta. Ég spyr þá á móti: „Er það svo rosalega skrítið?“ Ég held það sé ekkert skrítið, við höfðum ekkert val. En svo er þetta líka hluti af okkar samfélagi. Við erum með dauðafóbíu og sussum til að mynda á börnin okkar þegar þau fara að spyrja út í dauðann og svörum þeim helst að enginn sé að fara að deyja, sem er náttúrlega bara kjaftæði.“

> Við erum með dauðafóbíu og sussum til að mynda á börnin okkar þegar þau fara að spyrja út í dauðann og svörum þeim helst að enginn sé að fara að deyja, sem er náttúrlega bara kjaftæði.“

**Mýktin kemur með áfallinu**

„Það er svo margt sem maður hefði viljað segja og gera. Ég hélt til að mynda að ég væri rosa dugleg að segja strákunum mínum að ég elskaði þá en fattaði svo að ég væri alveg sparsöm á það. Nú í dag kveð ég þá aldrei nema segja þeim að ég elski þá og segi öðrum oftar að mér þyki vænt um þá. Ég ætla ekki að segja að ég hafi verið köld áður, en kannski að vissu leyti. Maður mýkist við svona áfall og áttar sig á hvað lífið er brothætt og með því styrkist maður. Auðmýktin gerir það að verkum að fólkið mitt færist nær mér, ég hleypi betur að mér og finn þannig betur stuðning fólksins míns. Ég var framagjörn ung kona sem ætlaði sér hátt og var alltaf að maxa mig í námi og vinnu. Ég ætlaði mér stóra hluti, svo gerist þetta og þá sé ég að þessir hlutir skipta engu máli,“ segir hún einlæg.

„Þegar maður hittir fólk í sorg »

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Stofnframlög

# Fjölgum íbúðum fyrir tekju- og eignalága

## Stofnframlögum þegar úthlutað vegna 2.899 almennra íbúða

**Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til samfélagssinnaðra leigusala til að kaupa eða byggja almennar íbúðir.**

**Markmiðið er að fjölga hagkvæmum leiguíbúðum og bæta húsnæðisöryggi eignalítilla og tekjulágra. Húsnæðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.**

**Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar 17,3 milljörðum króna verið úthlutað til byggingar og kaupa á 2.899 íbúðum víðsvegar um landið. Heildarfjárfesting í uppbyggingu nemur um 89 milljörðum króna.**

**Sveitarfélög þar sem veitt hefur verið stofnframlag**




## Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

**Auglýst er eftir umsóknum í seinni úthlutun fyrir árið 2021 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:**

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

**Auk þess verður lögð áhersla á:**

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa á hverju svæði.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

**Umsóknarfrestur:** 24. október 2021

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 183/2020 að skila sér innan umsóknarfrests.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, www.hms.is.**

Borgartúni 21, 105 Rvk - Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki

**hms.is**



Eva Dís upplifir að nú að tveimur árum liðnum geti hún horft fram á veginn, sárar tilfinningar hafi mildast.

» sér maður betur og betur hversu margt sem við erum að gera í heiminum í dag skiptir engu máli. Við í vestrænum heimi erum sjúklega sjálfhverf," segir hún ákveðin.

**Játaði sig sigraða**

Þótt Eva Dís hafi minnkað við sig vinnuna í dag þá gerði hún það alls ekki strax. Hún hélt áfram að vinna í markmiðalistanum sínum og bauð sig meðal annars fram í stjórn verkfræðistofunnar sem hún starfar fyrir og tók þar sæti. „Þetta var í mínum huga algjörlega lógískt – bara áfram gakk!"

„Adrenalínið dugði í smástund en svo játaði ég mig hreinlega sigraða í febrúar síðastliðnum og fór í sex mánaða veikindaleyfi. Minn fókus hafði verið að reyna að koma börnunum í gegnum þetta og þegar mér fannst þeir orðnir góðir fór ég að slaka aðeins á og eins og samkvæmt uppskrift þá hafði ég tæmt mín batterí."

Talið berst að söknuðinum sem eðlilega hellist yfir við makamissi og ekki síst þegar fólk er búið að vera par frá því á unglingsárunum.

„Ég hafði séð fyrir mér að ég myndi sakna hans mest í ákveðnum aðstæðum, en svo saknar maður sterkast í aðstæðum sem eru varla sérstakar. Þegar maður er bara heima og allir að gera sitt. Maður fattar hversu miklu þessir litlu hlutir, sem maður er svo vanþakklátur fyrir, skipta. Hversdagsleikinn í sinni smæstu mynd, að skipuleggja vikuna og skipta með sér verkefnum."

**Nýtt samband**

Eva Dís sótti sér fljótt faglega aðstoð, bæði í gegnum sálfræðing, prest á Landspítala og í jafningjastuðning og segir allt hafa hjálpað sér. Í stuðningshópi hjá Sorgarmiðstöðinni kynntist Eva Dís Gísla og hófu þau ástarsamband fyrir ári síðan. Hann hafði misst eiginkonu sína og tengdust þau strax sterkum böndum.

„Ég fann sterkt þegar ég hóf þetta samband ári eftir að Stefán lést, að samfélagið hugsaði að það væri allt í lagi með mig og þá saknaði ég hans ekki lengur. En mig langaði að öskra á torgum: „Ég sakna hans!" segir Eva Dís og finnst sem óskráðar reglur gildi í samfélaginu um hvenær sé viðeigandi að hefja samband á ný.

„Það er ótrúlega dýrmætt að eiga þessa sömu reynslu að baki og einmitt þess vegna held ég að hlutirnir hafi gerst tiltölulega hratt. Það getur verið erfitt fyrir nýjan maka að finna sér stað þar sem fyrrverandi maki hefur fallið frá. Þetta er allt annað en skilnaður. Nýi makinn þinn saknar enn og elskar þann sem er látinn. Þetta eru flóknar tilfinningar."

Eva Dís segist hafa verið forvitin um sorgina sem hún hafði svo oft heyrt að væri misjöfn á milli einstaklinga og aðstæðna. „Við Ína Ólöf Sigurðardóttir, vinkona mín og framkvæmdastjóri Sorgarmiðstöðvar, vorum einhvern tíma að ræða þessi mál og ég sagði að það þyrfti einfaldlega að gera sjónvarpsþætti um þetta. Ekkert dramarugl, heldur um það hvernig fólk heldur áfram og vinnur í hlutunum."

> Maður fattar hversu miklu þessir litlu hlutir, sem maður er svo vanþakklátur fyrir, skipta.

**Eftirlifendur þjakaðir af samviskubiti**

Hugmyndin varð eins og fyrr segir að veruleika, þökk sé Reyni Lyngdal, Frey Eyjólfssyni, Republik Film og Símanum, og segir Eva Dís rauða þráðinn hafa verið að finna viðmælendur sem þær vissu að hefðu unnið vel í sínum málum, væru tilbúnir að tala hreinskilnislega og jafnvel stinga á tabú.

„Ég held að þeir sem lenda í svona áföllum séu oft svo þjakaðir af samviskubiti. Það er samviskubitið yfir að gráta ekki nóg, yfir að brosa, yfir að eignast annað barn eða nýjan maka. Það er eins og okkur sé kennt að við eigum ekki að finna gleðina aftur. Samt eigum við að halda áfram. Þetta verður tilfinningalegur hrærigrautur."

Eva Dís segist í dag forgangsraða á annan hátt en áður. „Ég vel samveruna með strákunum fram yfir annað í dag. Það er líka hluti af eftirsjánni, að ég valdi oft vinnuna fram yfir okkur. Eftirsjáin er að hafa ekki valið samveru með honum og strákunum og ætla ég að læra af því."

> Auðvitað hefði ég viljað að þetta hefði ekki gerst en ég sjálf er betri manneskja af því þetta gerðist.

**Velur í dag öðruvísi**

Eftirsjá er oft áberandi við slíkan missi og er Eva Dís þar ekki undanskilin. „Ég hefði viljað ræða möguleikann á að hann myndi deyja og vera betur undirbúin. Eftirsjáin snýst aðallega um mína forgangsröðun. Í dag vel ég öðruvísi. Ég leyfi mér að vera meira á staðnum, sem er ákveðin núvitund. Og svo er það líka þessi klisja: Ég hefði viljað segja honum oftar hvað mér fannst hann frábær. Í hverju mér fannst hann góður, en ég held að við séum oft duglegri að segja maka okkar hvað okkur finnst þeir ekki góðir í. Ég sakna messenger-skilaboðanna um hvað á að vera í matinn sem er leiðinlegasta spurning dagsins."

Eva Dís segir hreinskilni einkenna nýja sambandið. „Þó við séum búin að vera stutt saman er þroski sambandsins mikill og reynslan skilar sér í öll okkar samskipti. Það er dýrmætt að hafa bæði farið í gegnum þetta, líka fyrir börnin okkar. Ég get sagt honum að ég sakni Stebba. Það er ekki sjálfgefið að geta rætt slíkt við nýjan maka. Okkur þykir líka vænt um maka hvors annars, það er skrítin tilfinning að þykja vænt um einhvern sem maður hitti aldrei."

**Tilfinningarnar mildast**

Nú eru tvö ár frá því að Stefán féll frá og segist Eva Dís finna að hún sé að lenda og hún sjái nú að það verði í lagi með þau. Þau geti farið að fókusa aftur á lífið fram undan.

„Tilfinningarnar mildast og maður getur hugsað til erfiðra aðstæðna án þess að það sé óbærilega vont."

Eva Dís hefur sannarlega unnið vel úr sárri reynslu og tekið það besta út úr henni eins og hún var strax staðráðin í að gera.

„Mér fannst strax himinninn blárri og fjöllin grænni, litirnir sterkari. Ég fór stundum í bíltúr því mér fannst sólsetrið svo fallegt. Áður fyrr hefði ég ælt yfir slíkri væmni. Ég upplifði svo mikið þakklæti. Að horfa á börnin mín vaxa og átta mig á því að það er ég sem fæ að njóta þess. Ég ákvað strax að ég ætlaði að láta þetta efla mig, efla strákana mína. Auðvitað hefði ég viljað að þetta hefði ekki gerst en ég sjálf er betri manneskja af því þetta gerðist.

**Alltaf að syrgja**

Þó ég sé brosandi glöð er ég alltaf að syrgja. Ég hugsaði lengi hvenær ég myndi hætta að vakna með hann sem fyrstu hugsun eða sofna með hann sem síðustu, en það er enn þannig og núna vil ég ekki að það hverfi. Þannig tekur maður ástvini áfram með sér í gegnum allt lífið. Ég mun alltaf sakna hans. Við stórar stundir í lífi sona okkar græt ég bæði af gleði og af sorg yfir því að hann skuli ekki vera hér. Manneskjan sem grét aldrei er meyr og klökk yfir minnstu hlutum og mér finnst það allt í lagi. Það er bara styrkleikamerki að tengjast tilfinningum sínum, frekar en veikleikamerki. ■




# Eldhúsinnréttingar

Vandaðar og stílhreinar innréttingar frá franska fyrirtækinu **SCHMIDT.**
**10 ára ábyrgð.** Innréttingarnar koma fullsamsettar til landsins.

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu
við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.

**Opið í dag, laugardag, kl. 11-14**

**Dalvegi 10-14**, 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

# Gæði umfram magn

**Hjónin Bragi Jónsson og Erla Hendriksdóttir fluttu til Kaupmannahafnar fyrir rúmum tveimur áratugum, þá til að spila hand- og fótbolta, en í dag reka þau lítið „slow fashion“ fyrirtæki í kringum JoDis skóna.**



Þau Erla og Bragi verja flestum stundum saman enda hjón og samstarfsfólk. Þeim semur vel og segjast sjá hlutina með svipuðum hætti. MYND/MARTIN HOJER



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Þetta ævintýri hófst nú bara með góðum kaffibolla við stofuborðið heima í Köben þar sem við búum. Okkur dreymdi um að stofna eigið skófyrirtæki sem einblínir á gæði umfram magn – andstætt fjöldaframleiðslu, því okkur er ekki sama hvernig skórnir eru unnir eða úr hvaða efni,“ segir Bragi, spurður út í ævintýrið sem hófst fyrir fjórum árum síðan.

Erla og Bragi fluttu til Kaupmannahafnar fyrir rúmum 22 árum, Erla til að spila fótbolta og Bragi handbolta. Þau gerðu bæði samninga við lið í Kaupmannahöfn og var ætlunin að prófa eitt ár fjarri heimahögum. Heimferðin hefur þó heldur betur dregist á langinn og hafa þau nú búið í Danmörku í rúma tvo áratugi og eru bæði löngu hætt í boltanum. Nú er það fyrirtækjarekstur og skóframleiðsla sem á hug þeirra allan.

**Danskari en þau viðurkenna**

„Það var aldrei planið að vera svona lengi í Danmörku en tíminn er fljótur að líða þegar það er gaman og manni líður vel. Alveg frá fyrsta degi höfum við kunnað vel við okkur í Kaupmannahöfn og erum við líklega orðin danskari en við viljum viðurkenna”, segir Bragi brosandi.

„Við héldum lengi út í boltanum. Ég spilaði í úrvalsdeildinni og Bragi fór yfir í þjálfun. Á þessum tíma var ég í íslenska landsliðinu í fótbolta og kom því oft heim og fékk því aldrei beinlínis heimþrá”, segir Erla.

Samhliða boltanum luku þau háskólanámi, Erla í iðjuþjálfun og Bragi viðskiptafræði. Eftir námið hóf Bragi störf í fata- og skóbransanum og ferðaðist víða um heim og kynntist þessum bransa vel.

„Ég byrjaði að vinna með skó fyrir 20 árum þegar ég vann fyrir skóframleiðanda samhliða skóla og þjálfun. Þetta fór vel saman og framfleytti okkur á þessum tíma. Eftir háskólanámið vann ég fyrir danskt tískufyrirtæki sem sérhæfir sig í fatahönnun, en nokkrum árum seinna lá leið mín aftur inn skóbransann,“ segir Bragi.

**Nöfn barnanna**

Það var svo árið 2016 að Bragi og Erla ákváðu að láta draum sinn rætast og stofna fyrirtæki með eigin framleiðslu og úr varð vörumerkið JoDis. Nafnið er sett saman úr nöfnum barna þeirra hjóna sem heita Jónatan Ari, 15 ára og Anna Dís fimm ára. Það má því segja að þetta sé sannkallað fjölskyldufyrirtæki.

Aðspurð hvernig það sé að reka bæði heimili og fyrirtæki saman svarar Erla að það hljómi kannski sem hálfgerð klisja að segja að það gangi vel, en þannig sé það nú samt.

„Okkur semur vel og við sjáum hlutina með svipuðum hætti. Við erum dugleg að ræða málin og hlusta á sjónarmið hvors annars áður en við tökum ákvarðanir – nú og stundum erum við bara sammála um að vera ósammála,“ segir Erla í léttum tón.

Bragi og Erla gera sitt besta til þess að taka vinnuna ekki með sér heim, enda tíminn með börnunum mikilvægur, en eðli málsins samkvæmt gengur það ekki alltaf eftir.

„Öll framleiðslan fer fram í litlu fjölskyldufyrirtæki í Portúgal undir stjórn fólks sem í dag er orðið kærir vinir okkar. Það skiptir svo miklu máli að vinna með fólki sem þú treystir og er á sömu bylgjulengd og maður sjálfur, brennur fyrir sjálfbærni, gæðum og að fara vel með,“ segir Bragi.

**Samstarf við áhrifavalda**

Árið 2016 þegar hugmyndin kviknaði voru áhrifavaldar áberandi og vinsældir þeirra vaxandi. Þarna sáu Bragi og Erla tækifæri til að byggja upp vörumerki sem að stórum hluta væri unnið í nánu samstarfi við áhrifavalda úr tískuheiminum. Í dag er stærsti hluti JoDis-línunnar hannaður í samstarfi við áhrifavalda.

„Það er ótrúlega auðvelt að staðna í tískubransanum og mikil áskorun að halda sér í formi eins og við orðum það. Með því að vinna náið með mismunandi fólki sem hefur sinn eigin stíl erum við alltaf að endurnýja okkur og fá inn ferskar hugmyndir. Við viljum líka stofna til náins sambands okkar á milli – það er, ekki aðeins að fá áhrifavaldana til að auglýsa vöruna heldur hafa þá með í hönnunarferlinu öllu og merkja þær vörur sem eru framleiddar undir þeirra áhrifum, með þeirra nafni. Á þennan hátt fáum við hugmyndir og innblástur frá fólki sem lifir og hrærist í tískuheiminum og útkoman verður eftir því,“ segir Erla.

> „Það er ótrúlega auðvelt að staðna í tískubransanum og mikil áskorun að halda sér í formi eins og við orðum það.
>
> Erla

**Seldist upp á mettíma**

Frá upphafi hafa fimm áhrifavaldar komið við sögu framleiðslunnar. Fyrsta JoDis-línan var gerð í hönnunarsamstarfi með Mascha Vang sem er einn stærsti áhrifavaldurinn í Danmörku. Seinna kom lína með söngkonunni Stine Bramsen og á sama tíma kom fyrsta línan með Andreu Röfn Jónasdóttur, íslenskum áhrifavaldi. Sú lína nefnist „JoDis by Andrea Röfn“ og sló í gegn á Íslandi og seldist upp á mettíma. Síðan hafa fjórar línur verið framleiddar í samvinnu við Andreu Röfn og viðtökurnar verið framar vonum að sögn hjónanna.

„Andrea Röfn hefur alveg einstakan stíl og yndislega nærveru. Samstarf okkar hefur verið frábært enda small hún inn í teymið okkar frá fyrsta degi,“ segir Bragi.

> „Andrea Röfn hefur alveg einstakan stíl og yndislega nærveru. Samstarf okkar hefur verið frábært enda small hún inn í teymið okkar frá fyrsta degi.
>
> Bragi

**Nýr íslenskur hönnuður fyrir jól**

Nú hafa yfir hundrað skótegundir verið framleiddar undir nafninu JoDis og í haust komu fyrstu barnaskórnir.

Fram undan eru spennandi tímar hjá fyrirtækinu og margir skór á teikniborðinu. Ný Andreu Rafnarlína er nú í framleiðslu auk þess sem nýr íslenskur gestahönnuður verður kynntur til leiks fyrir jólin. Þá er JoDis að vinna að nýrri línu með þekktum dönskum aðila sem verður opinberaður á næstu dögum á Instagram-síðu fyrirtækisins.

„Það er ofboðslega spennandi að vinna með nýju fólki. Þessar nýju línur eru allar ólíkar, en sjúklega flottar hver á sinn hátt. Við erum sérstaklega spennt að kynna nýjan íslenskan gestahönnuð inn í teymið okkar og hlökkum til að sjá viðtökurnar,“ segir Erla að lokum. ■



Fimm áhrifavaldar hafa komið við sögu framleiðslunnar og verður nýr íslenskur gestahönnuður kynntur fyrir jól.



Öll framleiðsla JoDis skólínanna fer fram í Portúgal.

**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**

# Hausttilboð

**Steinn og sökkull, grátt granít,**
**grafskrift og skrautmynd (efst).**
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði,**
**Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi.**
**Frí sending um allt land**

**Tilboð 1**




Blómarammi - innanmál 45 cm

**Verð:**

| | |
|---|---|
| Sett eins og á mynd : | 498.000 |
| Sett án blómaramma : | 398.000 |
| Steinn : | 298.000 |

**Tilboð 2**




Blómarammi - 45 cm innanmál

**Verð:**

| | |
|---|---|
| Sett eins og á mynd : | 585.000 |
| Sett án blómaramma : | 485.000 |
| Steinn : | 385.000 |

**Tilboð 3**




**Verð:**

| | |
|---|---|
| Steinn með lugt: | 240.000 |
| Steinn : | 195.000 |




**Paradiso**




**Svartur**




**Grár**

**Tilboð 4 á meðan birgðir endast**
**Hægt að setja tvö nöfn**

**Verð:**

| | |
|---|---|
| Sett eins og á mynd : | 350.000 |
| Steinn án aukahluta : | 255.000 |

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

# Við viljum vera hjá þér

## hvar og hvenær sem er



Dagskráin framundan er litrík og spennandi auk þess sem íslensk dagskrárgerð blómstrar sem aldrei fyrr. Við hlökkum til að vera hjá þér – hvort sem það er í línulegri dagskrá eða á efnisveitunni okkar, Stöð 2+ – hvar og hvenær sem þér hentar.


SPORT
Tryggðu þér áskrift á stod2.is



Þessi stóri bor er notaður til að taka setlagasýni að sex metra dýpt. Borinn er eitt tonn að þyngd og grefst með þyngdarafli í sjávarbotninn.




Niðurstöður rannsóknar Söru gætu varpað ljósi á útbreiðslu eiturþörunga. MYNDIR/FREDERIK WOLFF




HDMS Lauge Koch dregur nafn sitt af danska jarðfræðingnum og heimskautakönnuðinum Koch.

# Tímavél á hafsbotni



**Arnar Tómas Valgeirsson**
arnartomas
@frettabladid.is

**Þörungafræðingurinn Sara Harðardóttir lauk nýlega vísindaleiðangri undan vesturströnd Grænlands á dönsku herskipi. Hún segir leiðangurinn hafa verið ævintýralegan og bíður spennt eftir að greina niðurstöður hans.**

Sara Harðardóttir er einn vísindamanna sem luku nýlega rannsóknarleiðangri upp með vesturströnd Grænlands á dönsku herskipi. Um borð var fjölbreyttur hópur fræðimanna sem unnu saman að því markmiði að rannsaka loftslagstengdar breytingar síðastliðin tólf þúsund ár.

„Ég er kannski helst kölluð þörungafræðingur,“ segir Sara spurð hvernig sé best að titla hana, en hún starfar við dönsku jarðfræðirannsóknarstofnunina GEUS og Laval-háskólann í Quebec í Kanada. Sara er lærður verkfræðingur frá Tækniháskólanum í Danmörku og er með doktorspróf í erfðafræði frá Náttúrusögusafni Danmerkur við Kaupmannahafnarháskóla.

„Á hverju ári eru nokkrir rannsóknarleiðangrar farnir í samvinnu við danska sjóherinn og í ár var okkar hópur valinn til að fara í leiðangur um borð í herskipinu HDMS Lauge Koch,“ segir Sara. „Við sigldum frá Aasiaat til Thule og svo suður til Nuuk og sinntum sýnatöku úr hafi og sjávarjarðkjörnum.“

**Splunkuný tækni**

Til að ákvarða hvort hafís hafi verið á svæðinu á tilteknum tíma nýtir Sara sér sjávarsetlögin sem eins konar tímavél. „Sjávarsetlögin varðveita erfðaefni úr þörungum sem ég get greint og sagt til um hvort hafi verið hafís á svæðinu á þeim tíma sem þeir voru lifandi,“ útskýrir hún.

Sara bætir við að rannsóknir af þessu tagi séu spánnýjar af nálinni. „Áður fyrr höfðum við aðallega verið að rannsaka lífverur sem skilja eftir sig sýnilega slóð, eins og til dæmis götunga, sem eru einfruma sjávardýr sem mynda skeljar úr kalki, og kísilþörunga sem hafa um sig glerskel. Það er ekki fyrr en á síðustu árum sem okkur hefur tekist að vinna með erfðaefnið úr sjávarsetlögum sem gefur okkur tækifæri á að sjá allar þær lífverur sem hafa fallið til botns í hafinu.“

Með Söru um borð var fjölbreyttur hópur fræðimanna frá fjórum fræðistofnunum, meðal annars haffræðingar sem unnu að því að skoða hafstrauminn við Vestur-Grænland, og jarðeðlisfræðingar sem unnu að því að rannsaka hafsbotninn. Þá tók áhöfnin sjálf einnig þátt í sýnatökunni.

Leiðangrinum lauk 3. september en það mun þó líða nokkur tími áður en nokkrar niðurstöður liggja fyrir.

„Það tekur nokkra mánuði að vinna úr svona og líka að fá sýnin heim,“ segir Sara. „Við erum ennþá að bíða eftir að fá til dæmis sjávarsetlagakjarnana í hendurnar. Erfðaefnarannsóknir taka auðvitað sinn tíma líka svo það gæti tekið um þrjá til sex mánuði að fá fyrstu niðurstöður.“

Sara segist spennt fyrir því að hefjast handa við að greina hafísþörungana og segist einnig vongóð um að geta varpað ljósi á útbreiðslu eiturþörunga, sem innihalda efni skaðleg mönnum og dýrum. „Kenningarnar segja að þeir séu að færast norður með minnkandi útbreiðslu hafíss og hitnun sjávar.“

**Ævintýralegt ferðalag**

Vísindaleiðangur um borð í herskipi hljómar ansi ævintýralega og Sara segir upplifunina í samræmi við það. „Við sigldum frá Aasiat, inn Upernavik-fjörð, í gegnum Melville Bay og fram fyrir Cape York sem er auðvitað sögufrægur staður, og þaðan upp til Thule,“ segir hún. „Þetta var virkilega gaman og svo er ansi framandi að vinna með hernum.“

Herinn sinnir fjölbreyttum skyldum og segir Sara að nokkrum sinnum hafi komið fyrir að skipið þurfti að víkja af leið til að sinna björgunarleiðöngrum. „Arktisk Kommando hefur þrjú lykilverkefni,“ segir Sara. „Þeir sinna landhelgisgæslu, aðstoða vísindamenn við rannsóknir og eftirlit og sinna björgunarstörfum. Plönin áttu þess vegna til að breytast ansi oft. Við höfðum upprunalega ætlað að sigla alla leiðina til Qaanaaq og yfir til Kanada, en vonandi getum við klárað leiðangurinn á næsta ári. Þegar unnið er með hafís þarf alltaf mikinn undirbúning, skipin þurfa að geta siglt í, og helst í gegnum, hafís og undirbúningurinn er því oft að minnsta kosti heilt ár.“ ■




Sara vonast eftir að getað klárað leiðangurinn á næsta ári.



Hermennirnir gegna mörgum skyldum og stundum þurfti að víkja frá leiðangrinum til að sinna björgunarstörfum.

**„Það er ekki fyrr en á síðustu árum sem okkur hefur tekist að vinna með erfðaefnið úr sjávarsetlögum.**

**„Þetta var virkilega gaman og svo er ansi framandi að vinna með hernum.**

# ALLT

LJÓMANDI KOLLAGEN
UPPLIFÐU DÝPRI VIRKNI ÚR ÍSLENSKU HAFI
Íslenskt í húð & hár
sjáðu árangur á 30 dögum
PROTIS KOLLAGEN
25% afsláttur í Lyfju
PROTIS

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 2. október 2021



Vetrarskýling er mörgum plöntum nauðsynleg. MYND/AÐSEND

## Plönturnar í vetrarskjól

thordisg@frettabladid.is

Vetrarskýlingar plantna, fræðsluganga í Grasagarði Reykjavíkur, fer fram á morgun, sunnudaginn 3. október, klukkan 11.

Kominn er október, sem þýðir að náttúran skiptir litum og senn styttist í fyrsta vetrardag. Þetta er uppáhaldstími hjá mörgum sem njóta þess að vera úti við á frísklegum góðviðrisdögum og virða fyrir sér fagra litadýrð haustsins.

Í aðdraganda vetrar er að mörgu að huga í garðinum. Til dæmis hverju á að skýla og hvernig best er að bera sig að við vetrarskýlingar. Í fræðslugöngunni verður sýnt hvernig á að skýla rósum, sígrænum runnum og fjölæringum, og um leið verður farið yfir hvaða efni henta við skýlingarnar.

Pálína Stefanía Sigurðardóttir og Svanhildur Björk Sigfúsdóttir, garðyrkjufræðingar hjá Grasagarðinum, sjá um fræðsluna sem hefst sem fyrr segir við aðalinngang Grasagarðsins.

Grasagarður Reykjavíkur er lifandi safn undir berum himni, stofnaður árið 1961.

Hlutverk Grasagarðsins er að varðveita og skrá plöntur til fræðslu, rannsókna og yndisauka. Í garðinum eru varðveittir um 5.000 safngripir af um 3.000 tegundum. Plötunum er komið fyrir í átta safndeildum og gefa hugmynd um fjölbreytni gróðurs í tempraða beltinu nyrðra.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir! ■








Guðrún Jóhanna Friðriksdóttir, snyrtifræðimeistari og eigandi snyrtistofunnar Hafbliks. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Raunverulegur árangur

Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig í meðferðum gegn háræðaskemmdum í andliti og náttúrulegum viðgerðarmeðferðum til að bæta starfsemi húðarinnar í andliti. 2

Snyrtistofan Hafblik hefur í gegnum árin sérhæft sig í tvenns konar meðferðum, sem eru viðgerðir á háræðum í andliti, og náttúrulegar viðgerðarmeðferðir til að bæta starfsemi húðarinnar, segir Guðrún Jóhanna Friðriksdóttir, snyrtifræðimeistari og eigandi snyrtistofunnar Hafbliks.

„Þær náttúrulegu og húðvænu meðferðir sem við bjóðum upp á eru gerðar án inngrips með nálum eða skurðhnífum og bæta raunverulega starfsemi húðarinnar þannig að hún verður margfalt sterkari og heilbrigðari í lok meðferðarkúrs. Við höfum með þessum aðgerðum náð undraverðum og raunverulegum árangri sem við erum stolt af og viljum koma á framfæri til allra þeirra sem vilja njóta og með sanni eldast með reisn.“

Hún segir starfsemi og frumuendurnýjun húðarinnar vera stóraukna með háþróuðum og byltingarkenndum viðgerðarkúr frá Bandaríkjunum þar sem nýjustu hágæða örtækni er beitt. „Þannig verður húðin raunverulega sterkari, unglegri og meira ljómandi. Húðin verður margfalt þéttari í lok langtíma meðferðanna og heldur áfram að vinna á þessum aukna hraða í marga mánuði. Raunveruleg viðgerð á húð þar sem húðin verður sterkari, unglegri og stinnari fæst einungis með langtíma markvissum viðgerðarmeðferðum.“

Hafblik býður upp á ókeypis skoðunartíma þar sem metið er hvað hentar hverjum og einum best. „Húðin er stærsta líffæri líkamans og verðskuldar að hugsað sé vel um hana. Hún þjónar til dæmis mikilvægu hlutverki í vörnum og hefur staðið með okkur í gegnum súrt og sætt. Þegar við vorum yngri töldum við mörg húðina eilífa, en svo er ekki.“

Hafblik býður upp á glæsilega tilboðspakka með frá 140 til 185 þúsund króna afslætti.

**Engin inngrip**

Fyrsta skrefið að sögn Guðrúnar er að gera demantshúðslípun með vönduðum tækjum frá Bandaríkjunum og í kjölfarið súrefnismeðferð/Intraceuticals Infusion, sem er Hollywood-súrefnismeðferðin góða, ásamt annarri gerð súrefnismeðferðar þar sem notaðar eru stofnfrumuampúlur frá AnteAge. „Þetta hátæknivædda bandaríska fyrirtæki hefur unnið í mörg ár með stofnfrumur úr beinmerg 25 ára einstaklinga og tekist að greina og einangra yfir 200 stofnfrumuhvata sem örva alla starfsemi frumna okkar. Þetta er flókið og kostnaðarsamt ferli en gefur 100% náttúrulega meðferð án nála eða annarra inngripsmikilla aðgerða.“

Hún segir AnteAge vera með einkaleyfisvarða formúlu sem líkir 100% eftir stofnfrumuhvötum fólks. „Við erum ekki að fá neitt úr annarri manneskju, en þessi einkaleyfisvarða formúla líkir 100% eftir boðkerfi stofnfrumna. Í einfölduðu máli er hægt að segja að þessir stofnfrumuhvatar tali sama tungumál og frumurnar í líkama okkar, sem fullkomnar skilvirknina í viðgerðarferlinu. Þetta er demanturinn á bak við þennan stórglæsilega og raunverulega árangur sem við erum svo stolt af ásamt súrefnismeðferðunum og bandarísku hágæða demantshúðslípitækjunum.“

**Súrefnismeðferð Hollywood-stjarnanna**

Intraceuticals Infusion/súrefnismeðferð fyllir á náttúrulegar birgðir húðarinnar með fráhrindikrafti 98% hreins súrefnis, að sögn Guðrúnar. „Þetta er náttúruleg og húðvæn aðferð til að koma hreinum náttúrulegum efnum í neðstu lög húðarinnar þar sem frumuendurnýjunin á sér stað, án nála eða annarra inngripsmikilla aðgerða og er nútímalegri og þróaðri en meðferðir þar sem húð er rofin.“

Hún segir virku efnin vera frostþurrkuð á mjög vísindalegan og háþróaðan hátt. „Þessi frostþurrkuðu virku efni eru í marginnsigluðum vönduðum ampúlum og varðveitast 100% fersk þar til þær eru opnaðar, til að vinna ofan í húðina. Þessi meðferð margfaldar viðgerðarþátt demantshúðslípunarinnar og flýtir þannig fyrir árangrinum.“

Snyrtistofan Hafblik er ein tveggja snyrtistofa á landinu sem bjóða upp á Intraceuticals Infusion/súrefnismeðferð og uppfylla þær báðar ströngustu gæðakröfur Intraceuticals.com og eru skráðar þar á alþjóðavísu sem slíkar stofur. Hin glæsilega stofan er Snyrtistofan á Garðatorgi.

**Það er til lausn**

Í meðferð Hafbliks er notast við hljóðbylgjur til að þurrka upp blóðprótínið í skemmdu háræðunum. „Þetta er hárnákvæm aðferð og hverri æð er fylgt eftir punkt fyrir punkt og ekki höfð áhrif á neitt annað en skemmdu háræðina og er hún því mjög árangursrík.“

Yfirleitt tekur þrjú skipti að loka skemmdu háræðunum endanlega og 4-5 vikur eru látnar líða á milli meðferða. „Ef það þarf fleiri en þrjár meðferðir borga viðskiptavinir ekkert eftir þriðju meðferð, en ekki mega líða meira en 6-8 vikur frá síðustu meðferð á sama meðferðarsvæði.“

Þegar skemmdu háræðarnar sem eru til meðferðar eru 100% lokaðar koma þær ekki aftur. „Hins vegar er þessi hópur fólks með veilt háræðakerfi að upplagi og er því hægt að fá nýjar háræðaskemmdir. Því er nauðsynlegt að vera meðvitaður um að verja húðina vel, meðal annars fyrir sól og frosti,“ bætir Guðrún við.

**Ótvíræður árangur**

Háræðaskemmdir í andliti valda iðulega mikilli vanlíðan hjá fólki og segist Guðrún þekkja það vel af eigin raun, þar sem hún hafi þjáðst af rósroða frá því hún var rétt um þrítugt.

„Það hafði í för með sér að háræðar skemmdust og auðveldast er að lýsa ástandi húðarinnar sem stríðshrjáðri húð með allri sinni eyðileggingu. Við erum flest öll búin að fara í endalausar lasermeðferðir en takmörkuð eða engin lausn hefur fengist. Ég leitaði lengi lausna og fór í kjölfarið að fara á margar „Professional Beauty Shows“ í Bandaríkjunum og þar vöktu sérfræðingar athygli mína á hljóðbylgjumeðferðum gegn háræðaskemmdum. Ég fylgdist lengi vel með, en síðan náði Belgía mér með enn nákvæmari tíðni. Ég fór í gegnum allt þetta ferli sjálf og fór til Belgíu í þessar meðferðir þar sem ég tók þetta sérnám í kjölfarið. Ég er þannig að upplagi að ég þarf að sannprófa allt, margreyna og sjá ótvíræðan árangur áður en ég tileinka mér ákveðna tækni og mæli með.“ ■

Nánari upplýsingar á snyrt.is.



Andrúmsloftið á Snyrtistofunni Hafblik er notalegt og stofan er björt og falleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þannig verður húðin raunverulega sterkari, yngri og meira ljómandi.**
>
> Guðrún Jóhanna Friðriksdóttir


Eftir meðferðina hjá Hafbliki lítur nefið miklu betur út.


Hér sést vel hversu árangursrík meðferðin getur verið.



Yfirleitt tekur þrjú skipti að loka skemmdu háræðunum endanlega.

**Fætur og heilsa**

Hrafnhildur Hjartardóttir, löggiltur snyrti- og fótaaðgerðafræðingur. Tímapantanir mánudaga til föstudaga milli klukkan 9 og 15, í síma 768-0660.

**Fætur og vellíðan**

Guðrún Svava Gunnlaugsdóttir, fótaaðgerða- og snyrtifræðingur. Sími 868-9383.


Eins og sjá má á myndum af Steini Karlssyni er árangurinn stórkostlegur.

**Mælir hiklaust með meðferðinni**

„Meðferðin tókst vel og árangurinn er sannarlega vel sjáanlegur, á því er enginn vafi,“ segir Steinn Karlsson, sem er einn þeirra sem hafa fengið lausn á sínum vanda hjá Snyrtistofunni Hafbliki. Upp úr tvítugu byrjuðu að myndast háræðaskemmdir í andliti hans sem jukust jafnt og þétt með árunum. „Nú eru þær næstum allar horfnar,“ bætir hann við.

Áður en Steinn sá auglýsingu um meðferðina hjá Hafbliki hafði hann íhugað lasermeðferð. „Mér fannst slík meðferð vera fullmikið vesen og því varð ekkert úr henni. Ég ákvað að kíkja til Guðrúnar hjá Hafbliki eftir hvatningu frá eiginkonunni og í sameiningu ákváðum við Guðrún bara að kýla á þetta. Sjálf meðferðin var öðruvísi en ég átti von á. Við hittumst í fjögur skipti yfir rúmt ár og létum nokkra mánuði líða á milli skipta enda þurfti ég tíma til að jafna mig. Eftir hverja meðferð var ég smá rauður og aumur en ég notaði krem samkvæmt ráðleggingum frá Guðrúnu og var því yfirleitt nokkuð fljótur að jafna mig.“

Steinn segist því hiklaust geta mælt með meðferðinni hjá Hafbliki. „Þegar maður hefur mikið af háræðaskemmdum eins og ég var með gátu þær reglulega valdið ertingu og óþægindum. Meðferðin mín tókst virkilega vel, enda kallar Guðrún mig reglulega mesta og stærsta listaverkið sem hún hefur gert fram að þessu.“

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.




# Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús

**MINNUM Á 20% AFSLÁTT Á ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN**




VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
www.verslun.is

Syningarsalur - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is





Edda Björgvinsdóttir leikkona ber slaufuna vel. Hálsmenið er fagurlega skreytt og hönnunin glæsileg.



Mæðgurnar Inga Eiríksdóttir og Ragnheiður Guðmundsdóttir eru ánægðar með slaufuna sína.

# Bleika slaufan perlum skreytt

Hlín Reykdal skartgripahönnuður hannar Bleiku slaufuna í ár sem er táknræn fyrir hana og hefur tilfinningalegt gildi. Hlín hefur hannað skartgripi undir eigin nafni frá árinu 2010.

Hlín Reykdal hannar bleiku slaufuna í ár. MYNDIR/AÐSENDAR

sjofn@frettabladid.is

Hlín leggur mikið upp úr fallegum litasamsetningum og vönduðu handverki í allri hönnun sinni. Allir hennar gripir eru framleiddir hér á landi og hafa notið mikillar hylli frá byrjun. Hlín á hönnunarverslunina Kiosk ásamt öðrum hönnuðum en þar er seld íslensk fatahönnun og skartgripir. Sérstaða Kiosk er sú að þar verslar þú beint við hönnuðina og er verslunin staðsett úti á Granda, að Grandagarði 35.

**Hefur verið með ástríðu fyrir listsköpun og hönnun alla tíð**

„Ég er menntaður fatahönnuður, hef starfað sem skartgripahönnuður í meira en áratug. Maðurinn minn heitir Hallgrímur og ég á tvær stelpur, Stellu 12 ára og Stefaníu 8 ára, sem eru líf mitt og yndi og hafa tekið þátt í þessu með mér á einn eða annan hátt. Ég hef haft ástríðu fyrir listum og hönnun frá því ég man eftir mér. Foreldrar mínir eru báðir listamenn, um helgar vorum við mikið á listasýningum. Ég man eftir því eins og það hafi verið allar helgar. Ferðalög innanlands sem erlendis gengu mikið út á að foreldrar mínir voru að sýna eða við að skoða list og hönnun. Þetta er mér dýrmæt reynsla og ég bý að henni í dag. Við erum þrjár systurnar og ég er örverpið í fjölskyldunni, við förum allar út í listir eða hönnun."

Systur hennar eru Hadda Fjóla Reykdal listmálari og Nanna Huld Reykdal. Hlín segist alla tíð hafa verið að skapa eitthvað og hafa fengið frelsi til þess. „Frá því ég man eftir mér hef ég alltaf verið að skapa eitthvað, sem barn teiknaði ég og málaði öllum stundum. Þegar ég var unglingur fór ég að hafa mikinn áhuga á fötum og að breyta, sauma föt. Heimilissaumavélin brann út. Ég var heppin hvað ég fékk mikið frelsi til að skapa heima. Ég sé marga svipaða takta í dætrum mínum."

**Perluð slaufa með gullplatta**

*Segðu okkur frá hvernig það kom til að þú hannaðir Bleiku slaufuna í ár.*

„Kolbrún hjá Krabbameinsfélaginu hafði samband við mig, ég þurfti ekki að hugsa mig um andartak, enda mikill heiður að fá þetta verkefni. Þetta er mikilvægt verkefni. Krabbameinsfélagið treystir einungis á söfnunarfé og er bleika slaufan einn stærsti þátturinn í því," segir Hlín og er mjög snortin yfir að fá þessa beiðni.

*Hvaðan kom innblásturinn fyrir hönnun þína?*

„Verum til er slagorð sem Krabbameinsfélagið notar í ár, mér fannst það fallegt og vildi nota það. Ég vildi halda í teikninguna sem er í slaufunni sjálfri. Nota bleikt og gull, persónulega finnst mér þeir litir passa einstaklega vel saman."

*Hvernig myndir þú lýsa bleiku slaufunni í ár?*

„Perluð slaufa með gullplatta með slagorðinu Verum til."

**Pabbi er fyrirmynd í leik og starfi**

*Hefur einhver í þinni fjölskyldu og nærumhverfi þurft að glíma við krabbamein?*

„Pabbi minn, Jón Reykdal listmálari, lést úr heilakrabbameini árið 2013 eftir mjög stutta baráttu, hann greinist og er farinn hálfu ári seinna. Hann var algjör fyrirmynd hvað varðar heilsu og að sjá vel um sig. Var á undan sinni samtíð hvað varðar mataræði, hreyfði sig reglulega og reykti aldrei. En lífið spyr ekki alltaf að því. Pabbi var og er mér mikil fyrirmynd í lífi og starfi. Það eru í dag átta ár síðan hann fór, ég hugsa til hans á hverjum degi."

Gaman er að geta þess að það er bleikt boð í Kiosk í dag, laugardaginn 2. október, klukkan 15-17 og eru allir velkomnir. Sérstök hátíðarútgáfa af bleiku slaufunni verður til sölu, en hún kemur í takmörkuðu magni. ■



Sóley Kristjánsdóttir.



Berglind Guðmundsdóttir.

Hægt er að kaupa slaufuna í helstu matvöruverslunum, apótekum, Krabbameinsfélaginu, á hlinreykdal.com og í versluninni Kiosk.



FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

HAMPIÐJAN

Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki í heiminum í þróun, sölu og þjónustu á framúrskarandi veiðarfærum til fiskiskipa. Fyrirtækið er jafnframt í fararbroddi í þróun og framleiðslu á ofurköðlum sem seldir eru víða um heim.

Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi í 15 löndum. Dótturfyrirtækin eru 28 talsins og starfsstöðvarnar eru 44 allt frá ysta odda Alaska til Nýja Sjálands. Hjá samstæðunni starfa nú um 1.160 starfsmenn.

## Umhverfisstjóri

**Við leitum að starfsmanni sem hefur mikinn áhuga og þekkingu á umhverfismálum til að leiða starf fyrirtækisins í umhverfismálum.**

**Starfssvið:**

- Innleiðing á umhverfisstefnu félagsins hjá fyrirtækjum samstæðunnar um allan heim.
- Yfirumsjón með umhverfisbókhaldi samstæðunnar.
- Greiningar á kolefnisspori veiðarfæra.
- Umsjón með útgáfu umhverfisskýrslu fyrirtækisins.
- Ábyrgð á og umsjón með umhverfisvottunum.
- Verkefnastjórn umbótaverkefna í umhverfismálum.
- Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum sem tengjast umhverfismálum.
- Upplýsingagjöf til fjárfesta og annarra aðila varðandi umhverfismál.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af umhverfismálum er nauðsynleg.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Þekking á veiðum og veiðarfærum er kostur.
- Tæknileg þekking ásamt góðri efnisþekkingu er mikilvæg.
- Drifkraftur, metnaður, framsýni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar eru mikils metnir.

intellecta

**Umsóknarfrestur er til og með 18. október 2021.**

**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda til að sinna starfinu rökstudd.**

**Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni og uppruna, eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.**

**Nánari upplýsingar veitir Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511-1225.**

HAMPIÐJAN

## Sérfræðingur í viðskiptaþróun

Klappir

**Við leitum að sérfræðingi í viðskiptaþróun til að takast á við fjölbreytt verkefni og stuðla að vexti félagsins bæði á Íslandi og erlendis. Um er að ræða einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða og hafa áhrif í baráttunni við hnattræna hlýnun.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini, samstarfsaðila og aðra hagaðila
- Verkefnastjórnun og samskipti við vöruþróunar- og þjónustuteymi
- Kynningar á hugmyndafræði og lausnum Klappa
- Samskipti og stuðningur við samstarfsmenn félagsins í Danmörku

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og/eða starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði sjálfbærni- og umhverfismála er kostur
- Drifkraftur og geta til að hreyfa við hlutum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og geta til þess að miðla flóknum upplýsingum á einfaldan hátt
- Rík þjónustulund, skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun
- Gott vald á bæði íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Klappir er hugbúnaðarfyrirtæki sem er leiðandi á heimsvísu í gagnadrifnum sjálfbærnilausnum.

Hugmyndafræði Klappa grundvallast á því að skapa stafræn vistkerfi þar sem aðilar deila á milli sín sjálfbærni-upplýsingum og þannig auðvelda fyrirtækjum að fá gott yfirlit yfir þróun sjálfbærnimála í rekstri sínum.

Hugbúnaðarlausnir Klappa eru í notkun hjá yfir 300 fyrirtækjum um heim allan og er stefnan sett á enn frekari vöxt á næstu misserum. Boðið er upp á skemmtilegt vinnuumhverfi með fjölbreyttum verkefnum og tækifærum til að hafa víðtæk samfélagsleg áhrif.

Nánari upplýsingar um Klappir má finna á www.klappir.com

Nánari upplýsingar veitir Einar Örn Ævarsson (einarorn@intellecta.is). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

ARNASON FAKTOR

# Lögfræðingur

*Árnason Faktor sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu við vernd hugverka með sérstaka áherslu á þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Starfsfólk okkar hefur áratuga reynslu á sviði hugverkaréttar og leggjum við mikla áherslu á þjálfun og þekkingaruppbyggingu. Starfsmenn fyrirtækisins hafa menntun og reynslu á sviði laga-, tækni-, raun- og hugvísinda.*

Árnason Faktor óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í sterku teymi starfsmanna fyrirtækisins.

**Starfssvið:**

- Almenn ráðgjöf á sviði hugverkaréttar og þá sérstaklega á sviði vörumerkja, hönnunar, léna og einkaleyfa.
- Almenn ráðgjöf hvað varðar önnur auðkenni og hugverk í atvinnustarfsemi.
- Almennt utanumhald og rekstur mála fyrir framangreind réttindi.
- Skrif greinargerða og rökstuðnings, samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila og stofnanir.
- Samningagerð og önnur lögfræðileg vinna sem tengist hugverkum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í lögfræði, cand.jur. eða meistaragráða (5 ára nám í lögfræði áskilið).
- Áhugi og þekking á hugverkarétti æskileg og þá sérstaklega hugverkarétti á sviði iðnaðar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Samskiptafærni og geta til að starfa í teymi.
- Skipulagshæfileikar, samviskusemi, sjálfstæði og áreiðanleiki.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Launafulltrúi

Íslensk fjárfesting ehf.

Íslensk fjárfesting óskar eftir að ráða reynslumikinn launafulltrúa. Ástæðan er mikill vöxtur félagsins og mun viðkomandi vera hluti af teymi sem ber ábyrgð á launavinnslu fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins og dótturfyrirtækja.

**Helstu verkefni**

- Launavinnsla og frágangur launa fyrir nokkur misstór fyrirtæki
- Túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd þeirra
- Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál
- Eftirfylgni og innheimta gagna
- Umsjón með skráningu launaupplýsinga í launakerfi
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda í málum tengdum mannauði og starfsmannahaldi s.s. vegna ráðningasamninga
- Ýmis skýrslugerð, greining, samantekt og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Skjalastýring persónulegra gagna starfsmanna
- Ábyrgð með umsýslu og innheimtu á gögnum
- Ábyrgð á skilagreinum og greiðslum til opinberra aðila, stéttarfélaga og annarra vegna launatengdra gjalda

**Hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af launavinnslu, kjaramálum, veikindarétti og öðru sem snýr að starfsmannamálum
- Haldgóð reynsla af H3 launavinnslukerfi, fræðsla og mannauður er skilyrði
- Góð almenn tölvuþekking - Kunnátta á My time plan er kostur
- Hæfni til að greina gögn og upplýsingar
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, nákvæmni og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og vilji til þess að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum
- Hæfni til að miðla þekkingu og upplýsingum á íslensku og ensku
- Þekking á persónuverndarreglum

Íslensk fjárfesting hefur markað sér þá stefnu að fjárfesta á þremur aðalsviðum: Ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og fasteignum.

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk.**

Nánari **upplýsingar** veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, ráðgjafi, **thordis@hagvangur.is**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

hagvangur.is

HAGVANGUR

**Byltingarkennd sýn og nýjar áherslur á rótgrónar hefðir!**

# Framkvæmdastjóri sölu- & markaðsmála

Framsækið fjártæknifyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu með byltingarkennda sýn og nýjar áherslur á rótgrónar hefðir leitar að stjórnanda til að leiða sölu- og markaðsstarf félagsins. Starfið felur í sér ábyrgð á tekjuöflun, skipulagningu og stefnumótun sölu- og markaðsmála ásamt uppbyggingu ímyndar. Viðkomandi þarf að brenna fyrir nýsköpun og breytingar sem bæta samfélagið.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á tekjuöflun og markaðssetningu.
- Mótun stefnu og yfirumsjón með sölu, markaðsmálum, vefmálum og samfélagsmiðlum.
- Uppbygging ímyndar og stafræn stefnumótun.
- Umsýsla efnissköpunar og hugmyndavinnu.
- Umsjón með hönnun markaðsefnis.
- Markaðsgreiningar, greining markhópa, leitarvélabestun og A/B prófanir.
- Þátttaka í þróun lausna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Brennandi áhugi á nútímatækni og næmt auga fyrir nýjungum og straumum og stefnu í markaðsmálum.
- Þekking og reynsla af stafrænni sölu, markaðssetningu, vefumsjón og samfélagsmiðlum.
- Góð færni í áætlanagerð, greiningartólum (SEO, Google Analytics, o.fl.) og A/B prófanir.
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Háskólapróf sem nýtist í starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

HARPA

# Mannauðs- og gæðastjóri

*Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera menningarmiðstöð fyrir alla landsmenn og áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna. Markmið félagsins er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni. Harpa hefur hlotið fjölda viðurkenninga og alþjóðlegra verðlauna fyrir byggingarlist og aðstöðu.*

*Harpa hefur mótað sér jafnréttisstefnu, hefur hlotið jafnlaunavottun og er jafnframt aðili að Jafnvægisvoginni. Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Sjá nánar um stefnur félagsins á www.harpa.is.*

Ert þú frábær í mannlegum samskiptum, með menntun og reynslu af mannauðs- og gæðamálum og langar að starfa á skemmtilegum vinnustað? Ef þessi lýsing passar við þig þá erum við mögulega að leita að þér.

Um er að ræða nýtt starf mannauðs- og gæðastjóra hjá Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. Hér er gullið tækifæri fyrir kröftugan einstakling sem vill taka þátt í að efla Hörpu sem enn betri vinnustað. Við leitum að jákvæðum, metnaðarfullum og hugmyndaríkum liðsmanni til að slást í góðan hóp. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á þróun og framkvæmd mannauðsstefnu og gæðamála.
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna.
- Persónuverndarfulltrúi og ábyrgð á jafnlaunakerfi félagsins.
- Umsjón með starfsþróunar-, vinnuverndar- og fræðslumálum.
- Mótun ferla og innleiðing umbótaverkefna.
- Árangursmælingar.
- Túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög og eftirlitsstofnanir.
- Önnur tengd verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur.
- Reynsla á sviði kjarnaverkefna starfsins.
- Reynsla af verkefnastjórnun og ferlavinnu.
- Mikil færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Metnaður til að ná árangri í starfi og góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni og geta til að vinna undir álagi.
- Mjög gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Viðskiptafræðingur í 100% starf

Skipavík í Stykkishólmi óskar að ráða öflugan viðskiptamenntaðan einstakling til að sinna og bera ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins.

**Starfssvið**

- Bókun reikninga, reikningagerð
- Afstemmingar á viðskiptamönnum og lánardrottnum
- Ýmis greiningarvinna
- Önnur skrifstofustörf eftir þörfum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði er æskileg
- Góð reynsla úr sambærilegu starfi
- Mjög góð reynsla í afstemmingum
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og skilningur til að vinna að ýmsum verkefnum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lífsgleði og jákvætt viðmót

SKIPAVÍK

Skipavík í Stykkishólmi er rótgróið fyrirtæki sem rekur verslun, vélsmiðju, dráttarbraut og kemur að fjölmörgum verkefnum í byggingariðnaði auk þess að þjónusta Norðurál á Grundartanga o.fl.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

Upplýsingar veita Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Framkvæmdastjóri

Brynja – Hússjóður ÖBÍ óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Hlutverk framkvæmdastjóra er að stjórna og samhæfa rekstur Brynju í þeim tilgangi að uppfylla sem best markmið félagsins. Leitað er að einstaklingi sem er gegnheill og hefur ríkan áhuga og skilning á mannréttindum öryrkja.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Yfirumsjón með bókhaldi og fjármálum
- Starfsmannamál
- Samskipti og samningagerð fyrir hönd stjórnar
- Undirbúningur og skipulagning stjórnarfunda
- Önnur verkefni í nánu samráði við formann og stjórn

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Þjónustulund og rík færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð
- Reynsla af samningagerð æskileg
- Reynsla af félagsmálastarfi kostur
- Traust orðspor

BRYNJA Leigufélag

Brynja – Hússjóður ÖBÍ var stofnaður 22. febrúar 1966.

Brynja er sjálfseignarstofnun sem á og rekur íbúðir fyrir öryrkja.

Nánari upplýsingar um starfsemina má fá á vefslóðinni **brynjaleigufelag.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Upplýsingar um starfið veita Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Skólameistari/ framkvæmdastjóri

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, óskar eftir að ráða skólameistara/framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum leiðtoga sem brennur af áhuga á menntamálum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Daglegur rekstur og áætlanagerð
- Stefnumótun og áframhaldandi þróun og nýsköpun í skólastarfi
- Mótun skólastarfs á grundvelli laga aðalnámskrár framhaldsskóla
- Yfirsýn og eftirfylgni með uppbyggingu námsbrauta
- Samskipti við nemendur, starfsfólk og stjórn
- Samningagerð og eftirfylgni með samningum

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kennsluréttindi kostur
- Menntun og/eða reynsla af þróun nýsköpunar í skólastarfi
- Menntun og/eða reynsla af uppbyggingu nýrra námsbrauta
- Marktæk reynsla af stjórnun og rekstri
- Ríkir samskiptahæfileikar
- Reynsla og þekking á stefnumótun og mótun framtíðarsýnar menntastofnana
- Gott vald á íslensku og ensku í bæði töluðu og rituðu máli
- Framúrskarandi leiðtogahæfileikar

Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er leiðandi og framsækið menntafyrirtæki á Suðurnesjum. Keilir hefur það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu.

Námið skiptist í fjögur sérhæfð meginsvið sem innihalda fjölbreytt námsframboð þar sem áhersla er á að laga sig að þörfum og kröfum nútímanemenda. Sviðin eru Háskólasetur, Flugakademía, Menntaskólinn og Heilsuakademía. Keilir starfar samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kennslu á framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á **hagvangur.is**. Umsóknarfrestur er til og með **17. október nk**.

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

HH RÁÐGJÖF

# REKSTRARSTJÓRI

Verslunarkeðja með gæludýravörur leitar að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum rekstrarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og áhuga á dýrum og dýravörum. Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Rekstrarstjóri þarf að hafa reynslu af verslunarrekstri, stjórnun og vera tilbúinn til að bera ábyrgð á daglegum rekstri, vinna undir álagi og takast á við ýmis verkefni til að leiða frekari vöxt félagsins.

### » Starfs- og ábyrgðarsvið

- Útbúa rekstraráætlanir og eftirfylgni með þeim
- Rekstrargreiningar
- Ábyrgð á daglegum rekstri verslana og vöruhúss
- Ábyrgð á birgðahaldi og innkaupum
- Ábyrgð á upplifun viðskiptavina
- Starfsmannastjórnun
- Yfirumsjón með markaðssetningu
- Önnur tilfallandi störf

### » Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærilegu er æskilegt
- Reynsla af verslunarrekstri æskileg
- Fjármálalæsi
- Stjórnunarreynsla
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund

Fyrirtækið starfrækir 5 verslanir á Íslandi. Athugið að þetta er reyklaus vinnustaður.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. október n.k. Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is.**
**Hulda Helgadóttir hjá HH Ráðgjöf hefur umsjón með ráðningu í starfið og veitir frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða í tölvupósti hhr@hhr.is**

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is




## VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

VERKÍS veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

2021 Framúrskarandi fyrirtæki

VERKÍS

Við erum að leita eftir kröftugum einstaklingi í starf fagleiðtoga til að leiða og samræma vinnubrögð fyrirtækisins við gerð kostnaðaráætlana. Einnig er hlutverk fagleiðtoga að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði kostnaðar- og verkáætlanagerðar tengdum hönnun og framkvæmd bygginga, samgangna, innviða og orku- og iðnaðarmannvirkja.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða byggingafræði
- Góð leiðtoga-, samskipta- og skipulagshæfni
- Víðtæk þekking á mannvirkjagerð, greiningu kostnaðar og gerð kostnaðaráætlana ásamt góðri þekkingu á gerð verkáætlana
- Umtalsverð reynsla við gerð kostnaðaráætlana og tilboðsgerð við mannvirkjagerð
- Staðgóð reynsla af framkvæmdum á byggingarstað
- Góð kunnátta á hugbúnaði við gerð verkáætlana, t.d. MS Project er æskileg
- Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur

**Nánari upplýsingar veita**
Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is
**Umsóknarfrestur er til og með 13. október. Sótt er um á umsokn.verkis.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

# Sérfræðistörf í hátækniframleiðslu

**Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888. Álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum.**

## Sérfræðingur í álframleiðslu

Við leitum að háskólamenntuðum sérfræðingi til starfa í tækniteymi álframleiðslu. Verkefnin miða að því að þróa framleiðsluferli með umbótum á búnaði og verklagi. Markmið tækniteymisins er að hámarka framleiðni á öruggan, vinnuvistvænan og umhverfisvænan hátt.

**Ábyrgð og verkefni**

- Bestun framleiðsluferla
- Þróun vél- og hugbúnaðar
- Þróun gagnadrifinna og sjálfvirkra lausna
- Lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa
- Tryggja stöðugar umbætur
- Innleiðing og eftirfylgni breytinga
- Styðja og þjálfa aðra starfsmenn

**Menntun, hæfni og reynsla**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem verkfræði, tæknifræði eða tölvunarfræði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af forritun, SQL og Power BI er kostur
- Þekking á vélbúnaði er kostur
- Reynsla af álframleiðslu er kostur

**Frekari upplýsingar um starfið veitir:**
Kristinn Már Ingimarsson
*kristinn.ingimarsson@alcoa.com*
Sími 470 7700

## Skipuleggjandi viðhalds

Áreiðanleikateymi Alcoa Fjarðaáls leitar að jákvæðum og drífandi liðsmanni í starf skipuleggjanda viðhalds. Markmiðið með starfinu er að skipulögð viðhaldsvinna hjá Fjarðaáli sé innt eins vel af hendi og frekast er kostur.

**Ábyrgð og verkefni**

- Skipuleggja viðhaldsvinnu í nánu samstarfi við framleiðslu- og viðhaldsteymi
- Áætla tíma, varahluti og annað sem þarf til að leysa viðhaldsvinnu af hendi
- Tryggja að viðhaldsverk séu unnin með gæði, hagkvæmni og öryggi að leiðarljósi
- Gera innkaupabeiðnir og leita tilboða í varahluti og viðhaldsverk
- Halda utan um viðhaldsgögn til frekari greiningar að verki loknu

**Menntun, hæfni og reynsla**

- Iðnmenntun eða önnur hagnýt menntun s.s. véliðnfræði
- Reynsla af skipulagningu viðhalds og áætlanagerð er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að skipuleggja vinnu og halda utan um verkefni
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Sterk öryggisvitund og lipurð í samskiptum

**Frekari upplýsingar um starfið veitir:**
Barði Westin
*bardi.westin1@alcoa.com*
Sími 470 7700

Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um störfin á **www.alcoa.is**.
**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 18. október 2021.**

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa




# Viðmótshönnuður (UI)

**Össur leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf viðmótshönnuðar fyrir stafrænar lausnir og vef fyrirtækisins.** Viðmótshönnuður er hluti af alþjóðlegu teymi sem vinnur þvert á deildir og á í miklum samskiptum við aðra hönnuði og hagaðila innan Össurar á helstu starfsstöðvum okkar. Við leitum að drífandi einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót sem brennur fyrir að bæta upplifun viðskiptavinarins og hefur á sama tíma næmt auga fyrir smáatriðum.

## STARFSSVIÐ

- Þátttaka og greining á hugmyndavinnu fyrir notendaupplifun
- Samskipti við aðra hönnuði sem og hagaðila innan Össurar
- Þátttaka í þróunarteymum og samvinna við aðrar deildir innan Össurar
- Stuðningur við sölu-, markaðs-, og þjónustudeildir í ferlum og viðmóti tengdum stafrænum lausnum
- Umsjón og forgangsröðun tækifæra fyrir stafrænar lausnir

## HÆFNISKRÖFUR

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Að lágmarki 3-5 ára reynsla í viðmótshönnun
- Góður skilningur á notendaupplifun
- Reynsla af hönnunarkerfum er kostur
- Góð þekking á hönnunartólum á borð við Adobe XD, Figma o.fl.
- Portfolio með fyrri verkum/vinnu
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Hæfileiki til að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum og þverfaglegri teymisvinnu
- Mjög góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk.**
Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.
Athugið að velja viðeigandi starf. For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3500 manns í 26 löndum.
Gildi félagsins eru: **Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki**

2017– 2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri



# Lagnaverslun BYKO Breidd

## Starfsmaður í verslun - birgðir og sítalning

Við leitum að öflugum starfsmanni til liðs við okkur í utanumhald með birgðum og framkvæmd sítalninga í lagnaverslun BYKO. Ef þú ert framsækinn og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Vinnutími er frá kl. 8-17 alla virka daga og fjórða hvern laugardag frá 10-14.

**Við leitum að einstaklingum með:**
- Reynslu af utanumhaldi með birgðum og talningum, kostur
- Þekkingu á lagnaefni, kostur
- Getu til að vinna sjálfstætt
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Íslenskukunnáttu í ræðu og riti, skilyrði

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Undirbúningur og framkvæmd sítalninga
- Eftirvinnsla talninga s.s. uppfæra birgðastöðu
- Umbætur á merkingum og framsetningu á vörum m.t.t. talninga

## Lagerstarfsmaður

Við leitum að öflugum starfsmanni til liðs við okkur í lagnaverslun BYKO í Breiddinni. Ef þú ert framsækinn og faglegur starfsmaður með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

Vinnutími er frá kl. 8-17 alla virka daga og fjórða hvern laugardag frá 10-14.

**Við leitum að einstaklingum með:**
- Þekkingu á lagnaefni, kostur
- Ríka þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Lyftarapróf, kostur
- Íslenskukunnátta, skilyrði

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Afgreiðsla til viðskiptavina
- Almenn lagerstörf
- Umhirða og eftirlit með tækjabúnaði og starfsstöð

Allar nánari upplýsingar veitir Árni B. Kvaran, verslunarstjóri, *arnibk@byko.is*
Umsóknarfrestur er til 15. október

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

## Metnaðarfull uppbygging hjá framsækknu fyrirtæki

# Skjalastjóri

Stórt og öflugt fyrirtæki leitar að metnaðarfullum skjalastjóra til að halda áfram uppbyggingu og þróun í skjalamálum fyrirtækisins. Viðkomandi starfar á fjármála- og mannauðssviði og fer fyrir teymi á sviði skjalastjórnunar, hefur umsjón með skjalastefnu og daglegum rekstri skjalasafnsins.

Um er að ræða spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki sem setur fyrirtækjamenningu og þjónustu viðskiptavina í fyrsta sæti. Góð laun í boði.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklagi við skjalastjórnun.
- Skipulag og umsjón með skjalasafni fyrirtækisins.
- Ábyrgð og þróun rafræns skjalastjórnunarkerfis.
- Tryggja að skjalavarsla og skjalastjórn félagsins uppfylli ytri kröfur.
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál.
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn um notkun skjalavistunarkerfis og verklag við skjalamál.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun.
- Reynsla af One Systems skjalavörslukerfinu er kostur.
- Hæfni til að leiða öflugt teymi á sviði skjalastjórnunar.
- Mjög góð alhliða þekking og reynsla á sviði tölvu- og upplýsingatækni.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskipta- og samvinnuhæfni.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



**Sjóvá**

## Ert þú snillingur í skjalastjórn?

Við leitum að sérfræðingi í skjalastjórn til að starfa í deild áhættustýringar og gæðamála. Viðkomandi mun leiða verkefni á sviði skjalastjórnar, vinna með skýjalausnir Microsoft og koma að þróun skjalastýringarkerfis okkar.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gísli Halldór Ingimundarson, forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála, **gisli.ingimundarson@sjova.is**, og Erla Björk Gísladóttir, mannauðssérfræðingur, **erla.gisladottir@sjova.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **11. október**.
Sótt er um starfið á **sjova.is/starfsumsoknir**.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

440 2000

**Við leitum að einstaklingi með**

- › menntun á sviði tölvunarfræði, bókasafns- og upplýsingafræði eða aðra menntun og reynslu sem nýtist í starfi
- › þekkingu á ISO 15489 skjalastjórnarstaðlinum, þekking á ISO 27001 öryggisstaðlinum er kostur
- › góða þekkingu á skjalalausnum frá Microsoft
- › nákvæm vinnubrögð, lausnamiðaða hugsun og færni í að vinna sjálfstætt
- › ríka þjónustulund og færni í að miðla þekkingu

**Starfið felur meðal annars í sér**

- › verkefnastýringu við hönnun, þróun og innleiðingu skjalakerfa
- › umsjón með flæði skjala, vistun þeirra, líftíma og förgun
- › ábyrgð á því að lögum og reglum sem varða skjalastjórnun sé fylgt
- › viðhald skjalavistunaráætlunar og annarra lýsigagna
- › skipulag og rekstur skjalasafna, sem og kennslu og ráðgjöf til starfsfólks
- › vinnu tengda áhættustýringu, ferla- og gæðamálum

Íslenska ánægjuvogin
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR Fyrirtæki ársins 2020
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

Jafnlaunamerkið
Jafnlaunamerki forsætisráðuneytisins







# Hagfræðingar

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða hagfræðinga á sviði hagfræði og peningastefnu.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Sviðið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamála* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

**Helstu verkefni:**

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í *Peningamál*
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðasviðum Seðlabankans

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistarapróf í hagfræði
- Reynsla af rannsóknum á sviði peninga- og þjóðhagfræði æskileg
- Reynsla af notkun tölfræðiforrita í hagrannsóknum æskileg
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku
- Góð hæfni í að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um störfin veita Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræði og peningastefnu (thorarinn.petursson@sedlabanki.is) og Erla Traustadóttir sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 6. október.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.


# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is



# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


**Öryggi | Samvinna | Framsækni**

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

# Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Staða framkvæmdastjóra hjúkrunar við Sjúkrahúsið á Akureyri er laus til umsóknar. Framkvæmdastjóri hjúkrunar gegnir einnig starfi framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs og er um 100% stöðu að ræða. Staðan veitist frá og með 1. nóvember 2021 eða eftir samkomulagi. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjóri hjúkrunar er faglegur forsvarsmaður hjúkrunar á sjúkrahúsinu. Um faglega ábyrgð vísast til 10 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Undir bráða- og þróunarsvið falla bráðalækningar, myndgreiningalækningar, rannsóknalækningar, unglæknar, bráðamóttaka, myndgreiningadeild, rannsóknadeild, deild mennta og vísinda, gæðamál og sýkingavarnir. Einnig fellur starfsemi Sjúkraflutningaskólans undir ábyrgðarsvið framkvæmdastjóra.

**Almennt um starfssvið framkvæmdastjóra**

- Forysta um þjónustu við sjúklinga
- Mótun stefnu og markmið hjúkrunar á sjúkrahúsinu
- Stuðningur við faglega þróun hjúkrunar og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða auk eflingar faglegrar þróunar allra annarra heilbrigðisstétta í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri bráða- og þróunarsviðs, fagleg ábyrgð á starfsemi sviðsins auk ábyrgðar á starfsmönnum sviðsins
- Samhæfing á starfsemi bráða- og þróunarsviðs við önnur svið
- Þátttaka í störfum framkvæmdastjórnar skv. nánari ákvörðun forstjóra og samábyrgðar í heildarrekstri

**Hæfnikröfur**

- Háskólanám í hjúkrunarfræði og íslenskt starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur
- Meistaranám í hjúkrun eða heilbrigðisvísindum
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum
- Leiðtogahæfni og lausnamiðuð nálgun á árangur
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins www.sak.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf með framtíðarsýn og rökstuðningi fyrir hæfni til að gegna tiltekinni stöðu. Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar, sbr. 36. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, metur hæfni umsækjenda. Ákvörðun um ráðningu mun byggjast á ráðningarviðtölum, innsendum gögnum, umsagnaraðilum og umsögn stöðunefndar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildigunnur Svavarsdóttir forstjóri, hildig@sak.is

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2021**

**Allar nánari upplýsingar á vef www.sak.is/atvinna**




# Global G&A Business Controller

**Össur is seeking a Global G&A Business Controller to join the Global FP&A and Business Control in Iceland team within Finance.** This team is responsible for providing business partnering and decision support to senior management across Össur's global functions.

## ROLE

- Partner with IT, Finance, HR and Facilities management to analyze and present financial performance
- Work to continuously develop financial management reporting for respective functions
- Support G&A management's decision making process by providing robust financial analytics and by acting as a trusted partner, on behalf of Finance, in guiding and challenging decisions
- Identify opportunities for continuous improvement that lower cost and increases scalability
- Lead the global platform of G&A controllers to align priorities and ways of working

## REQUIREMENTS

- Master's degree (e.g., MBA, Finance etc.) or Bachelor's degree plus equivalent experience
- Over six years of professional experience
- Prior experience working in Business Controlling roles preferred
- Proven record of working in financial or operational analytics roles
- Strong record of professional achievement
- Ability to communicate complex ideas, both verbally and in writing, in English
- Strong collaboration and influencing skills
- Strong analytical and problem-solving skills
- Ability to work independently in a highly structured manner

**Application period ends October 11th 2021.**

Please apply on our website: **ossur.is/mannaudur** under the appropriate position and in English.
We urge those interested to apply, regardless of gender and origin.
For further information contact our HR department by calling 515 1300.

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3500 employees in 26 countries worldwide.
The core values of the company are **Honesty – Frugality – Courage.**

2020



# Ert þú með gæðin á hreinu?

Sótt er um á **www.bl.is/atvinna**.

Umsóknarfrestur er til og með **17. október** 2021.

Nánari upplýsingar veitir
Hermann Jónsson:
**hermann.jonsson@bl.is**

## Starfsmaður í gæðaskoðun

Við óskum eftir að ráða til starfa nákvæman og vandvirkan starfsmann í gæðaskoðun. Starfið felst í að gæðaskoða bíla eftir viðgerð ásamt því að reynsluaka bílum eftir þörfum.

**Vinnutími:**
**Mán.–fim. .................. kl. 8.00–17.00**
**Fös. .............................. kl. 8.00–15.15**

**Hæfniskröfur:**
› Sveinspróf í bifvélavirkjun
› Reynsla af viðgerðum
› Góð tölvufærni
› Góð þjónustulund
› Sjálfstæði í starfi
› Nákvæm og öguð vinnubrögð
› Ökuréttindi

ENNEMM / SÍA / NM007687

Hjá BL vinnur fólk sem hefur metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



# Kjaramálafulltrúi

**Meginhlutverk kjaramálasviðs er að veita félagsmönnum Eflingar faglega, skilvirka og persónulega þjónustu. Undir sviðið heyrir þjónusta og móttaka einstaklinga varðandi launa- og kjaramál. Kjaramálafulltrúi veitir góða ráðgjöf og kynnir sér mismunandi aðstæður verkafólks og leitar leiða til að koma málum þeirra í réttan farveg. Við leitum að þjónustulunduðum og samviskusömum starfsmanni í hóp kjaramálasviðs þar sem starfa í dag 10 manns.**

### Helstu verkefni

- Samskipti og þjónusta við félagsmenn og atvinnurekendur
- Móttaka, svörun og eftirfylgni erinda félagsmanna
- Bréfaskriftir og kröfugerðir fyrir hönd félagsmanna
- Útreikningar á kröfum félagsmanna
- Samstarf við lögmenn félagsins og aðra aðila á vinnumarkaði

### Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Háskólapróf er kostur
- Reynsla og þekking á vinnumarkaðsmálum og kjarasamningum kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlæsi
- Rík þjónustulund og umburðarlyndi
- Skipulags- og greiningarhæfni og geta til að vinna undir álagi
- Góð tök á íslensku og ensku í ræðu og riti, önnur tungumálakunnátta mikill kostur
- Góð tölvukunnátta og reynsla í Office 365
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð

Sótt er um starfið á **alfred.is**. Umsóknarfrestur er til og með **15. október**. Nánari upplýsingar um starfið veitir **Elva Dögg Pálsdóttir**, mannauðsstjóri Eflingar, á **elvadogg@efling.is**

EFLING
*Barátta fyrir betra lífi*

Hjá Eflingu stéttarfélagi starfa um 60 starfsmenn á skrifstofu félagsins, í Guðrúnartúni 1 og útibúi Eflingar í Hveragerði. Félagið var stofnað árið 1998 og er eitt stærsta stéttarfélagið á landinu. Í dag eru félagsmenn um 28.000 og stór hluti félagsmanna er af erlendu bergi brotinn. Efling stéttarfélag gerir aðalkjarasamninga fyrir störf verkafólks og störf í þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Reykjahlíðarskóli

# Grunnskólakennari

**Laus er til umsóknar kennarastaða við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit frá 1. janúar – 1. júní 2022.**

Um er að ræða afleysingu í 70% starf (frí á föstudögum) umsjónarkennara 2. og 3. bekkjar.

**Hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Ábyrgð og stundvísi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að vinna með börnum og unglingum.

Reykjahlíðarskóli er framsækinn skóli með 39 nemendur í 1. – 10. bekk. Í skólanum er unnið með samkennslu árganga, samþættingu námsgreina og rafræna kennsluhætti og vinna kennarar oft verkefni saman þvert á árganga. Kennarar leitast við að haga skólastarfi í sem fyllstu samræmi við þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Kennarar hafa frelsi til að útfæra námsefni á þann hátt sem þeim þykir henta nemendum best með hliðsjón af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Í metnaðarfullri mannauðsstefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að boðið er upp á flutningsstyrk, heilsustyrk, launað frí fyrir barnshafandi konur síðasta mánuð meðgöngu, starfsaldurstengdar greiðslur o.fl. fyrir starfsfólk. Við erum fjölskylduvænt samfélag með öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Við erum heilsueflandi samfélag.

**Frekari upplýsingar veitir Hjördís Albertsdóttir skólastjóri hjordis@reykjahlidarskoli.is
Umsóknarfrestur er til 10. október 2021**

DISTICA




# METNAÐARFULLUR LEIÐTOGI VÖRUHÚSA DISTICA

Distica óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga sem deildarstjóra til að sjá um rekstur þriggja vöruhúsa Distica sem skiptast í sjö rekstrareiningar þar sem starfa um 70 manns. Deildarstjórinn er hluti af öflugum stjórnendahópi Distica og heyrir beint undir framkvæmdastjóra Distica.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum vöruhúsa Distica
- Ábyrgð á ferlum og bestun á flæði í rekstri vöruhúsa
- Skipulag vöruhúsa og stefnumótun til framtíðar
- Verkefnastýring og framkvæmd umbótaverkefna
- Gerð og rýni samninga við undirverktaka og mat á frammistöðu þeirra
- Þátttaka í rekstri gæðastjórnunarkerfis
- Ábyrgð á virkni upplýsingakerfa í vöruhúsum
- Gerð og ábyrgð á rekstraráætlunum
- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Virk þátttaka í framkvæmdastjórn Distica
- Ábyrgð á árangursmælikvörðum deildarinnar

### Menntun og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Afburða hæfni í samskiptum og stjórnun starfsmanna
- Reynsla af stjórnun er skilyrði
- Góð færni í notkun upplýsingakerfa
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Þekking á rekstri vöruhúsa og/eða lyfjadreifingar eða -framleiðslu æskileg
- Þekking á GMP/GDP kröfum kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

### UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 9. OKTÓBER NK.

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Distica, www.distica.is.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Júlía Rós Atladóttir, framkvæmdastjóri, juliaa@distica.is s. 665-7501 og Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is s. 897-1626.

Distica sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lyfjum og heilbrigðisvörum og hefur til þess leyfi frá Lyfjastofnun. Gæðakerfi fyrirtækisins er vottað samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001 og það uppfyllir einnig kröfur Evrópusambandsins um góða starfshætti í lyfjadreifingu (GDP). Distica er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Artasan, MEDOR, Vistor og Stoð.

**GILDI DISTICA ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI**

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

AFLTAK

## Rafvirki óskast

Fullt starf | Iðnaðarmenn

Sveinspróf, bílpróf og íslenskukunnátta skilyrði.
Umsóknarfrestur er til 10. október.

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman



# VIÐ LEITUM AÐ MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRA

**Kubbur óskar eftir þjónustulunduðum bílstjóra við sorphirðu í Vesturbyggð og á Tálknafirði.**

Bílstjóri tekur þátt í rekstri gámastöðva í Vesturbyggð og á Tálknafirði og þjónustar íbúa, fyrirtæki og sveitarfélög með losun á sorpi og endurvinnsluefnum. Hann aðstoðar starfsfólk í sorphirðu við losun tunna og gáma í sorphirðubíla og sækir flokkunarílát í garða og sorpgeymslur.

Bílstjóri er einnig hópstjóri sem leiðir vinnu við sorphirðu og kemur ábendingum og leiðbeiningum til bæjarbúa ef flokkun og umgengni við flokkunarílát er ábótavant.

Bílstjóri þarf að hafa ökuréttindi C. CE próf og vélapróf að auki væri kostur. Starfið krefst almenns heilbrigðis og getu til sinna starfinu og verkefnum því tengdu. Skemmtilegt og heilsusamlegt starf þar sem starfsfólk getur haft áhrif á umgengni við umhverfið.

Kubbur er fjölbreyttur starfsvettvangur þar sem lögð er áhersla á að starsfólk vilji umhverfi sínu vel og láti sitt ekki eftir liggja.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásmundur Einarsson, gæðastjóri á **asmundur@kubbur.is** eða í **síma 773-6810**

**Umsóknir sendist á kubbur@kubbur.is**
**Umsóknarfrestur er til 30. október**

**Kubbur ehf.** er endurvinnslufyrirtæki með starfssemi á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Bolungarvík og Ölfusi.

**kubbur.is**

KUBBUR
*Umhverfið er okkar*

---

Störf laus til umsóknar
## Kennsluráðgjafi – Skólaþjónusta Norðurþings

Skólaþjónusta Norðurþings veitir leik- og grunnskólum í Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Langanesbyggð skólaþjónustu samkvæmt 40. grein laga um grunnskóla og reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Megin viðfangsefni þjónustunnar er að styrkja skóla og starfsemi þeirra með ráðgjöf og stuðningi við þróun skólastarfs, kennslu- og nemendaráðgjöf, skimunum, greiningum, og eftirfylgni. Heildarfjöldi nemenda á þjónustusvæði Skólaþjónustu Norðurþings er um 650.

**Starfslýsing**
80-100% starf kennsluráðgjafa við Skólaþjónustu Norðurþings er laust til umsóknar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Helstu viðfangsefni kennsluráðgjafa er að styðja kennara og starfsfólk menntastofnana sveitarfélagsins við að innleiða skólastefnu sveitarfélagsins og þar með menntastefnu ríkisins.

Kennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf, handleiðslu og stuðningi við kennara og annað starfsfólk skólanna á þjónustusvæði sveitarfélagsins. Kennsluráðgjafi vinnur ásamt öðrum sérfræðingum skólaþjónustunnar og starfsfólki skólanna að því að bæta almennt gæði náms, kennslu og uppeldisstarfs með það markmið að komið verði betur til móts við þarfir allra barna í hvetjandi, persónumiðuðu og skemmtilegu námsumhverfi.

Kennsluráðgjafi vinnur með gæðaráðum skólanna að kerfisbundnum umbótum í samræmi við umbótaáætlanir, aðallega er varða nám og kennslu í grunnskólum og uppeldisstarf á leikskólastigi. Mikilvægt er að ávallt sé unnið að ákveðnum markmiðum með viðmiðum um árangur sem fylgt er eftir kerfisbundið og skráð með skýrum hætti.

Leitað er að kennsluráðgjafa sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að efla og bæta öflugt og metnaðarfullt skólastarf í samvinnu við annað starfsfólk Skólaþjónustu Norðurþings, starfsfólk skólanna, foreldra og nemendur. Leitað er eftir kennsluráðgjafa sem hefur sterka og faglega sýn á starfsemi leik- og grunnskóla.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennsluréttindi í leik- og grunnskóla er skilyrði.
- Víðtæk reynsla af kennslu í leik- og/eða grunnskóla er skilyrði.
- Þekking og reynsla af fjölbreyttum uppeldis- og kennsluaðferðum er skilyrði.
- Reynsla af kennsluráðgjöf við leik- og grunnskólakennara er kostur.
- Reynsla af samþættingu námsgreina, leiðsagnarnámi og hæfnimiðuðu námsmati er kostur.
- Reynsla og þekking af innra mati er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking og/eða reynsla af uppeldisstefnunni Jákvæður agi er kostur.
- Góð tölvukunnátta er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og góð samskiptahæfni er skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2021.**
Umsóknum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is .

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum á netfangið nordurthing@nordurthing.is

*Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.*

---

vistor




# VIÐSKIPTASTJÓRI

Vistor leitar að metnaðarfullum liðsmanni í sterka heild til að sinna krefjandi starfi viðskiptastjóra í einum af lyfjaklösum fyrirtækisins.

### Helstu verkefni
- Sala- og markaðssetning lyfja
- Greina og miðla upplýsingum um klínískar rannsóknir í tengslum við þróun og verkun lyfja á breiðum meðferðarsviðum
- Skipulagning fræðslufunda fyrir heilbrigðisstéttir
- Þátttaka í þjálfun, fundum og ráðstefnum erlendis
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samstarf við erlenda birgja
- Fylgja ströngum gæðakröfum í allri starfsemi

### Hæfniskröfur
- Háskólamenntun af heilbrigðissviði t.d. lyfjafræði eða hjúkrunarfræði
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða lýðheilsufræða er kostur
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum æskileg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og framsögutækni
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 10. OKTÓBER NK.

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu Vistor, www.vistor.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Þyri Emma Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri, thyri@vistor.is og Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Fyrirtækið er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, klínískar rannsóknir, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi.
Vistor er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Artasan, Distica, MEDOR og Stoð.

**GILDI VISTOR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI**




**Við leitum að reynslumiklum lögfræðingi í fjölbreytt og spennandi starf forstöðumanns þjónustu- og lögfræðisviðs.**

Viðkomandi ber ábyrgð á starfsleyfi Creditinfo gagnvart Persónuvernd og þarf því að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á persónuverndarlöggjöf (GDPR) og neytendalögum. Lögfræðingur heyrir beint undir framkvæmdastjóra og situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

Við erum teymi öflugra, alþjóðlegra sérfræðinga sem vinnur náið saman þvert á deildir og markaði. Umsækjendur þurfa því að hafa gott vald á íslensku og ensku og framúrskarandi samskipta- og leiðtogahæfni.

### ÁBYRGÐ Í STARFI

- Ábyrgð á hlítingu við lög, starfsleyfi og samningum við viðskiptavini og birgja.
- Ábyrgð á gerð umsagna, álitsgerða og greinargerða.
- Lögfræðileg ráðgöf.
- Samningagerð við viðskiptavini og birgja.
- Samskipti við Persónuvernd og aðra eftirlitsaðila.
- Samskipti við viðskiptavini.

### HÆFNISKRÖFUR

- Héraðsdómsréttindi.
- Þekking og reynsla á sviði persónu-verndarlaga og neytendalaga.
- Reynsla úr viðskiptalífinu, sér í lagi samningagerð.
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið **atvinna@creditinfo.is** merkt „Forstöðumaður þjónustu- og lögfræðisviðs". Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lára Sigurðardóttir, staðgengill framkvæmdastjóra, á annas@creditinfo.is.

Umsóknarfrestur er til og með **4. október 2021**.

Creditinfo er ört vaxandi, alþjóðlegt fyrirtæki á sviði miðlunar fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Tilgangur Creditinfo er að auka virði upplýsinga í þágu einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Á Íslandi vinnum við í samhentu teymi í verkefna-miðaðri vinnuaðstöðu. Starfsemin er ISO 27001 vottuð, allar okkar greiningar eru unnar í vöruhúsi gagna og markmið okkar er bættur árangur á hverjum degi. Hjá félaginu starfa um 40 manns hérlendis og tæplega 500 manns úti um allan heim.

CREDITINFO

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Urriðaholtsskóli**
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Leikskólinn Akrar**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Bæjarból**
- Leikskólakennari
- Starfmaður í stuðning með barni

**Leikskólinn Holtakot**
- Deildarstjóri

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi

**Leikskólinn Krakkakot**
- Deildarstjóri

**Leikskólinn Mánahvoll**
- Leikskólakennari

**Krókamýri – heimili fatlaðs fólks**
- Starfsmaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**




# Skemmtilegasta starfið!

Hafnarfjarðarbær óskar eftir starfsfólki í „skemmtilegasta starf sem hægt er að hugsa sér".

Sæktu um á:
**radningar.hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

---

GoNorth

## Sala og bókanir

Fullt starf | Ferðaþjónusta

Metnaðarfullt starfsfólk óskast í bókanir og sölu hjá GoNorth. Umsóknarfrestur er til 11.10. 2021

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

---

## Garðyrkjufulltrúi óskast

Fullt starf | Sérfræðingur

Leitað er eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Umsóknarfrestur er til 6. október.

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

---

COUNCIL OF EUROPE
CONSEIL DE L'EUROPE

## WORKING TOGETHER TO MAKE EUROPE GROW

**Lawyers – Iceland (e33/2021)**
**European Court of Human Rights – Strasbourg**

Based in Strasbourg, France, the European Court of Human Rights is an international court set up in 1959. It rules on individual or State applications alleging violations of the civil and political rights set out in the European Convention on Human Rights.

Working in a Legal Division, you will be responsible for case files to be processed in English or French. Principal duties include examining and dealing with applications and cases; advice to applicants on admissibility; preparation of case files for submission and necessary documentation for meetings; presentation of applications; drafting legal documents and dealing with correspondence with applicants or authorities. As part of your role, you will participate in meetings and in the supervision of trainee and assistant lawyers. Finally, you'll represent the Court at outside events.

Together with a university degree in law of a standard permitting access, either on the basis of qualifications or after passing a competitive examination, to the judicial administration or legal professions in Iceland, you will have at least two years of experience in the legal field (preferably in the judicial service) gained in Iceland or internationally. This will have given you thorough knowledge of Iceland's legal system and proven ability to handle cases in other jurisdictions, backed by a broad knowledge of constitutional law. Speaking and writing Icelandic at mother-tongue level, it is essential that you have a good command of both English and French, as well as a high level of integrity, independence and loyalty.

Applications should be made in English or French using the Council of Europe online application system at **www.coe-recruitment.com** before the deadline of **11 October 2021**.

COUNCIL OF EUROPE
CONSEIL DE L'EUROPE

---

# Öflugur liðsmaður óskast í mötuneyti Skattsins

**Skatturinn leitar að jákvæðum, áhugasömum og dugmiklum einstaklingi til starfa í mötuneyti embættisins á starfsstöð þess að Laugavegi 166. Um fullt starf er að ræða, tímabundið til eins árs, en með möguleika á framlengingu ef aðstæður leyfa.**
**Tveir starfsmenn starfa nú þegar í mötuneytinu við móttöku, fulleldun og framreiðslu matar, undirbúning funda, uppvask, frágang og þrif auk annarra tilfallandi verkefna.**

**Hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Fáguð framkoma og snyrtimennska.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Áhugi á hollri matargerð.
- Stundvísi og reglusemi.
- Hæfileiki til að vinna undir álagi.
- Reynsla af starfi í mötuneyti er æskileg.
- Ekki er gerð krafa um formlega menntun á sviði framreiðslu.
- Gerð er krafa um reyklausan starfsmann.

Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, *skatturinn.is*, eða á vefsíðu Starfatorgs, *starfatorg.is*. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir skal fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun taka mið af gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Sameykis - stéttarfélags í almannaþjónustu.

Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Gunnarsdóttir í síma 442-1000 eða í gegnum tölvupóst á netfangið *kristin.gunn@skatturinn.is***

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.**

Skatturinn | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

---



# Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

**Fjölskyldu- og barnamálasvið**
- **Sérfræðingur í velferðarmálum**

**Grunnskóli**
- **Íslenskukennari á unglingast.** – Skarðshlíðarskóli
- **Íslenska sem annað mál 60%** – Hraunvallaskóli
- **Skóla- og frístundaliði** - Áslandsskóli, Engidalsskóli
- **Þroskaþjálfi / Iðjuþjálfi** – Lækjarskóli

**Leikskóli**
- **Aðstoð í eldhús** – Arnarberg
- **Leikskólakennarar** - Arnarberg, Álfasteinn, Hlíðarberg, Hlíðarendi, Hörðuvellir, Norðurberg
- **Leikskólakennarar í 50-100% starf** - Víðivellir
- **Sérkennslustjóri** - Hraunvallaleikskóli

**Málefni fatlaðs fólks**
- **Starfsmaður á heimili** - Smárahvammur
- **Starfsmaður í vaktavinnu** - Heimili fatlaðs fólks
- **Þroskaþjálfi í vaktavinnu** - Heimili fatlaðs fólks

Nánari upplýsingar á:
**Hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

---



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Ert þú tæknifræðingur eða verkfræðingur?

Iðn- og tæknifræðideild Háskólans í Reykjavík auglýsir eftir tæknifræðingi eða verkfræðingi á véla- og orkusvið deildarinnar.

**Starfssvið:**

– Kennsla á véla- og orkusviði við iðn- og tæknifræðideild.
– Mótun kennslu í námskeiðum á sviðinu.
– Þátttaka í stefnu og starfi deildar sem og almennu kynningarstarfi.

**Hæfniskröfur:**

– Menntun sem tæknifræðingur eða meistaragráða í vélaverkfræði eða tengdum fögum.
– Sérhæfing á sviði orkutækni og vélahönnunar er kostur.
– Reynsla af kennslu er kostur.
– Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
– Góð kunnátta í ensku og íslensku í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hera Grímsdóttir, forseti iðn- og tæknifræðideildar, **hera@ru.is**, eða Indriði Sævar Ríkharðsson, fagstjóri véla- og orkusviðs, **ind@ru.is**. Umsóknum ásamt starfsferilskrá, afriti af viðeigandi prófskírteinum, yfirliti yfir starfsreynslu og reynslu af kennslu og tveimur nöfnum á meðmælendum, skal skilað á ráðningarvef Háskólans í Reykjavík, **jobs.50skills.com/ru/is**, fyrir 11. október 2021. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegur 1 | 101 Reykjavík | S: 599 6200 | **hr.is**



# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

# KREFJANDI SÉRFRÆÐISTÖRF Í SÍKVIKU STARFSUMHVERFI

## LÁNAUMSÝSLA OG BÓKHALD

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Lánaumsýsla vegna lánamála ríkisins ásamt bókhaldsþjónustu
- Framþróun ferla og verklags

### HÆFNIKRÖFUR

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Reynsla af bakvinnslu/bókhaldi lána og tengdra þátta er kostur
- Þekking á lánakerfi LIBRA er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð byggð á metnaði og árangri
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

## BÓKHALD

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón og eftirlit með bókhaldi tiltekinna stofnana og fjárlagaliða
- Afstemmingar og uppgjör á bókhaldi
- Framþróun ferla og verklags

### HÆFNIKRÖFUR

- Háskólagráða á sviði viðskiptafræði af fjármála- eða endurskoðunarsviði
- Reynsla af bókhaldsvinnu og gagnaúrvinnslu
- Þekking á Orra er kostur
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Góð kunnátta á Excel og helstu notendaforrit

GRÆN SKREF

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Sótt er um störfin á starfatorg.is
Við ráðningu er farið eftir jafnréttisstefnu FJS
Starfshlutfall er 100% - Umsóknarfrestur er til og með 04.10.2021
Laun skv. gildandi kjarasamningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS

Nánari upplýsingar veitir:
Pétur Ó. Einarsson • petur.einarsson@fjs.is • 545-7500
Starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi skal fylgja þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda til að gegna starfinu

www.fjs.is

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála
Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna
Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkis sjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

fjs Fjársýsla ríkisins

HH RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

## ATVINNUVEFUR MEÐ RÁÐNINGARKERFI *aðeins 24.500 kr.**

**Á atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

### » Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

### » Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

### » Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín nær til allt að 35.000 einstaklinga sem eru skráðir hjá HH Ráðgjöf í atvinnuleit.**

## RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**Í ráðningarþjónustunni veitum við heildaraðstoð við ráðningarferlið. Sérfræðingar okkar sjá um alla úrvinnslu.**

### » Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna

### » Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið

### » Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði mannauðsmála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun

**Verð án virðisaukaskatts.*

HH RÁÐGJÖF

www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

## Verkefnastjóri Borgarlínu



Starf verkefnastjóra Borgarlínu er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Verkefnastjóri Borgarlínu ber ábyrgð á verkefnastofu Borgarlínu hjá Vegagerðinni í Garðabæ og þeim verkum sem eru unnin þar. Verkefnastofa Borgarlínu heyrir undir höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar. Verkefnastjórinn ber ábyrgð á undirbúningi og áætlanagerð vegna framkvæmda tengdri Borgarlínu, samþættingu verkefnisáætlana, yfirsýn og stýringu mannafla. Einnig upplýsingagjöf til stjórnenda og hagsmunaaðila.

Verkefni Borgarlínu falla undir Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga og eru samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Betri samgangna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Víðtæk og árangursrík reynsla af því að stýra umfangsmiklum verkefnum með ólíkum hagaðilum.
- Farsæl reynsla af undirbúningi framkvæmda og áætlanagerð stórra verkefna
- Framúrskarandi leiðtogi með góða samskiptahæfileika og reynslu í að stýra teymum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, lausnamiðuð nálgun og færni til að sjá heildarmyndina.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla í að koma fram og kynna flókin verkefni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bryndís Friðriksdóttir svæðisstjóri höfuðborgarsvæðisins í síma 522 1000.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.vegagerdin.is**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.



## Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Laust er til umsóknar starf skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða 100% starf innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum í skipulags- og umhverfismálum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
Skipulags –og umhverfisfulltrúi hefur umsjón með skipulags-, umhverfis- og náttúruverndarmálum sveitarfélagsins, þjónustu við íbúa og ráðgjöf fyrir bæjarstjórn, fagráð og nefndir og vinnur skv. samþykktum þeirra. skipulags- og umhverfisfulltrúi hefur eftirlit og ábyrgð með því að lögum og reglugerðum um umhverfis- og skipulagsmál sé framfylgt.

**Eftirfarandi heyrir m.a. undir verkefna- og ábyrgðarsvið skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar:**

- Skipulagsgerð og útgáfa framkvæmdaleyfa.
- Umsjón með umferðar- og samgöngumálum.
- Umsjón með umhverfis- og hreinlætismálum sveitarfélagsins.
- Umsjón með náttúruverndarmálum í sveitarfélaginu.
- Umsjón með opnum svæðum, gróðursetningu og uppgræðslu.
- Umsjón með merkingu og kortlagningu útivistarsvæða og gönguleiða í sveitarfélaginu.
- Umsjón verkefna er varða gróðurvernd.
- Gerð starfs- rekstrar-, og framkvæmdaáætlana fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna, úrvinnslu og upplýsingagjöf, stefnumótun, þróun verklags og þjónustugæða. Skipulags- og umhverfisfulltrúi er starfsmaður Umhverfis- og skipulagsráðs. Skipulags- og umhverfisfulltrúi starfar á umhverfis- og framkvæmdasviði og lýtur stjórn framkvæmdastjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og viðeigandi réttindi til að annast skipulagsgerð skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking og reynsla af skipulags- og umhverfismálum er æskileg.
- Reynsla af störfum í opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Reynsla af þátttöku í stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvu og enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs á netfanginu olisnorra@vestmannaeyjar.is

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hvatning er til allra áhugasama einstaklinga, óháð kyni, til að sækja um starfið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr 150/2020.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skulu sendar á netfangið olisnorra@vestmannaeyjar.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

**Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.**

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

intellecta.is

RÁÐNINGAR



RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta

AFLTAK

## Rafvirki óskast

Fullt starf | Iðnaðarmenn

Sveinspróf, bílpróf og íslenskukunnátta skilyrði.
Umsóknarfrestur er til 10. október.

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

---

ALÞINGI

## Umsóknir um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2022

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota árið 2022.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu Jónshúss: **jonshus.dk** (Fræðimannsíbúð).

**Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu Alþingis eigi síðar en þriðjudaginn 2. nóvember nk.**

---

## TIL LEIGU

**Heilsárshús ( sumarhús) í Nátthaga 18 við golfvöllinn milli Sandgerðis og Garðs.**

Húsið er timburhús 65 fermetrar að grunnfleti með 30 fermetra rúmmgóðu efra lofti.
Á neðri hæðinni eru, góð forstofa, 3 herbergi, rúmmgóð dagstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu og þvottavél.

Umhverfis húsið er rúmmgóður sólpallur með potti.
Húsið er tengt rafmagni og hitaveitu með hita í gólfi.
Húsið er laust til ábúðar frá 1. nóvember n.k.

Þeir sem áhuga hafa og óska eftir frekari upplýsingum, vinsamlegast sendi tölvupóst á netfangið **oskar.karlsson@oscarsfish.lv**

**Óskað er eftir að eftirfarandi upplýsingar fylgi:**
- Full nafn, kennitala og símanúner og /eða póstfang.
- Núverandi vinnustaður og fyrri vinnustaður er ef við á.
- Meðmæli a.m.k tveggja meðmælenda.
- Gerð er krafa um reglusemi, og góða umgengni svo og um áreiðanleika og sklivísar greiðslur.

---

# Sérfræðistörf á sviði skatteftirlits

**Skatturinn leitar að öflugum liðsauka til starfa á starfsstöð Skattsins á Laugavegi 166 og til að slást í hóp frábærra starfsmanna á eftirlitssviði þar sem helstu verkefni felast í endurákvörðun opinberra gjalda hjá lögaðilum og einstaklingum þegar til skoðunar hafa verið möguleg skattundanskot og vantaldir skattstofnar.**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, lögfræði eða hagfræði (lágmarksmenntun er bakkalár gráða en meistaragráða er æskileg).
- Þekking á reikningsskilum, málsmeðferðarreglum og almennri skattframkvæmd er æskileg.
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli er skilyrði, önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður.
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, *skatturinn.is*, eða á vefsíðu Starfatorgs, *starfatorg.is*. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Starfshlutfall er 100%.

Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Skjaldarson í síma 442-1000 eða í tölvupósti á netfangið *stefan.skjaldarson@skatturinn.is***

**Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.**

Skatturinn | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00 | JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

---



## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

## Auglýst útboð
## Íþróttamannvirki – Borg í Grímsnesi, forval

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir þátttakendum í forvali til að taka þátt í lokuðu alútboði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á íþróttamiðstöðinni á Borg í Grímsnesi. Farið verður yfir allar umsóknir og hæfi og geta umsækjanda metin út frá þeim upplýsingum sem þeir leggja fram með umsókn sinni.

Fyrirhuguð er stækkun á núverandi íþróttamiðstöð að Borg í Grímsnesi. Nýbygging skal vera á tveimur hæðum, annarsvegar íþróttasalur á neðri hæð þar sem hægt verður að stunda líkamsrækt og hinsvegar skrifstofurými á efri hæð hússins.

Heildarstærð íþróttamiðstöðvar verður um 590 m2.

Verkkaupi hefur sett byggingunni og starfsemi hennar sjálfbærnimarkmið sem mikilvægt er að fylgja eftir. Lögð er megináhersla á að verkið verði unnið á sem hagkvæmastan hátt.

Alútboð þetta nær yfir verkfræðihönnun og reisingu hússins.
Verkkaupi mun ráða arkitekt til verksins.

Heiti verkefnisins er: **Íþróttamannvirki – Borg í Grímsnesi**

**Helstu verkþættir eru:**
- Verkfræðihönnun húss
- Byggingarleyfisumsókn
- Jarðvinna
- Undirstöður, burðarvirki og ytra byrði
- Frágangur utanhúss,
- Frágangur innanhúss, þ.m.t. íþróttagólfs og uppsetning á föstum búnaði
Í meira en 100 ár hefur Dale Carnegie þróað aðferðir sem hjálpa þér að nýta hæfileika þína og yfirstíga það sem heldur aftur af þér. Námskeiðin henta því vel samhliða námi eða vinnu til að læra „allt hitt“ og ná þannig betri árangri í lífi og starf

| **Staðbundin námskeið:** | **Hefst:** |
|---|---|
| Áhrifaríkar kynningar | 14. okt. |
| Árangursrík sala | 26. okt. |
| Dale Carnegie kvöldnámskeið | 12. okt. |
| Dale Carnegie morgunnámskeið | 13. okt. |
| Dale Carnegie 3ja daga | 8. okt. |
| Dale Carnegie á Akureyri | 11. okt. |
| Dale á milli starfa | 6. okt |
| Dale fyrir 20 til 25 ára | 11. okt. |
| Leiðtogahæfni | 6. okt. |
| Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur | 12. okt. |

| **Live Online námskeið:** | **Hefst:** |
|---|---|
| Dale Carnegie kvöldnámskeið | 9. nóv. |
| Dale á milli starfa | 3. nóv. |
| Leiðtogafærni | 19. okt. |

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is

Rannsóknarfyrirtækið Training Industry sem er leiðandi á heimsvísu hefur ítrekað valið Dale Carnegie sem eitt af 20 bestu þjálfunarfyrirtækjum í heimi.

2021 WATCH LIST COMPANY ONLINE LEARNING LIBRARY TRAINING INDUSTRY

2021 TOP 20 COMPANY LEADERSHIP TRAINING TRAINING INDUSTRY

Dale Carnegie

**Skráðu þig strax á dale.is**

Copyright © 2020 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Ad_25x38c_092921

» ágreiningur sem sé eðlilegt í svo stórum hópi. „Það var ekkert hægt að ætlast til þess að þessi hópur sem var fenginn til að leika í stuttmynd myndi lifa lengi sem hljómsveit en hún hefur samt gert það með Bigga Veiru sem skipstjóra," segir Daníel og vísar til Birgis Þórarinssonar.

„Allir sem komu að þessu í upphafi voru með einhvers konar tónlistarlegan bakgrunn og lög uppi í erminni en okkur langaði að finna einhvern raftónlistarmann til að vinna með og leist best á Bigga Veiru og Magga Legó og þeir voru til í þetta rugl," segir Daníel og þeir Magnús hlæja báðir.

„Raftónlist var alveg ný fyrir öllum þarna og ég man að þetta var rosalega nýtt fyrir mér, ég var bara svona kumbaya gítarleikari og skildi ekki þennan heim," segir Magnús og Daníel tekur undir. „Aðgengileiki þess að gera raftónlist varð miklu meiri á þessum tíma út af tækninni. Það varð miklu auðveldara að forrita, sampla og vinna með tölvu í tengslum við tónlist. Þegar maður var búinn að setja tónlistina í tölvuna gat maður leikið sér svo mikið með hana og möguleikarnir virtust allt í einu endalausir," segir hann.

**Raftónlistin frelsandi**

Þeir segjast báðir semja tónlist að miklu leyti í tölvu sem veiti mikið frelsi í sköpuninni.

„Við gerum báðir mikið af því í dag að semja þannig frekar en að setjast niður með kassagítarinn. Þá setur maður bara fyrsta hamarinn í gang með bassatrommunni og byrjar að vinna hugmyndir út frá því. Flæðið er svo óheft og maður þarf ekki að leggja á minnið einhverja hljóma," útskýrir Daníel.

„Allt í einu hefur maður aðgang að mörgum stílum, ég var til dæmis ekki beint að semja í diskó, funk eða house áður en ég fann þennan rafheim. Það er ekki fyrr en eftir að ég þroskast í gegnum GusGus-ferlið og fer að vinna meira með Magga Legó að ég finn mitt jive, ég hefði aldrei kynnst þessu ef ég hefði ekki farið í þessa rannsóknarferð," segir Magnús.

**Ekki of gamlir**

Daníel og Magnús hafa báðir mestallt sitt líf unnið að tónlist og listsköpun. Þeir eru báðir komnir yfir fimmtugt, Daníel er fæddur árið 1969 og Magnús árið 1965. Þeir segjast ekki upplifa að þeir séu orðnir of gamlir til að halda áfram að skapa og taka þátt í raftónlistarsenunni.

„Mér finnst þetta vera þannig að um leið og ég ákveð að þetta sé komið nóg þá er ég dauður sköpunarlega séð, það er einhvern veginn ekki inni í myndinni að spyrja sig að þessu," segir Magnús.

„Lífið er stórskrítið og kemur manni stöðugt á óvart, bara það að fá að lifa því er ákveðið kraftaverk svo maður bara heldur áfram að kanna möguleikana og lifa," segir Daníel.

„Ef þú ákveður að vera listamaður þá held ég að það séu ákveðin formerki sem hreinlega fylgja starfinu, þú ert alltaf að þroskast og alltaf að halda áfram. Það er ekki í eðli listamanna að spyrja sig þannig spurninga um hvort maður sé of gamall eða ekki, það er kannski frekar samfélagið sem spyr að því og maður verður bara að ákveða að taka það ekki inn," segir Magnús.

„Það er náttúrulega ákveðin æskudýrkun í poppmenningunni en ég held að hugsunin sé að breytast og fólk hugsi meira um reynsluna og þekkinguna. Ef maður er nógu duglegur að finna nýja fleti á því sem maður er að gera þá kemur alltaf eitthvað sem hefur þann neista sem maður þarf til að þetta sé áhugavert og þess virði að vera eyða tíma fólks í þetta," segir Daníel.

Þeir eru sammála um að það séu forréttindi að fá að vinna við það sem veitir þeim ánægju og að starfið sé ekki kvöð. „Annars værum við hættir þessu rugli."

Þá segjast þeir þakklátir þeim sem hlusta og eru spenntir fyrir 25 ára afmælistónleikum GusGus sem fram fara í Hörpu í desember. „Það verður gaman að hitta alla aftur við þessar kringumstæður," segir Magnús.

**Kraftaverk**

Nýja lagið, Miracle, sem kom út í vikunni fjallar eins og nafnið gefur til kynna um kraftaverk. „Og um „haltu mér slepptu mér"-þemað sem við þekkjum flest í sambandsmálum og að stundum sé hreinlega ekkert sem bjargi því nema einhver utanaðkomandi kraftur eins og kraftaverk," segir Magnús en hann samdi textann við lagið.

Myndbandið við lagið var tekið upp á sólríkum degi síðastliðið sumar og var því leikstýrt af Hrund Atladóttur, sem einnig er kærasta Magnúsar. „Við höfum alltaf verið í góðu listrænu samtali," segir Magnús.

Myndbandið er tekið upp með tökuvél sem myndar 360 gráður og Daníel og Magnús héldu sjálfir á vélinni meðan á tökunum stóð. „Hrund sýndi mér þessa tækni og ég er svo gamaldags að ég trúði ekki að þessi tækni væri til," segir Magnús og hlær.

Tæknin gefur áhorfendum myndbandsins upplifun ólíka því sem við erum vön og kemur með ferskan sumarblæ inn í komandi vetur. „Þetta er svona funky diskótaktur sem á heima í sólskininu og við vorum mjög heppin með veður á tökudaginn enda búin að liggja yfir veðurspánni í marga, marga daga," segir Daníel. „Það var mjög tæpt að finna þennan góða dag," bætir Magnús við og vísar í hversu fáir björtu sumardagarnir voru á höfuðborgarsvæðinu.

**Hjólaskautafíkill**

Í myndbandinu sjást Magnús og Daníel í góðri sumarstemningu og þar sýnir Daníel einnig snilldartakta á hjólaskautum og liggur blaðamanni forvitni á að vita hvort skautað sé af reynslu. „Daníel er með geggjað mojo í þessu myndbandi og þegar við spurðum hann hvort hann kynni á hjólaskauta sagði hann bara: Já, ég var alltaf á hjólaskautum í gamla daga," segir Magnús.

„Ég var algjör hjólaskautafíkill," segir Daníel og brosir. „Þegar ég var táningur voru sko hjólaskautahallir hingað og þangað um bæinn. Þetta var ótrúlegur heimur og maður komst í ákveðið ástand við að fara hring eftir hring í höllinni við einhverja skemmtilega tónlist, oft diskótónlist eða einhverja danstónlist."

„Hugarástandið sem maður fór í var algjörlega dáleiðandi og maður sótti svo í þetta, að fara á hverjum einasta degi með skautana sína og spóla þarna hring eftir hring. Maður gat farið með sjálfum sér, þetta var sólósport, en það var hópur af fólki þarna, margt um manninn, ég þurfti ekki að fara með neinum, ég fór bara til að fara í þetta ástand," segir Daníel.

Aðspurður hvort hann hafi einnig verið á skautunum segist Magnús ekki eiga séns í Daníel. „Það var ein hjólaskautahöll í Kópavogi og ég fór einhvern tímann í hana en það er alveg ástæða fyrir því að Daníel gerði þetta í myndbandinu en ekki ég," segir hann hlæjandi.

Þeir félagar segja framhald eftir Dynomatic ekki ráðið, framtíðin leiði í ljós hvort þeir gefi fleiri lög út saman. Samstarfið hafi gengið vel og þeir njóti þess að vinna saman. „Við höfum alltaf verið góðir vinir og samstarf okkar í GusGus var mjög skemmtilegt," segir Daníel og aðspurðir segja þeir aldrei hafa komið upp ágreining þeirra á milli.

„Við vorum bara mesta að hlæja, af því að Maggi er svo óstjórnlega fyndinn. Hnyttinn og skemmtilegur náungi sem er gaman að vera í kringum," segir Daníel að lokum. ■



Daníel sló í gegn á hjólaskautunum í myndbandinu.



Myndbandið við lagið er tekið upp á 360° myndavél.



Hrund Atladóttir leikstýrði myndbandinu við Miracle sem var tekið upp á sólardegi í sumar. MYND/HRUND ATLADÓTTIR

> **Maður komst í ákveðið ástand við að fara hring eftir hring í höllinni.**
>
> Daníel Ágúst

> **Ef þú ákveður að vera listamaður þá held ég að það séu ákveðin formerki sem hreinlega fylgja starfinu.**
>
> Magnús



Gömlu GusGus-félagarnir: Daníel Ágúst, Stephan Stephensen og Biggi veira.





BYRJAÐU DAGINN Á
ALVÖRU ÍTALSKRI UPPLIFUN
Segafredo
ZANETTI
PAUSA
PREMIUM ITALIAN STYLE FILTER COFFEE
Segafredo er bragðmikið alvöru ítalskt kaffi.
Hvort sem þú velur malað, espresso, baunir
eða hylki getur þú treyst því að dagurinn hefst
með ríkulegu bragði í hæsta gæðaflokki.
Segafredo
ZANETTI




**Nýtt raftækjablað**
Skannaðu QR kóðann
og skoðaðu blaðið.

# Tilboðsvei



**Maja Ben**
veitir litaráðgjöf
í dag kl. 12-15
í Skútuvogi

## Litaráðgjöf

og afsláttur af LADY málningu

**25%**
**afsláttur**




## Parket og flísar

Ótrúlegt úrval

**25%**
**afsláttur**





## Pottaplöntur

Ný sending vikulega, fullt af flottum plöntum

**25%**
**afsláttur**

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

isla

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG



**Ís** fyrir alla
í Skútuvogi alla helgina
kl. 12-16




Ný og glæsileg heimilstækjadeild í Skútuvogi




# Raftækjadagar

Gildir til 17. október

**AEG**

**Þvottavél**
L6FBI48S
8 kg, 1400 snúninga, með kolalausum mótor, Prosense tækni sem viktar þyngd þvottar, velur þvottatíma, styttir þannig bæði tíma, vatn og orku.
1860502

**79.990 kr**
~~94.990 kr~~



eta since 1943 **20%**

**Brauðrist**
800W, hvít. 1851507

**3.990 kr**
~~4.990 kr~~





eta since 1943 **20%**

**Airfryer**
Franskar, kjöt, fiskur o.fl., hitar upp máltíðir og bakar, tekur 3,5 ltr., hitastillingu fyrir 80-200°C. 1851560

**11.990 kr**
~~14.990 kr~~

Þvottavélar • Þurrkarar • Smáraftæki • Ryksugur • Frystikistur
Ofnar • Helluborð • Kæli- og frystiskápar • Sjónvörp • Rafhjól
Rafmagnsnuddpottar • Inni- og útiljós ... og margt fleira

eta since 1943 • LG • AEG • Electrolux • Frigor • enox. enjoy life ÞÝSKT GÆÐAMERKI



Einlægar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra

**Hjálmars Jóhannessonar**

Siglufirði.

**Kolbrún Friðriksdóttir og fjölskylda.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Kristín Kristjánsdóttir**

Kirkjuvegi 1, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 28. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 8. október klukkan 12.00.

**Guðmundur H. Pétursson**
**Magnús B. Sveinsson** **Inga María Magnúsdóttir**
**Ingólfur Kr. Guðmundsson** **Diana Espinosa**
**Ragnar Már Guðmundsson** **Jóna Margrét Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Elskulegur bróðir okkar og faðir,

**Jón Björn Friðriksson**

málarameistari í Reykjavík, frá Ísafirði,

lést á Landspítalanum 13. september sl. og hefur útförin farið fram í kyrrþey. Við þökkum starfsfólki á gjörgæsludeild og A7 yndislega umönnun og vinum hans fallega vináttu.

**Bjarndís, Steinþór, Helgi Mar, Nína M. Jónsdóttir og fjölskyldur.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR ÚTR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN





Þórgnýr segir bjórmenningu Íslands blómstra og ný brugghús spretti upp eins og gorkúlur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kraftmikil útihátíð

Bjórhátíðin Af því bara stendur yfir í Borgarnesi um helgina. Skipuleggjandi segir mikla gerjun í bjórmenningu á Íslandi.

arnartomas@frettabladid.is

Útihátíðargestir, sem urðu munaðarlausir eftir takmarkanir sumarsins, geta tekið gleði sína á ný því bjórhátíðin Af því bara hófst í Borgarnesi í gærkvöldi og stendur yfir um helgina. Þessi sjálfskipaða síðasta útihátíð sumarsins er samvinnuverkefni BARA – Ölstofu lýðveldisins, þar sem hátíðin fer fram, og netverslunarinnar Bjórlands.

„Við höfum verið í sambandi um nokkurt skeið og átt ánægjulegt samstarf,“ segir Þórgnýr Thoroddsen, annar eigandi Bjórlands. „Þeirra hugmynd er að vera eingöngu með bjór frá litlu brugghúsunum og þeim datt í hug að halda sambærilega bjórhátíð og við vorum með á KEX í vor. Það er auðvitað fátt skemmtilegra en að halda hátíð.“

Þórgnýr segir að boðið verði upp á bjór á átta til níu krónum, sem eru fleiri kranar en hafa sést í héraðinu áður. Sértækari bjórar verða á flöskum og dósum fyrir ævintýragjarnari gesti. „Það verður svo ýmislegt í gangi þarna, tónlist, matur og annað,“ segir Þórgnýr. „Í dag verður svo haldið héraðsmeistaramót í hnífurskæri-blað, svo það verður til mikils að vinna!“

Þótt hátíðin hafi ekki verið hugsuð sem íslensk útgáfa af Októberfest segir Þórgnýr að það lýsi henni ágætlega. „Í mínum vinahóp forðum daga var það alltaf þannig að síðasta útipartí ársins var haldið í október, svo mér fannst það liggja vel við höggi að halda hana á þessum tíma.“



BARA - Ölstofa lýðveldisins opnaði fyrr í sumar og stendur þar sem Dússabar var til húsa. MYND/AÐSEND

> „Maður heyrir af nýju bruggverkefni mánaðarlega.

**Gorkúlur byltingarinnar**

Mikil endurreisn hefur átt sér stað í bjórmenningu Íslendinga á undanförnum árum og segir Þórgnýr að ný brugghús spretti upp eins og gorkúlur. „Maður heyrir af nýju bruggverkefni mánaðarlega,“ segir hann. „Sum þeirra eru innanhúss-brugghús eins og Drengsson á Vogum á Vatnsleysuströnd, önnur eru minni háttar brugghús eins og 6a á Akureyri, sem er að brugga í 100 lítra upplagi. Þetta eru allt brugghús sem eru að brugga stórkostlega stóra bjóra, en þau þurfa ekki að verða það stór til að ná nokkurri dreifingu.“

Eins og svo margar aðrar breytingar á Íslandi segir Þórgnýr að endurreisnina megi rekja til Bandaríkjanna.

„Þetta er hluti af þessari craft-byltingu sem átti sér stað þegar Kaninn ákvað að fara að brugga meiri bjór að sínu skapi með amerískum humlum. Þá varð þessi handverksbrugghúsa-sena til,“ útskýrir hann. „Þar sem Ísland er smá afdalur í veröldinni þá fór þetta aðeins seinna af stað hjá okkur en er komið á fullt flug núna.“

Upphafið á bruggbyltingu landans er venjulega miðað við stofnun Kalda brugghúss, en á fimmtán árum eru þau orðin á þriðja tug.

„Það er full vinna að fylgjast með þessu, sem er kannski sú þjónusta sem við hjá Bjórlandi erum að þjóða upp á,“ segir Þórgnýr. „Við erum með yfirsýn og tengingar og getum skaffað þá yfirsýn sem veitingastaðir þurfa að hafa yfir úrvalið hjá sér.“ ■



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Sigurðsson**

bifreiðastjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 18. september sl. Útför fór fram í kyrrþey að ósk Árna.

**Anna Guðmundsdóttir**
**Una Árnadóttir** **Jóngeir Eyrbekk Sigurðsson**
**Sigrún Árnadóttir** **Andri Árnason**
**Guðmunda Árnadóttir** **Ólafur Ellertsson**
**afa- og langafabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björgvin Runólfsson**

bóndi á Dvergasteini, Lindasíðu 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 19. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 4. október klukkan 13.00.

**Benedikt Björgvinsson**
**Vilborg Björgvinsdóttir** **Davíð Stefánsson**
**Jón Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Ráðgátuheimur í Gerðubergi

arnartomas@frettabladid.is

Borgarbókasafnið Gerðubergi er þessa dagana að umbreytast í dularfullan heim byggðan úr mörg þúsund bókum. Þar býðst gestum bókasafnsins að taka þátt í miserfiðum ratleikjum þar sem framvinda mála er ekki ráðin.

„Þegar allt var lokað í faraldrinum kom þessi hugmynd um að setja á svið einhvers konar ævintýraheim sem myndi fá inn nýtt fólk og gamlir bókasafnsgestir gætu upplifað safnið upp á nýtt. Að safnið væri orðið að einhvers konar leikvelli,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir, deildarstjóri safnsins.

Innblásturinn að ratleikjunum var að miklu leyti fenginn frá Þínum eiginbókum Ævars Þórs Benediktssonar og var hann fenginn til að leggja verkefninu lið.

Þá ákváðu sýningarstjórar safnsins, Embla og Svanhildur Halla, að allt yrði



Landsmenn gáfu safninu tugþúsundir bóka fyrir verkefnið.

> Þegar við kölluðum eftir gömlum bókum á samfélagsmiðlum var eins og við hefðum opnað öskju Pandóru.

búið til úr hlutum sem má finna á bókasafni. „Við förum þá í átak við að safna gömlum bókum, nýta gamlar merkingar og fleira,“ segir Ilmur. „Þegar við kölluðum eftir gömlum bókum á samfélagsmiðlum var eins og við hefðum opnað öskju Pandóru. Fólk sem býr á Íslandi á mikið af alls konar bókum sem streymdu til okkar, margar hverjar algjörar gersemar.“

Ilmur segir að tugir þúsunda bóka hafi fengist úr söfnuninni.

„Við náðum að fylla heilan sal sem er kannski um 200 fermetrar og byggðum úr honum þennan heim þar sem ráðgáturnar eiga sér stað.“

Ráðgáturnar eru þrjár talsins með ólíkum þemum, ævintýraþema, vísindaþema og hrollvekjuþema. Sameiginlegur ráðgátunum öllum er Gerðubergur gamli, sem er gestum innan handar.

„Ráðgáturnar eru í anda flóttahergbergja þar sem þú þarft að leysa eina ráðgátu til að komast að næstu stöð,“ segir Ilmur. „Við erum búin að prufukeyra leikinn á fullt af fullorðnu fólki sem hefur þótt þetta virkilega skemmtilegt.“

Ævintýragátan tekur um 20 mínútur að staðaldri en vísinda- og hrollvekjugáturnar um 40 mínútur. Ilmur segir fyrirhugað að ráðgáturnar standi gestum til boða fram til apríl á næsta ári.

Skráning í ráðgáturnar fer fram á vef Borgarbókasafnsins þar sem einnig er hægt að skrá skólahópa. ■

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurveig Guðjónsdóttir**

Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést laugardaginn 25. september á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 7. október klukkan 13, með nánustu fjölskyldu og vinum. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is. Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Sigríður Helga Sigfúsdóttir** **Jóhann Albert Finnbogason**
**Árni Sigfússon** **Ásta Huld Jónsdóttir**
**Guðjón Trausti Sigfússon** **Svandís Heiða Pálmadóttir**
**Björn Sigfússon** **Berglind Þorsteinsdóttir**
**Sigurður Ellert Sigfússon** **Ásdís Björg Björgvinsdóttir**
**ömmubörnin.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**Margrét Erla Halldórsdóttir**

lést á heimili sínu þann 19. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn þann 6. október kl. 15.

**Ísak Axelsson** **Guðbrandur H. Guðbrands.**
**Enok Ingþórsson** **Júlía Sól Káradóttir**
**Natalía Ósk Enoksdóttir**
**Guðmundur Kristmanns.** **Anna Marie Pollestad**
**Bryndís Ösp** **Einar Gunnar Karlsson**
**Kristmann Rúnar Guðmundsson**
**Sólfríð Dalsgaard Joensen** **Sigurþór Sigurþórsson**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðlaugur Árnason**

Árskógum 6, fyrrum bóndi að Eyrartúni Þykkvabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 27. september 2021. Útför fer fram frá Digraneskirkju 6. október kl. 13.00.

**Guðrún Guðnadóttir**
**Sigurjón Helgason**
**Guðni Guðlaugsson** **Hulda Guðmundsdóttir**
**Margrét Árný Guðlaugsdóttir** **Þorsteinn Jónasson**
**Pálína Kristín Guðlaugsdóttir** **Höskuldur Sæmundsson**
**Sæmundur Guðlaugsson** **Ragnhildur Ágústsdóttir**
**Guðbjörg Guðlaugsdóttir** **Bergþór Sveinsson**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og tengdaafi,

**Valdimar Ólafsson**

löggiltur endurskoðandi,

lést á Landspítalanum þann 16. september. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 7. október klukkan 13.

**Gígja Jóhannsdóttir**
**Jóhann Friðgeir Valdimarsson** **Íris Björk Viðarsdóttir**
**Valdimar Viktor Jóhannsson** **Ragnhildur Hauksdóttir**
**Viðar Snær Jóhannsson**
**Gígja Björk Jóhannsdóttir**

---



✝

Ástkær sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Tama Vestergaard Bjarnason**

Austurkór 67, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 23. september. Jarðarför verður í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gísli Þórðarson**
**Maj-Britt Vestergaard** **Guðmundur G. Haraldsson**
**Súsanna Helen Davíðsdóttir** **Skafti Gunnarsson**
**Sigríður Ása Davíðsdóttir**
**Kristín B. Davíðsdóttir** **Ásgeir Logi Ásgeirsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og kær vinkona,

**Ruth Bredahl Sörensen**

Lindasíðu 4, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 20. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 5. október kl. 13.00.

**Dan Jens Brynjarsson** **Björk Guðmundsdóttir**
**Elva Bredahl Brynjarsdóttir** **Hörður Lilliendahl**
**Brynjar Bredahl Brynjarsson** **Rán Lárusdóttir**
**barnabörn**
**Eiður Eiðsson**

---



✝

Ástkær bróðir og frændi,

**Bjarni Aðalsteinsson**

húsasmiður, Hjúkrunarheimilinu Bergi, Bolungarvík,

lést 29. september. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Lilja Guðný Aðalsteinsdóttir og aðrir ættingjar.**

---



✝

Hjartkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haukur Ingimarsson**

Boðaþingi 22,

lést 18. september. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**María Jóna Hauksdóttir** **Þorsteinn B. Sæmundsson**
**Haukur Sæmundur, Steinn Ingi og fjölskyldur.**

---



✝

Okkar ástkæri Finnbogi, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Finnbogi Jónsson**

verkfræðingur og fyrrv. framkvæmdastjóri, Helgamagrastræti 23, Akureyri,

lést í Vancouver í Kanada 9. september sl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. október kl. 15.00.

**Berglind Ásgeirsdóttir**
**Esther Finnbogadóttir** **Ólafur Georgsson**
**Ragna Finnbogadóttir** **Roberto Gonzalez Martinez**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Þökkum af alhug hlýjar kveðjur og samhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Ólafsdóttur**

leikskólakennara, Þorrasölum 5-7.

Vinum og vandamönnum þökkum við umhyggju og stuðning á meðan á veikindum hennar stóð. Starfsfólki LHS, blóð- og krabbameinslækningadeildar, líknardeildar og HERU er þakkað sérstaklega fyrir meðferð og umönnun.

**Magnús Halldórsson**
**Unnur Gyða Magnúsdóttir** **Maron Kristófersson**
**Ólafur Magnússon** **Rakel Ýr Sigurðardóttir**
**Halldór G. Magnússon** **Erna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Gunnarssonar**

frá Steinsstöðum, Akranesi.

Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilis Höfða fyrir hlýhug og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Sigurður Pétur Sigurðsson** **Kolbrún Gunnarsdóttir**
**Runólfur Þór Sigurðsson** **Soffía Örlygsdóttir**
**Guðmundur Gísli Sigurðsson** **Kristín Guðrún Jónsdóttir**
**Sigmundur G. Sigurðsson** **Guðríður Guðmundsdóttir**
**Sigurlín M. Sigurðardóttir** **Magnús Sverrisson**
**Helga Sigurðardóttir** **Halldór Karlsson**
**Guðráður Gunnar Sigurðsson** **Ása Líndal Hinriksdóttir**
**afabörnin og langafabörnin.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Jóhannsdóttir**

Hraunvangi 3,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 23. september. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 6. október kl. 13.00.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Rannveig Jónsdóttir** **Þórður Óskarsson**
**Ragnar Jóhann Jónsson** **Anna María Þórðardóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist farartálmi (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. október".

Lausnarorð síðustu viku var
**HAUSTMÁNUÐUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| K | L | E | T | T | A | B | O | R | G | A | | O | | B | | V | | B | |
| Ú | | I | | E | | L | | E | | F | E | R | Ð | A | F | É | L | A | G |
| S | E | N | D | I | T | Í | K | I | N | A | | Ð | | K | | L | | K | |
| T | | A | | N | | Ð | | Ð | | R | Ó | T | S | T | E | R | K | R | A |
| A | R | N | A | R | A | U | G | U | | S | | Ö | | E | | I | | Á | |
| S | | G | | É | | H | | M | Æ | L | I | K | E | R | | T | | S | |
| K | Ó | R | S | T | J | Ó | R | A | | Æ | | I | | Í | T | A | K | I | Ð |
| Á | | A | | T | | T | | N | E | M | E | N | D | U | R | | | N | |
| P | E | R | L | U | G | A | R | N | I | | R | | Á | R | A | D | R | A | G |
| | N | | Æ | | E | | Ó | | N | E | F | I | Ð | | F | | Á | | R |
| Á | G | I | R | N | I | S | T | | S | | Ð | | U | M | F | A | Ð | M | A |
| | L | | I | | M | | S | E | T | L | A | U | G | | Í | | S | | N |
| D | A | G | S | M | Ö | R | K | | A | | T | | A | S | K | M | E | N | N |
| | B | | V | | L | | E | I | K | A | R | T | R | É | | | T | | A |
| Þ | O | L | E | N | D | U | R | | U | | É | | | R | A | S | T | A | R |
| | S | | I | | | M | A | T | R | Á | Ð | N | U | M | | T | | F | |
| Ó | S | O | N | L | A | G | | Ó | | L | | Ý | | Á | | A | | L | |
| | I | | | Ó | | E | | R | | K | J | Ö | R | L | E | N | D | I | Ð |
| E | N | D | A | G | Ö | R | N | I | N | A | | L | | I | | D | | T | |
| | N | | | A | | Ð | | Ð | | N | | D | A | N | S | A | R | A | R |

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Gleðimerki hins einfalda gula manns (9)
**8** Alltaf jafn óstöðugt enda hvergi flatan flöt að finna (6)
**11** Dreg mann konungs fyrir rétt þrátt fyrir fínan titil (7)
**12** Mun snúa upp á handlegg ef þessi æfing klikkar (9)
**13** Var að kaupa hæl fyrir þessar aðstæður (6)
**14** Rýnir þú í smáa letrið sérðu að svona óværa vegur tonn (7)
**15** Glöð og reif – en bara smá (9)
**16** Tel fyrirfólk hafna jafnt fiskmetinu og fraukunum fremstu (12)
**17** Strituðu stíf af þreytu uns mannsefnið mætti (9)
**18** Aftur spillti A lausn rassgata (8)
**22** Brunar um braut án fleina (10)
**27** Þolir árabátur svona tíð? (5)
**30** Komum Huppu heim með Hoss og Ben (7)
**31** Segja bein hríðar leiða til deilna (10)
**32** Fá Leif og Láka fyrir gaurana sem þeir þurfa að skila (11)
**33** Halló, hún skýlir heilum her en alþýðlegra fljóð er vandfundið (10)
**35** Mun api ginna genginn snilling til að umrita nafn sitt? (8)
**39** Komnir með prófið, alsettir orðum (11)
**43** Nei, þau sættu sig við þá síðustu frá Ludwig van (6)
**44** Fuglinn heldur húsinu uppi (5)
**45** Ungur karlkyns kvenfugl í puntöskju (9)
**46** Hvað segirðu, viltu hafa þá mjúka, mennina þína? (6)
**49** Gera löngum gamla menn galna (7)
**50** Beindi sjónum mínum frá Erni að öðru verra (9)
**51** Eignast oft það sem sjaldan fæst (6)
**52** Held ég skrái þorpara í bók nöðru (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Nakið – frjálst og óháð tímarit á netinu (9)
**2** Snæði slöngukjöt og borga með skemmdri kartöflu (9)
**3** Vonast ekki eftir rugli góðra kvenna (9)
**4** Guð hinna stóru stjarna (9)
**5** Klút fyrir forföður Dana sér maður ekki á hverjum degi (7)
**6** Leita malarbíla en finn fróðleiksmenn (8)
**7** Úff, Sveinn, láttu ekki eins og úrþvætti (8)
**8** Hví ert þú að gera lítið úr pínuponsu? (8)
**9** Einhverjar þráðu enn meiri úrkomu þessa rigningatíð (9)
**10** Setur á miklar ræður um rakka (9)
**18** Varð fyrir óvæntri versnun út af hamarstungu (8)
**19** Hvernig tengist krónan pestinni? (7)
**20** Birtist þá bráðræði á bæjarhlaðinu, það var ljóta senan (7)
**21** Ráða fólk í lítil þorp (6)
**23** Þessi og engin önnur hafa flutt sjálfstætt fólk (7)
**24** Kerfisvinna kallar á gott tengslanet (7)
**25** Sá ítalski minnir einhvern veginn mest á hann (7)
**26** Kaupa MS og gjörbreyta því (7)
**28** Set línur á línu á sannkallaðri samsetningarlínu (9)
**29** Sá svaka kringlur og ljómandi kórónur á himni (9)
**34** Í alvöru, ellefta framhaldsræðan? (8)
**36** Svona sneiðar koma róti á eitrað frumefnið (7)
**37** Hinn torfarni slóði hindrar að ég flytji þessi fól (7)
**38** Fyrir nú utan að ég held ég sé með aðgang að Eystrasalti (7)
**39** Burt með átök sem slá allt út (6)
**40** Full út af Hallgerði, Gísla og Kriek (6)
**41** Flæmi krakka yfir grindverkið (6)
**42** Sulturinn á sér vísan stað (6)
**47** Gígja gefur tóninn: Halla sér! (4)
**48** Týni öllu sem ég tek til handargagns (4)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Bútabarátta

Opna lið Íslands var í mikilli baráttu allt Evrópumótið og hafnaði í 25. sæti af 31 þátttökuþjóð. Flestum hinum Norðurlandaþjóðunum gekk ágætlega og 8 efstu þjóðirnar unnu sér inn rétt til að keppa um heimsmeistaratitilinn um Bermúdaskálina. Þar á meðal voru Danir, Norðmenn og Svíar. Þau lönd eru öll með geysisterk landslið í Opna flokknum. Ísland mætti feiknasterku landsliði Svía í 28. umferð mótsins, í þessum flokki. Opna liðið okkar þurfti að þola tap í þeim leik, ca 3-17. Hins vegar græddum við á þessu spili í leiknum þar sem við unnum bútabaráttuna og vorum sagnhafar í báðar áttir. Norður var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ 1063
♥ G9
♦ G97
♣ Á9872

**Vestur**
♠ 72
♥ Á8432
♦ ÁK1063
♣ D

**Austur**
♠ D984
♥ K7
♦ D852
♣ 1053

**Suður**
♠ ÁKG5
♥ D1065
♦ 4
♣ KG64

Þar sem íslenska liðið sat NS, voru Hrannar og Sverrir, í þeim sætum (á móti Berthau-Hult) með öflugt vopn í fórum sínum sem kom að góðum notum. Eftir tvö pöss opnaði Sverrir í suður á tveimur tíglum. Það lýsti þriggja lita hönd og opnun með stuttum tígli. Vestur kom ekki inn á þá sögn og Hrannar sagði þrjú lauf og þar lauk sögnum. Þau voru ekki vandamál að vinna og unnust með yfirslag. Þar sem Guðjón Sigurjónsson og Stefán Stefánsson sátu AV, opnaði Peter Fredin á einu laufi á suðurhöndina. Guðjón sagði eitt hjarta, í vestur, norður (Sylvan) barðist í tvö lauf og Stefán doblaði á austurhöndina til að sýna einhvern styrk. Guðjón sagði þá tvo tígla yfir tveimur laufum, Fredin barðist í þrjú lauf á suðurhöndina og Guðjón sagði þrjá tígla. Þar lauk sögnum og samningurinn vannst auðveldlega. Það er oft mikilvægt að vinna bútabaráttuna. ■


FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Grunur, eftir Ashley Audrain**, frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Freygarður Þorsteinsson, Reykjavík.**



Lind stofnar sérstaka

# Atvinnuhúsnæðisdeild

## Lind Atvinnuhúsnæðisdeild

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.
Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu okkur tölvupóst á **atv@fastlind.is**

## Nánari upplýsingar veita



**Ísak V. Jóhansson**
Sölustjóri
822 5588
isak@fastlind.is



**Viðar Marinósson**
Lögg. fasteignasali
898 4477
vidar@fastlind.is



**Hannes Steindórsson**
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Lind fasteignasala • Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • 510 7900 • fastlind.is


SIR ARNAR GAUTI
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR
Virka daga kl. 18.30
Fréttavaktin
Fimmtudaga kl. 20.00
Sir Arnar Gauti
433.is
Þriðjudaga kl. 20.00
Matur og heimili
Þriðjudaga kl. 19.00
Markaðurinn
Miðvikudaga kl. 19.00
Fylgstu með íslenskri dagskrárgerð á Hringbraut í haust






**Mannamál**

Fimmtudaga kl. 19.00



**Ásamt:**

Saga og samfélag
Suðurnesjamagasín
Heima er bezt
og margt fleira.

Allir þættir í opinni dagskrá á **Hringbraut** og á **hringbraut.is**

HRINGBRAUT







## Veðurspá Laugardagur




Í dag verða stífar norðlægar áttir, 10-18 m/s. Rigning norðan og austanlands en skýjað með köflum syðra í dag en bjartara á morgun. Hiti 3-12 stig á láglendi, hlýjast sunnanlands en svalast á Vestfjörðum. ■

| | Sunnudagur | | Mánudagur | |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6° C | 7 ↓ | 6° C | 9 ↓ |
| Ísafjörður | 4° C | 15 ↙ | 3° C | 9 ↓ |
| Akureyri | 6° C | 9 ↘ | 5° C | 5 ↘ |
| Egilsstaðir | 7° C | 2 ↓ | 5° C | 7 ↘ |
| Kirkjubæjarklaustur | 2° C | 9 ↓ | 0° C | 17 → |

## Jörð á stöðugri hreyfingu



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
vedur
@frettabladid.is

Ysta lag jarðar kallast jarðskorpa. Með nákvæmum og endurteknum landmælingum yfir langan tíma má ákvarða ýmsar hreyfingar sem verða á jarðskorpunni. GPS-tæknin er gagnleg til að nema hreyfingar á jarðskorpunni. Með endurteknum og nákvæmum mælingum er hægt að sjá hreyfingar á jarðskorpuflekunum, hvort land rísi eða sígi. Þegar kvika brýtur sér leið upp í jarðskorpunni myndar hún þrýsting, landið rís og það er hægt að mæla.

GPS-mælingarnar eru tvenns konar. Annars vegar GPS-netmælingar þar sem mörgum GPS-mælum eru komið fyrir tímabundið í kringum jarðfræðilega áhugaverð svæði líkt og Geldingadali. Hins vegar GPS-mæla á fyrir fram föstum stöðum og mælt er í langan tíma. Til viðbótar þessu má nefna InSAR radarmælingar frá gervitunglum. Með þessum mælingum má greina aflögun jarðskorpunnar yfir stórt svæði. Þetta mátti vel greina áður en gosið í Geldingadölum hófst.

Einnig vil ég nefna þenslumælingar í jarðskorpunni. Þegar breytingar verða á spennuástandi jarðskorpunnar þá breytist rúmmál bergsins og þenslumælar nema það. Gasmælingar, svo sem á brennisteini og radoni segja líka ýmislegt. ■

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



TILBOÐ

Sérfræðingur
frá Eilersen
verður hjá okkur
um helgina

epal

eilersen

Skeifan 6




*Tilboðið gildir frá 29. september-2. október

# Mustang Mach-E féll á elgsprófinu

Náði ekki prófinu á 68 kílómetra hraða á meðan Tesla Model Y og Hyundai Ionic 5 flugu í gegn.

njall@frettabladid.is

Sænska bílatímaritið Teknikens Värld tók nokkra rafbíla í hið alræmda elgspróf á dögunum, en þar þurfa bílarnir að sveigja fram hjá keiluhindrun á 68-75 km hraða. Er þar verið að líkja eftir hugsanlegum aðstæðum er komið geta upp ef sveigja þarf skyndilega frá hættu. Þurfa bílarnir að komast í gegnum hindrunina á 72 km hraða til að standast raunina.

Þótti hinn nýi Ford Mustang Mach-E koma sérlega illa út úr prófinu en hann missti afturendann út úr beygjunni á 68 km hraða sem þýðir að hann hafi fallið á prófinu. Tveir aðrir bílar voru prófaðir á sama tíma og stóðu sig mun betur, en það voru Tesla Model Y og Hyundai Ionic 5. Náðu þeir að komast gegnum hindrunina á allt að 75 km hraða.

Mach-E er ekki eini rafbíllinn sem hefur staðið sig illa á elgsprófinu, en rafbílar eins og Renault Zoe og Jagúar I-Pace hafa einnig fallið á prófinu.

Að sögn bílstjórans í prófi Teknikens Värld, Linus Pröjtz, er afturenda bílsins um að kenna, en tölvubúnaður bílsins grípur of seint inn í með þessum afleiðingum. „Afturendi bílsins er mjög ótryggur en Tesla Model Y stóð sig mun betur. Mustang Mach-E fer ekki hraðar en 68 km í prófinu á meðan Tesla Model Y fer vel í gegn á 75 km hraða, sem er allt önnur hegðun. Önnur góð, hin vond,“ hafði Linus Pröjtz um málið að segja. ■



Eins og sjá má felldi afturhlutinn keilu á aðeins 68 km hraða í elgsprófinu alræmda. MYND/TEKNIKENS VÄRLD YOUTUBE

»

**Tveir aðrir bílar voru prófaðir á sama tíma og stóðu sig mun betur, en það voru Tesla Model Y og Ionic 5.**



Útlit bílsins er sótt til Prophecy-tilraunabílsins.

## Njósnamynd af Ionic 6 við prófanir

njall@frettabladid.is

Náðst hafa njósnamyndir af væntanlegum Ionic 6 í dulargervi, þar sem hann var við prófanir, en bíllinn verður frumsýndur á næsta ári. Honum er ætlað að stela sölu frá tesla Model 3 og verður byggður á E-GMP undirvagninum. Sá undirvagn er með 800 volta rafkerfi og getur tekið allt að 350 kW hleðslu, en með þannig hleðslustöð er hægt að hlaða 100 kílómetra drægi á aðeins fimm mínútum.

Búast má við að sexan fá sömu rafhlöður og Ionic 5 svo að ódýrasta útgáfan verður með 58 kWst rafhlöðu og 168 hestafla mótor við afturdrifið. Sá öflugasti verður með 73 kWst rafhlöðu og mótor við framdrifið líka og rúm 300 hestöfl alls. Þar sem Ionic 6 er minni bíll en fimman má búast við meira drægi eða eitthvað yfir 500 kílómetrum. ■

## Jeep Grand Cherokee kemur í tengiltvinnútgáfu fyrir Evrópu

njall@frettabladid.is

Jeep hefur frumsýnt styttri útgáfu Grand Cherokee jeppans í sinni fimmtu kynslóð. Um tengiltvinnútgáfu er að ræða sem koma mun á markað í Evrópu á seinni hluta næsta árs. Er það mögulegt vegna þess að bíllinn er byggður á nýjum undirvagni. Fær hann tveggja litra vél með forþjöppu ásamt rafmótor sem fær afl sitt frá 17 kWst rafhlöðu. Er það í grunninn sama útfærsla og í Wrangler 4xe jeppanum.

Bíllinn verður fáanlegur í fimm útfærslum, einnig Trailhawk-torfæruútgáfunni. Fá þeir allir sérstaka hlífðarpönnu undir rafhlöðuna svo að hún skemmist ekki. Trailhawk-útfærslan fær Quadra-Drive II drifbúnaðinn sem er millikassi með lággír. Með loftpúðafjöðrun verður veghæðin allt að 278 mm en vaðdýptin verður 610 mm. Öflugasta útfærslan fær 5,7 lítra V8 vél sem skilar 352 hestöflum. Innandyra verða komnir tveir 10,25 tommu skjáir ásamt afþreyingarkerfi fyrir aftari sætaröðina. ■



Fimm manna Grand Cherokee mun koma í tengiltvinnútfærslu á Evrópumarkað.

»

**Er það í grunninn sama útfærsla og í Wrangler 4xe jeppanum.**





# ILVA

## Afmæli

## SPARAÐU 25% AF ÖLLUM VÖRUM

## 29.SEPT. - 11. OKT.



**CALE BORÐLAMPI**
13.995 kr.
**NÚ 10.496 kr.**



**ALESSO VASAR 2 STÆRÐIR**
8.995 kr. **NÚ 6.746 kr.**
22.995 kr. **NÚ 17.246 kr.**





**VENUS LOFTLJÓS Ø50CM OG Ø70CM**
19.995 kr. **NÚ 14.996 kr.** 34.995 kr. **NÚ 26.246 kr.**

**NEPTUN SÓFABORÐ 2 SAMAN**
99.800 kr. **NÚ 74.850 kr.**



**NORRLAND BORÐSTOFUSTÓLL**
39.900 kr. **NÚ 29.925 kr.**



**FLORA BLÓMAVASI**
3.995 kr. **NÚ 2.996 kr.**



**SICILIA 3JA SÆTA SÓFI**
144.900 kr. **NÚ 108.675 kr.**

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN -

**FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18, laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Tvær rauðklæddar konur 1917.



Kolaburður í Reykjavík, 1919.




Hin ungu listasystkin, 1915.

# Fyrsti íslenski fjöllistamaðurinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Yfirlitssýning á verkum Muggs verður opnuð í dag, laugardaginn 2. október, í Listasafni Íslands. Sýningarstjóri er Kristín G. Guðnadóttir.

Guðmundur Thorsteinsson, alltaf kallaður Muggur, fæddist árið 1891. Hann nam myndlist við Konunglega listaháskólann 1911-1915. Listferill hans að námi loknu spannaði einungis tæp tíu ár, en hann lést úr berklum árið 1924.

Auk þess að fást við myndlist var Muggur einnig leikari og söngvari. Hann lék á sviði og söng gamanvísur en einnig lék hann aðalhlutverkið í kvikmyndinni Saga Borgarættarinnar sem frumsýnd var árið 1920.

Verkin á sýningunni, sem hefur yfirskriftina Muggur, eru í einkaeign og úr safneign Listasafns Íslands, en árið 1958 fékk safnið 46 myndverk eftir Mugg að gjöf frá danska listmálaranum Elof Risebye.

**Allir þættir myndsköpunar**

„Með þessari sýningu viljum við gefa breiðari og dýpri mynd af verkum Muggs en tíðkast hefur. Það eru 30 ár síðan síðast var haldin yfirlitssýning á verkum hans og þá var hann talinn svo slakur landslagsmálari að landslagsmyndir hans rötuðu ekki á sýninguna. Nú gerum við öllum þáttum myndsköpunar hans skil,“ segir Kristín Guðnadóttir sýningarstjóri.

„Þarna eru landslagsmyndir, þjóðlífsmyndir, ferðamyndir og myndskreytingar á þjóðsögum og ævintýrum, eins og Dimmalimm, og trúarleg verk. Síðast en ekki síst er á sýningunni heilmikið af útsaumsverkum og verkum sem Muggur vann í óhefðbundið efni. Á einni sýningu voru til dæmis dúkkur sem hann bjó til og það þótti ekki karlmannleg iðja að karlmenn sætu og saumuðu dúkkur. Þess vegna var Muggur talinn vera dútlari. Hann var jafnvel ekki tekinn alvarlega sem myndlistarmaður, sem er kolrangt mat því hann var á undan sinni samtíð. Verkið Flyðra á þessari sýningu er dæmi um framsækið verk Muggs, en það er búið til úr moldvörpuskinni og er eins og það hafi verið gert í gær.

> ”
> **Með þessari sýningu viljum við gefa breiðari og dýpri mynd af verkum Muggs en tíðkast hefur.**

Muggur var frásagnarmaður í eðli sínu og vildi segja sögu í verkum sínum en ekki mála olíulandslagsmyndir eins og kollegar hans gerðu. Hann var skammaður fyrir að vera ekki eins og hinir. Á þann hátt naut hann ekki sannmælis. Hann var ekki metinn að verðleikum sem landslagsmálari fyrr en seint og um síðir.“

**Fékkst við margt**

Kristín leggur ríka áherslu á hversu fjölhæfur Muggur var. „Ég sé hann sem fyrsta íslenska fjöllistamanninn. Hann fékkst við svo gríðarlega margt. Hann var myndlistarmaður en hann var líka skemmtikraftur, söng og lék á sviði. Eitt sinn dansaði hann dúkkudans, hann gerði margt áhugavert fyrir krakka og var á sinn hátt frumkvöðull í barnamenningu.“

